MANOJ TOM

Eldar indverskan lambakjötsrétt

• matur • helgin

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

GEÐHJÁLP

Ótrúlegur árangur náðst á 30 árum

Sérblað Geðhjálpar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

BÓKA LAGERSALA
Við flytjum lagerinn!
Gerðu bókakaupin á risamarkaði Forlagsins
Fiskislóð 39
Allir sem versla fá bókagjöf

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. október 2009 — 239. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Sigurinn kom á óvart

Maria Shramko sigraði í alþjóðlegri bakara-keppni í Rússlandi.

TÍMAMÓT 24

Hundamál

Uppruna „essassú"-orðskrípisins má rekja til þess þegar Pétur Jóhann talar við hundinn sinn.

FÓLK 38

Gunnar á gjafverði

FH þurfti einungis að greiða 1,5 milljónir króna fyrir Gunnar Má og aðeins meira fyrir Gunnleif.

ÍÞRÓTTIR 34

fyrir allar dætur
ömmur - mömmur - systur - vinkonur ...
Bleika slaufan er styrkur gegn krabbameini
Söfnunarmarkmið 45.000 slaufur
5 15 25 35 45 þúsund

VEÐRIÐ Í DAG



STORMUR! Í dag verður austanstormur sunnan og vestan til, annars eitthvað hægari. Lægir nokkuð syðra í kvöld. Rigning en úrkomulítið á Norðurlandi. Hiti 3-10 stig, hlýjast syðst.

VEÐUR 4

Óvissa um Helguvík bregðist lán til OR

Svar fjárfestingarbanka um lán til Orkuveitunnar ræður miklu um hvernig Helguvíkurverkefnið þróast. Synjun er talin áfall sem einnig hefði mjög neikvæð áhrif á aðra möguleika fyrirtækisins til að fjármagna virkjanir.

ORKUMÁL Áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) um virkjanaframkvæmdir eru í uppnámi, fáist ekki þrjátíu milljarða króna lán frá Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB) sem vilyrði er fyrir. Afgreiðslu lánsins var hafnað í júlí vegna óstöðugleika í efnahagslífinu.

Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, segir aðeins dagaspursmál hvenær EIB svari því hvort fyrirtækinu verði veitt lánið sem vilyrði var gefið fyrir á sínum tíma. Tvennt sé í spilunum. Fáist lánið verði gengið í að klára Hellisheiðarvirkjun en öfugt við áætlanir verði ekki ráðist í Hverahlíðarvirkjun fyrr en fjármögnun þess verkefnisins sé að fullu lokið. Fáist lánið hins vegar ekki muni það valda því að fjármögnun annars staðar frá verði erfið, sem skapi óvissu um framhaldið. „Við eigum því mikið undir því að fá þessa fyrirgreiðslu," segir Hjörleifur.

Á meðan beðið er svars frá EIB fundar sendinefnd í Japan um afhendingu á vélasamstæðum sem setja á niður í fyrrnefndum virkjunum, en fjármögnun þeirra tengist láninu frá EIB. Hugsanlega verður hætt við móttöku þeirra, sem þýðir fjárútlát og miklar tafir fyrir OR.

„Orkuveitan skiptir miklu máli í Helguvíkurverkefninu en fjármögnunarmálin eru í óvissu. Þetta er keðja stórra verkefna sem byggja hvert á öðru," segir Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytisins. Á fundi Samtaka atvinnulífsins um framkvæmdir í ljósi stöðugleikasáttmálans gerði Kristján grein fyrir stöðu stórra verkefna sem líkleg eru til að hafa áhrif á hagvöxt og atvinnu á næsta ári. Sagði hann að Orkuveitunni hefði gengið erfiðlega í samningaviðræðum við EIB. Eins og mál stæðu ríkti því nokkur óvissa um Helguvíkurverkefnið.

- shá / sjá síðu 6

GENGIÐ Í ÞÁGU GIGTVEIKRA Það var föngulegur hópur sem tók þátt í gigtargöngu frá Lækjartorgi upp á Skólavörðuholt í heldur óskemmtilegu veðri síðdegis í gær. Gigtarfélagið stóð fyrir göngunni til að vekja athygli á því að gigtarsjúkdómar herja á börn og ungmenni en ekki eingöngu á eldra fólk. Jóhanna Guðrún Eurovision-stjarna var meðal göngumanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JEVGENÍ DSJÚGASVÍLÍ Sonarsonur Jósefs Stalín er ósáttur við orðspor afa síns. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússnesku dagblaði stefnt:

Afabarnið segir Stalín ræðan

RÚSSLAND, AP Jevgení Dsjúgasvílí, sonarsonur harðstjórans Jósefs Stalín, krefst skaðabóta frá dagblaðinu Novaja Gazeta. Réttarhöld í málinu hófust í gær í Moskvu.

Blaðið hélt því fram í apríl að Stalín hefði sjálfur undirritað fyrirskipanir um aftökur þúsunda manna, bæði sovéskra ríkisborgara og útlendinga.

Dsjúgasvílí segir blaðið með þessu varpa rýrð á orðspor afa síns. Síðustu misseri hefur andstaða Rússa við gagnrýni á Stalín vaxið. - gb

Íslenskur danshöfundur:

Sýnir í nýju galleríi Hirsts

FÓLK Jóhann Björgvinsson danshöfundur setur upp verk á opnun hinnar árlegu Frieze Art Fair-listahátíð sem haldin er í London nú í október. Opnunin er á vegum tískutímaritsins POP og verður haldin í nýju galleríi sem er í eigu listamannsins Damiens Hirst.

Jóhann hefur verið búsettur í London síðastliðin fjögur ár og hefur meðal annars sett upp sýningar í Victoria and Albert Museum, The Shunt og The Place. Verkið sem sýnt verður á opnuninni er byggt á kvikmyndinni Crash eftir leikstjórann David Cronenberg. - sm / sjá síðu 30

Icesave gæti farið fyrir þingið án þess að ríkisstjórnin hafi vissu um afdrifin:

Litlar líkur á sátt um 2024-ákvæðið

STJÓRNMÁL Óraunhæft er að ætla að Bretar og Hollendingar fallist á svokallað 2024-ákvæði laganna um ríkisábyrgð vegna Icesave-málsins.

Lánssamningarnir ná til ársins 2024 og í lögum Alþingis frá því í ágústlok er kveðið á um að sérstaklega skuli semja ef stefnir í að lánin verði ekki að fullu greidd þá.

Því ætla viðsemjendur okkar ekki að una heldur krefjast þess að nú þegar verði gengið frá höndlun eftirstöðva, ef einhverjar verða.

Á hinn bóginn hafa viðræður síðustu daga og vikna leitt af sér að hugsanlega verður Icesave-lögunum gjörbylt og meginefni þeirra gert að fyrirvörum við samninga-na við Breta og Hollendinga. Eftir gætu því staðið mun einfaldari lög en nú er.

Að sama skapi virðast Bretar og Hollendingar ætla að fallast á að íslensk stjórnvöld áskilji sér rétt til að leita álits dómstóla á réttmæti greiðslukrafna en það stóð í þeim lengi vel.

Á vettvangi ríkisstjórnarinnar er unnið að öflun meirihlutastuðnings við fyrirhugaðar lagabreytingar. Á það einkum við um þingflokk VG. Að öðrum kosti eru líkur á að stjórnin láti kylfu ráða kasti og freisti þess að afla málinu stuðnings út fyrir eigin raðir. - bþs, kóp

lagerútsala!

Bak við Holtagarða!!
Betra BAK

6 tommu bátur
349 krónur
Kafbátur mánaðarins • október
Skinkubátur
SUBWAY

SPURNING DAGSINS

Valli, var Stebbi farinn að láta eins og fíbbbl?

„Neinei.“

Stefán Karl Guðjónsson trymbill hefur sagt skilið við Fræbbblana vegna langvarandi ósættis við Valgarð Guðjónsson söngvara.

Seðlabankastjóri vildi lækka stýrivextina en varð undir í peningastefnunefnd:

Telja stöðugleikasáttmála uppfylltan

FJÁRMÁL Már Guðmundsson seðlabankastjóri vildi lækka stýrivexti úr 12,0 prósentum í 11,5 prósent þegar peningastefnunefnd bankans ræddi síðast um vextina á fundi 24. september.

Í fundargerð nefndarinnar segir að Már hafi lagt lækkunina til í ljósi umræðunnar í þjóðfélaginu. Samfara breytingum á öðrum vöxtum yrði heildaraðhald peningastefnunnar óbreytt. Þrír af fimm nefndarmönnum greiddu hins vegar atkvæði gegn tillögunni og stýrivextir héldust óbreyttir. „Þeir vildu fara varlega og töldu nauðsynlegt að fleiri úrlausnarefni yrðu leidd til lykta áður en þessir vextir yrðu lækkaðir,“ segir í fundargerðinni. Næsti vaxtaákvörðunardagur er 5. nóvember.

Peningastefnunefndin telur Seðlabankann þegar uppfylla skilmála stöðuleikasáttmála hins opinbera og aðila vinnumarkaðarins um að stýrivextir færi niður í eins stafs tölu fyrir 1. nóvember 2009. Það sé vegna þess að innlánsvextir Seðlabankans séu um þessar mundir hinn rétti mælikvarði á aðhaldsstig peningastefnunnar. Innlánsvextirnir eru 9,5 prósent. „Flestir markaðsaðilar vita að innlánsvextir bankans eru um þessar mundir eðlilegri mælikvarði á aðhaldsstigið,“ segir í fundargerðinni. **- gar**

STÝRVEXTIR KYNNTIR Seðlabankastjóri og peningastefnunefnd kynntu síðustu vaxtaákvörðun 25. september.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Flokksþing íhaldsmanna:

Cameron boðar erfiða tíma

BRETLAND, AP David Cameron, leiðtogi breskra íhaldsmanna, segist þurfa að beita þjóðina hörðum efnahagsaðgerðum til þess að koma þjóðinni út úr efnahagsþrengingum.

Eftir erfiðleikatíma muni hins vegar birta til, sagði Cameron í ræðu sinni á ársþingi breska Íhaldsflokksins í gær. Skoðanakannanir benda til þess að hann muni vinna yfirburðasigur í þingkosningum, sem efna þarf til ekki síðar en næsta sumar.

„Það er á brattann að sækja, en ég segi ykkur þetta: útsýnið á toppnum verður þess virði,“ sagði hann. **- gb**

Gylfi Arnbjörnsson:

Býr sig undir launastríð

KJARAMÁL „Ef þið viljið stríð, þá munuð þið fá stríð,“ sagði Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, á þingi Starfsgreinasambandsins í gær.

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Hann sagði Stöðugleikasáttmálann í uppnámi og augljóst að þolinmæði atvinnurekenda gagnvart úrræðaleysi stjórnvalda væri á þrotum. Hins vegar myndi verkalýðshreyfingin ekki taka því þegjandi ef atvinnurekendur létu það bitna á launafólki.

„Ef þið segið upp kjarasamningi og hafið af láglaunafólki réttmætar launahækkanir mun verkalýðshreyfingin beita afli sínu til þess að tryggja að til þeirra hækkana muni koma. Allt annað verður lagt til hliðar á meðan.“ - gb

Venjulegar skuldir í hendur handrukkara

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú tvö mál þar sem almennir borgarar hafa kært handrukkara fyrir innheimtu lögmætra skulda. Ríkislögreglustjóri segir menn að verki sem þekktir séu úr undirheimunum.

LÖGREGLUMÁL Handrukkarar eru farnir að banka upp á hjá fólki til að rukka það um skuldir sem stofnað er til með lögmætum hætti. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur tvö slík mál til rannsóknar.

„Innheimta“ af þessu tagi hefur hingað til að mestu verið bundin við fíkniefnaskuldir eða skuldir sem eru tilkomnar með ólögmætum hætti og þá tengdar viðskiptum í fíkniefnaheiminum, en nú eru almennir borgarar farnir að verða fyrir barðinu á henni. Lögregla telur að svona málum eigi eftir að fjölga. Skuldir af þessu tagi eru til að mynda í formi vangoldinnar húsaleigu eða skulda vegna bílakaupa, svo dæmi séu nefnd,

„Fyrirliggjandi eru upplýsingar hjá embættinu þess efnis að þessi þróun sé orðin að veruleika,“ segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri, spurður hvort vitneskja um handrukkanir vegna lögmætra skulda liggi fyrir hjá embættinu. Spurður hvort þessa iðju stundi einstaklingar eða hópar segir ríkislögreglustjóri embættið hafa upplýsingar um að þar sé bæði um að ræða einstaklinga og hópa sem þekktir séu úr undirheimunum.

Ríkislögreglustjóri telur að í því erfiða efnahagsástandi sem nú ríki sé sú hætta fyrir hendi að svokölluðum handrukkunum, það sé innheimtu skulda með hótun eða beitingu ofbeldis, muni fjölga.

„Fram til þessa hefur þess háttar innheimtustarfsemi aðallega tengst fíkniefnaskuldum, en nú eru vísbendingar um að slíkum aðferðum sé einnig beitt við innheimtu annarra og hefðbundnari skulda þegar viðtekin úrræði hafa ekki skilað árangri,“ segir ríkislögreglustjóri. Hann bendir jafnframt á að greiningardeild embættisins hafi strax í febrúar varað við þessari þróun samfara efnahagsástandinu sem nú ríkir í landinu.

Haraldur hvetur fólk sem verður fyrir slíkri refsiverðri hátttsemi eindregið til að leita til lögreglu.

HANDRUKKARAR Hafa fært út kvíarnar og ógna nú fólki til að innheimta lögmætar skuldir, svo sem vangoldna húsaleigu eða bílaskuldir, svo dæmi séu nefnd. Myndin er sviðsett.

HARALDUR JOHANNESSEN Ríkislögreglustjóri segir handrukkun á almenna borgara orðna að veruleika.



VIÐ NÝHÖFN Í KAUPMANNAHÖFN Amagerbanki berst þessa dagana við að uppfylla lausafjárkröfur fjármálaeftirlitsins þar í landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Lausafjárvandi Amagerbanken:

Danskur banki fær gálgafrest

DANMÖRK Danski bankinn Amagerbanken hefur frest til þriðja næsta mánaðar til að auka lausafé sitt og uppfylla þar með kröfur danska fjármálaeftirlitsins um 13,6 prósenta lausafjárhlutfall.

Bankinn er ósáttur við kröfur eftirlitsins, að því er Berlingske Tidende greindi frá í gær, og telur að tæplega 9,5 prósenta lausafjárhlutfall ætti að nægja. Þá vildi bankinn leyna lausafjárvandanum, en verð á hlutabréfum bankans hrundi í gær eftir að upplýst var um málið.

Uppfylli bankinn ekki kröfur fjármálaeftirlitsins fær hann ekki heldur aðgang að neyðaraðstoðarpakka danskra stjórnvalda til þarlendra banka. **- óká**

Gengi krónu í lágmarki:

Evran sjaldan verið dýrari

EFNAHAGSMÁL Evran hefur sjaldan verið dýrari en í gær, þegar gengi krónunnar náði lægðum sem varla hafa sést síðan í byrjun desember á síðasta ári.

Miðgengi evrunnar í gær var 184,35 krónur samkvæmt viðmiðunargengi Seðlabankans.

Bandaríkjadalur kostaði 124,82 krónur og danska krónan stóð í 24,764.

Samkvæmt Morgunkornum Íslandsbanka í gær hafði Seðlabankinn ekkert gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn í þessum mánuði, og aðeins tvisvar sinnum í síðasta mánuði. **- gb**

Harmleikurinn í Hörðalandi:

Fórnarlambið er á batavegi

LÖGREGLUMÁL Konan sem varð fyrir alvarlegri líkamsárás af hendi fyrrverandi eiginmanns síns í Hörðalandi í fyrradag er á batavegi. Hún er nú komin úr öndunarvél, en liggur þó enn á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi.

Fyrrverandi eiginmaður konunnar veitti henni alvarlega höfuðáverka, áður en hann hringdi í lögregluna og tilkynnti að hún væri við dauðans dyr. Því næst drakk hann ætandi efni, líklega stífluleyði, sem dró hann til dauða. - sh

SPARAÐU!

SÖLU LEIKHÚSKORTA LÝKUR 9. OKTÓBER

Fjögurra sýninga leikhúskort kostar aðeins 9.900 kr.

Fjögurra sýninga kort fyrir 25 ára og yngri kostar aðeins 5.900 kr.

Þriggja forsýninga Forskotskort í Kassann kostar aðeins 3.000 kr.

Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þingmaður Hreyfingarinnar skerpir á einbeitingunni með talnaþraut á Alþingi:

Ræður Sudoku undir fjárlögunum

ALÞINGI „Það er svo ljómandi gott þegar maður er að hlusta,“ segir Margrét Tryggvadóttir, alþingismaður Hreyfingarinnar, sem í gær sat í þingsal og réði japanskar Sudoku-talnaþrautir þegar umræður fóru fram um fjárlagafrumvarpið.

Margrét segir frábært að hafa eitthvað eins og Sudoku fyrir framan sig á meðan hún er að hlusta. „Annars dett ég bara út,“ útskýrir hún.

Margrét bendir á að á þingi sitji ekki allir í salnum allan tímann heldur séu að fást við ýmislegt annað líka. „Fólk er til dæmis að fara í gegnum póstinn sinn og skoða gemsana.“ **- gar**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞRAUTIN ÞYNGRI Margrét Tryggvadóttir, alþingismaður úr Hreyfingunni, fékkst við Sudoku-talnaþrautir þegar fjárlagafrumvarpið var rætt í þingsalnum í gær.

Öruggara Internet

Aðeins hjá Símanum
Netvarinn fylgir án aukagjalds!

Internet

Þrjár mismunandi síur Netvarans sjá um að útiloka efni sem þú telur óæskilegt:

1 Barnaklám, njósnaforrit, vefi sem villa á sér heimildir eða stela persónuupplýsingum.

2 Klámfengið efni, upplýsingar um eiturlyf, áhættuspil, hatursáróður, kynþáttafordómar, smekkleysa, ofbeldi og ólöglegt efni bætist við síu 1.

3 Leikir, skrárdeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi bætast við síu 2.

Einnig má takmarka aðgang að samskiptaforritum á borð við MSN.
Ef þú ert með Internetáskrift hjá Símanum þá fylgir Netvarinn án aukagjalds.
Virkjaðu Netvarann á siminn.is eða í 800 7000.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Samstarf við SAFT

Síminn er í samstarfi við SAFT, vakningarátak um örugga tækni-notkun barna og unglinga á Íslandi.

Kynntu þér Netheilræðin á saft.is

Í samstarfi við SAFT

ENNEMM / SÍA / NM36582

GENGIÐ 08.10.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	124,52	125,12
Sterlingspund	200,24	201,22
Evra	183,84	184,86
Dönsk króna	24,692	24,836
Norsk króna	21,989	22,119
Sænsk króna	17,828	17,932
Japanskt jen	1,4070	1,4152
SDR	197,97	199,15

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 236,7845

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra Ísraels segir fólk verða að horfast í augu við raunveruleikann:

Engar friðarlíkur næstu árin

ÍSRAEL, AP Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, segir engar líkur á því að friðarsamningar takist við Palestínumenn næstu árin.

„Hver sem segir að innan fárra ára geti náðst samningur sem bindur enda á átökin hefur einfaldlega ekki skilning á ástandinu og breiðir út blekkingar, sem á endanum leiða af sér vonbrigði og allsherjar uppgjör hérna," sagði Lieberman.

Annars staðar í heiminum hafi stríðsátökum lokið með því að aðilar þeirra hafi tekið erfiðar ákvarðanir um að afneita ofbeldi. Í framhaldinu hafi komið tímabil friðar, sem síðar hafi gert þeim mögulegt að klára samninga.

GEORGE MITCHELL OG AVIGDOR LIEBERMAN Lieberman gerir erindreka Bandaríkjamanna erfiðara fyrir. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki er víst að þessi skoðun Liebermans ráði úrslitum um framhald samningaviðræðna við Palestínumenn, því það er Benjamín Netanjahú forsætisráðherra sem hefur ákvörðunarvald um það.

Ummælin verða þó ekki til að auðvelda Mitchell, erindreka Bandaríkjanna, það verk að reyna að koma samningaviðræðum Ísraela og Palestínumanna af stað á ný. Þeir Lieberman og Mitchell ræddust við í gær.

Mitchell hefur mánuðum saman reynt að fá Ísraela til að stöðva framkvæmdir ísraelskra landtökumanna. Palestínumenn segja stöðvun þeirra framkvæmda ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir frekari viðræðum. - gb

Sakleysislegir piltar á ferð:

Reyndust vera með kannabis

LÖGREGLUMÁL Þrír piltar um tvítugt, sem voru á ferð í Kópavogi í fyrrakvöld, voru með kannabisefni á sér, samkvæmt frétt frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Fjórði pilturinn var tekinn í Reykjavík.

„Það var um kvöldmatarleytið sem för þeirra var stöðvuð en piltarnir voru grunaðir um fíkniefnamisferli. Þeir voru sakleysið uppmálað en reyndust engu að síður hafa kannabisefni í fórum sínum. Piltur á svipuðu reki var einnig stöðvaður í miðborginni í gærkvöld en í bíl hans fundust sömuleiðis kannabisefni," segir lögreglan í frétt sinni. - gar

Vegið að velferðinni

Stjórnarandstaðan tætir í sig fjárlagafrumvarpið og hafnar mörgum niðurskurðar- og tekjuáformum. „Veikir munu ekki lifa af," segir Þór Saari. Fjármálaráðherra kallar eftir samstöðu. Vaxtagreiðslur ótaldar um tæpa 50 milljarða.

ALÞINGI Stjórnarandstaðan gaf fjárlagafrumvarpinu falleinkunn í umræðum á Alþingi í gær. Fundið var að tekjuöflunar- og sparnaðaráformum, sem og hugmyndafræði frumvarpsins.

Í framsögu sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra nauðsynlegt að ráðast að gríðarlegri skuldaaukningu ríkissjóðs. Það yrði ekki gert nema með því að auka tekjur og minnka útgjöld.

Steingrímur sagði frumvarpið vitaskuld taka mið af erfiðum aðstæðum í samfélaginu. Hljóp hann á nokkrum tölulegum staðreyndum og benti meðal annars á að rúmlega tuttugu milljarða útgjöld kæmu til beinlínis vegna hrunsins og afleiðinga þess. Snarhækkuð framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs bæri þar hæst. Þá gerði hann grein fyrir fimmtán milljarða niðurskurði á bótum af ýmsu tagi og tólf milljarða niðurskurði á framkvæmdum. Kvaðst Steingrímur óska sér þess að breið samstaða næðist um fjárlagagerðina sem nú fer í hönd á vettvangi Alþingis.

ÞÓR SAARI

Kristján Þór Júlíusson Sjálfstæðisflokki sagði að í fjárlagafrumvarpinu væri vegið að fyrirtækjum og heimilum. Þjóðinni væri ekki gefið færi á að vinna sig út úr kreppunni enda stæði ríkisstjórnin í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu. Markmiðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um jöfnuð í ríkisfjármálum ætti að ná með eitraðri blöndu skattahækkana og niðurskurðar.

LÚSLESIÐ Sigmundur Ernir Rúnarsson virtist einbeittur þegar hann glöggvaði sig á fjárlagafrumvarpinu í þingsalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján fjallaði um vaxtakostnað ríkisins, sem í fjárlagafrumvarpinu er sagður nema 100 milljörðum á næsta ári. Inn í tölurnar vantaði vexti vegna Icesave-lána og endurfjármögnunar Seðlabankans. Þeir næmu tæpum fimmtíu milljörðum á næsta ári. Vaxtagjöldin yrðu því nær 150 milljörðum en 100.

Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki átaldi lítið samráð við stjórnarandstöðuna við gerð frumvarpsins og lýsti þeirri skoðun að forsendur þess væru brostnar.

Kvaðst hann efast um að fjölskyldurnar kæmust klakklaust frá aukinni skattlagningu ofan í tekjuskerðingu og harmaði að stjórnvöld „þvældust fyrir" atvinnuuppbyggingu.

Þór Saari Hreyfingunni sagði niðurskurðaráform frumvarpsins allt of brött til að samfélagið þyldi þau. „Veikir munu ekki lifa af, krakkarnir fá ekki þá menntun sem þeir þurfa og löggæslan molnar," sagði hann.

Guðbjartur Hannesson Samfylkingunni lagði í máli sínu áherslu á að frumvarp ráðherra væri aðeins frumvarp. Það væri Alþingis að ákveða fjárlög.

Tugir þingmanna tóku þátt í umræðum um fjárlög í gær. Álit stjórnarandstæðinga var samdóma: frumvarpið er alvont.

bjorn@frettabladid.is

SAMMÁLA

Þór Saari gagnrýndi að stjórnmálaflokkar ættu að fá tæpar 400 milljónir í ríkisstyrki á næsta ári. Steingrímur J. Sigfússon kvaðst sammála; eðlilegt væri að stjórnmálaflokkar sættu lækkunum eins og aðrir.

Fíkniefnasalar stöðvaðir:

Í vímu með 100 e-töflur í bíl

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Borgarnesi tók í fyrrakvöld tvo karlmenn með rúmlega 100 e-töflur auk annarra fíkniefna í bíl sem hún stöðvaði.

Ökumaðurinn var undir áhrifum fíkniefna, og hafði innbyrt „nánast alla flóruna", eins og lögregla komst að orði. Farþeginn í bílnum reyndist einnig vera undir áhrifum fíkniefna.

Í kjölfarið var farið í tvær húsleitir á dvalarstöðum þeirra á Akureyri. Þar fannst einnig nokkurt magn fíkniefna og íblöndunarefni, svo og tæki og tól þeim tengd. Efnin voru í sölupakkningum og er talið fullvíst að mennirnir hafi ætlað að selja þau. Þeir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu. - jss

Áherslubreyting hjá Obama:

Gegn Al Kaída, ekki talíbönum

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti er sagður kominn á þá skoðun að breyta þurfi áherslum í stríðinu í Afganistan, þannig að baráttan beinist einkum gegn Al Kaída, sem nú er með höfuðbækistöðvar í Pakistan, en ekki í jafn ríkum mæli gegn talibanahreyfingunni í Afganistan og verið hefur.

BARACK OBAMA

Þetta er haft eftir háttsettum embættismanni í Bandaríkjastjórn, sem þó er ekki nafngreindur.

Samkvæmt honum er Obama reiðubúinn að leyfa talíbönum að taka í einhverjum mæli þátt í stjórn Afganistans. - gb

Fleiri láta skoða ökutæki sín:

Forðast nýtt vanrækslugjald

SAMGÖNGUMÁL Skoðanir á ökutækjum hafa aukist töluvert í ár samkvæmt tölum frá Umferðarstofu. Um 28 prósentum fleiri ökutæki hafa verið skoðuð á síðastliðnum tólf mánuðum samanborið við sama tímabil í fyrra.

Umferðarstofa telur að nýtt vanrækslugjald hafi mikil áhrif, en í apríl var í fyrsta skipti heimilt að sekta eigendur um 15 þúsund krónur létu þeir ekki skoða ökutæki sín. Þá var í fyrsta skipti í ár skylt að láta skoða ferðavagna á borð við fellihýsi og hjólhýsi, sem skýrir aukninguna að hluta. - bj

Meintur ofbeldismaður:

Sýknaður af ráni í Hæstarétti

DÓMSTÓLAR Hæstiréttur hefur sýknað karlmann sem héraðsdómur hafði áður dæmt í tveggja ára fangelsi og til þess að greiða stefnanda rúmar sjö hundruð þúsund krónur í bætur.

Maðurinn var ákærður fyrir líkamsárás og rán. Hann hefði í félagi við óþekktan mann slegið annan mann nokkrum sinnum í andlitið og rænt hann farsíma og seðlaveski sem í voru 100 þúsund krónur. Hæstarétti þótti ósannað að maðurinn væri sekur. Við myndsakbendingu hefði fórnarlambið bent á mynd sem ekki var af ákærða. Ekkert hefði komið fram við húsleit eða rannsókn á símnotkun og öðru sem tengja mætti við ákæruatriðin. -jss

PÓLLAND

Lissabon-sáttmáli staðfestur

Lech Kaczynski, forseti Póllands, ætlar að undirrita Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins á morgun. Þar með vantar aðeins undirskrift frá Vaclav Klaus Tékklandsforseta til þess að sáttmálinn taki gildi.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

STORMUR

Í dag verður austan stormur eða jafnvel ofsaveður sunnanlands og vestan með snörpum vindhviðum allt upp undir 40m/s í námunda við fjöll og háhýsi, þar á meðal í Reykjavík. Það verður hvasst nær allan daginn á þessum slóðum en fer að lægja sunnan til með kvöldinu. Vindur verður hægari á Norður- og Austurlandi.



Á MORGUN 5-18 m/s, hvassast norðvestan til.

SUNNUDAGUR 3-8 m/s

HEIMURINN

Alicante	26°
Amsterdam	13°
Basel	23°
Berlín	13°
Billund	11°
Eindhoven	14°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	27°
London	15°
New York	21°
Orlando	34°
Osló	8°
París	21°
Róm	28°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Ítalskir dagar

JÓA FEL LAMBALÆRI
með ferskum kryddjurtum

1.649 kr/kg.
Merkt verð 2.199.-

HUMARSÚPA MEÐ KÓKOS OG FENNIKU fyrir 4
að hætti Rikku

400 g humar í skel
2 msk Ítalía ólífuolía
2-3 skalottlaukar, saxaðir
4 cm langur engiferbiti, saxaður
1 chili-aldin, saxað
1 fennika, söxuð
2 msk sítrónusafi
humarkraftur
400 ml vatn
800 ml kókosmjólk
salt og pipar
handfylli af kóríander, söxuðum

Skelfléttið humarinn. Steikið laukinn, engifer, chili-aldinið , fenniku þar til fennikan er orðin mjúk í gegn. Bætið humarskeljunum og sítrónusafanum út í ásamt vatninu og humarkraftinum. Látið malla við meðalhita í 25-30 mínútur. Sigtið soðið frá og setjið það aftur í pottinn. Hellið kókosmjólkinni út í og hleypið suðunni upp. Lækkið hitann og setjið humarhalana út í og kryddið með salti og pipar. Látið súpuna malla í 3-4 mínútur. Stráið kóríanderlaufum yfir áður en súpan er borin fram.

623 kr/kg.
Merkt verð 959.-

Kjúklingalæri með legg

1.299 kr/kg.

Ítalskur kálfapottréttur

999 kr/kg.

Ferskt lasagne 1 kg.

1.616 kr/kg.
Merkt verð 2.308.-

Bláberjahelgarsteik

ferskt með flugi! BERJADAGAR *ferskt með flugi!*

Jarðarber | Bláber | Hindjarðarber | Hindber | Brómber | Rifsber | Blæjuber

Eld Bökuð

979 kr/stk.

20% afsláttur við kassa

20% afsláttur við kassa

379 kr/stk.

399 kr/stk.

Ferskar 16" pizzur
- 2 tegundir með for-eldbökuðum botni

Ortalli Balsamico di Modena
- Blue spray og lífrænt balsamik

Filippo Berio olía
- 3 tegundir

Pizzadeig
- Ferskt venjulegt- og speltdeig

NÝBAKAÐ

199 kr/stk.

20% afsláttur við kassa

Ítalskt ciabattabrauð
- ný bakað

Lavazza kaffi
- ítalskt gæða kaffi

Ítalía pestó
- allt það besta beint frá Ítalíu!

Ítalía kirsuberjatómatar, ætiþistlar og sólþurrkaðir tómatar

OPIÐ 24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Tilboðin gilda til 11. október eða á meðan birgðir endast.

50 ára **HAGKAUP**
fyrir Íslendinga í 50 ár

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að sjá heimildarmyndina Guð blessi Ísland?

Já	41,4
Nei	58,6

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú leitað eftir félagslegri aðstoð í kreppunni?

Segðu þína skoðun á visir.is

Ósk úr Ráðhúsinu til Orkuveitu Reykjavíkur um að lífga upp á skammdegið:

Jólaljósin mánuði á undan áætlun

UMHVERFI „Ég held að fólk taki vel í þetta," segir Hilmar Jónsson, yfirmaður hjá tæknideild Orkuveitu Reykjavíkur, sem þessa vikuna hefur sett upp ljósaseríur víða um bæinn.

Ljósaseríurnar eru settar upp mánuði fyrr en venja er til að sögn Hilmars. „Þetta er ákvörðun sem tekin er niðri í Ráðhúsi. Ósk um að lífga upp á skammdegið."

Auk þess sem áhersla er lögð á miðborgina eru seríur settar upp nú á öðrum völdum stöðum, til dæmis við Seljahlíð í Breiðholti, Grímsbæ í Fossvogi og Sundlaug Vesturbæjar. Hilmar segir að þessi ljós fái að loga út janúar. - gar

LJÓSIR PUNKTAR Ekki er gert ráð fyrir því að aðrar og hefðbundnari jólaskreytingar verði settar upp fyrr en á venjulegum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Borgaraleg handtaka:

Ákvörðun refsingar frestað

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur frestað ákvörðun um refsingu yfir manni, sem veist hafði að fimmtán ára pilti, fært hann nauðugan í bifreið sína og ekið honum síðan á lögreglustöð.

Pilturinn hafði verið í hópi pilta sem kastað höfðu skoteldi inn í garð mannsins. Hæstiréttur taldi að brot piltsins hefði ekki verið nægilega alvarlegt til þess að manninum hefði verið heimil borgaraleg handtaka. Maðurinn var dæmdur til að greiða piltinum á þriðja hundrað þúsund króna í skaðabætur. Ákvörðun um refsingu var frestað skilorðsbundið í tvö ár. - jss

Orkuveitan bíður í ofvæni eftir svörum

Evrópski fjárfestingarbankinn svarar Orkuveitunni á næstu dögum hvort þrjátíu milljarða lán verður veitt. Fáist lánið ekki gerir það fyrirtækinu erfitt um vik með fjármögnun annars staðar. „Það er mikið undir," segir forstjóri OR.

ORKUMÁL Ef Evrópski fjárfestingarbankinn (EIB) afgreiðir ekki þrjátíu milljarða króna lán til Orkuveitu Reykjavíkur (OR) setur það áætlanir fyrirtækisins um virkjanauppbyggingu í fullkomið uppnám. Ef lánið fæst verður Hellisheiðarvirkjun kláruð en ákvarðanir um byggingu Hverahlíðarvirkjunar hafa hins vegar verið settar á salt þangað til fjármögnun verkefnisins er að fullu lokið.

HJÖRLEIFUR KVARAN

Þrátt fyrir vilyrði neitaði EIB um miðjan júlí að ganga frá láninu til OR vegna óvissu í íslensku efnahagslífi. Lánið var upphaflega eyrnamerkt síðasta áfanga Hellisheiðarvirkjunar og fyrri áfanga Hverahlíðarvirkjunar. Þessar áætlanir hafa nú breyst.

„Þó svo að þetta lán komi frá EIB munum við aðeins klára stækkunina á Hellisheiðarvirkjun en við munum ekki fara af stað með Hverahlíðarvirkjun fyrr en búið er að fjármagna alla framkvæmdina," segir Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR. Hann segir að ef lánið frá EIB fáist verði mun léttara en annars hefði verið að sækja það lánsfé sem upp á vanti til að klára framkvæmdir. „Ef þeir hins vegar neita okkur um lánið verður mun þyngra að reyna að fjármagna þetta annars staðar.

HELLISHEIÐARVIRKJUN VIrkjunin verður kláruð ef lánið fæst. Hverahlíðarvirkjun verður hins vegar ekki byggð fyrr en fjármögnun er að fullu lokið en hefja átti framkvæmdir með hluta lánsfjárins frá EIB. Raforkan á að knýja álver í Helguvík eftir að öðrum áfanga er lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við eigum því mikið undir því að við fáum þessa fyrirgreiðslu," segir Hjörleifur.

Orkan frá virkjununum er ætluð álverinu í Helguvík. Fjármögnun þeirrar framkvæmdar er ólokið. „Orkuveitan gerði ráð fyrir því að fjármögnun við framkvæmdina í Helguvík yrði lokið. „Við erum því ekki með skuldbindandi orkusamning í höndunum. Þeir eru ekki tilbúnir að gefa okkur grænt ljós á að þeir kaupi af okkur orkuna fyrr en þeir hafa lokið sinni fjármögnun. Við eigum ekki von á svörum frá Norðuráli fyrr en á fyrri hluta næsta árs."

Á meðan beðið er fundar sendinefndar Orkuveitunnar vegna afhendingar á þremur vélasamstæðum af fimm frá fyrirtækinu Mitsubishi í Japan. Afhendingu vélasamstæðanna þriggja, sem setja á niður í fyrrnefndum virkjunum og kosta samtals fimmtán milljarða, hefur verið frestað áður. „Verið er að ræða hvort seinkun á afhendingu kemur til greina eða að hugsanlega verði hætt við móttöku þeirra," segir Hjörleifur. „Það er verið að fá viðbrögð okkar viðsemjenda við þessum kostum og hvaða afleiðingar þeir hafi í för með sér." svavar@frettabladid.is

Grímur Atlason sendi Lars Lökke Rasmussen tölvupóst um grænlensk börn:

Fékk svar frá forsætisráðherra Dana

DALABYGGÐ „Mér finnst gott að hann svari," segir Grímur Atlason, sveitarstjóri í Dalabyggð. Hann fékk í fyrradag svar við tölvupósti sem hann sendi Lars Lökke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur. Þar gerði hann athugasemdir við yfirlýsingar ráðherrans vegna frétta um meðferð Dana á 22 grænlenskum börnum, sem voru tekin af foreldrum sínum og flutt til Danmerkur á sjötta áratugnum.

Í tölvupóstinum skammar Grímur forsætisráðherrann fyrir yfirlýsingar í framhaldi af fréttum um málið. Ráðherrann sagði að þetta væri hluti af liðinni tíð; fortíðinni væri ekki hægt að breyta og að þeim sem tóku börnin af foreldrum sínum hefði gengið gott eitt til.

Í bréfi Gríms sagði hann forsætisráðherrann tala eins og hægriöfgamaður. Málflutningur hans væri málflutningur nýlenduherra. Danmörk skuldaði grænlensku þjóðinni afsökunarbeiðni og fjölskyldum barnanna skaðabætur.

Grímur segir það hneyksli að meðferðin á grænlensku börnunum hafi hvorki fengið næga athygli hjá Dönum né hér á landi. „Það er dálítið síðan ég skrifaði þetta bréf og átti ekki von á að fá þetta svar," segir Grímur.

SVARAR Sjö vikur liðu frá því að Danski forsætisráðherrann fékk tölvupóst frá sveitarstjóra Dalabyggðar þar til svarið barst.

En í fyrradag barst honum vestur í Dali tölvupóstur frá danska forsætisráðuneytinu með viðhengdu bréfi frá ráðherranum sjálfum. Lars Lökke segist hafa fengið bréf Gríms og vísar í efni þess en áréttar svo það sem varð Grími tilefni skrifanna án þess að lofa neinni afsökunarbeiðni eða skaðabótum. Danski forsætisráðherra klykkir út með að fullvissa Grím um allt sé á réttri leið í átt að sjálfbærara og sjálfstæðara samfélagi á Grænlandi og að aðferðir nýlenduveldanna séu víðs fjarri við stjórn mála í Grænlandi. - pg

JONSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Í dag: Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey kl. 20:00
Dagskrá í Hafnarhúsi frá kl. 19:30
Tónleikar til heiðurs John Lennon í Listasafni Reykjavíkur-Hafnarhúsi kl. 22:00
Tónleikar og ferðir til og frá Viðey föstudag til sunnudags eru í boði Yoko Ono.
Rauði kross Íslands tekur á móti frjálsum framlögum á viðburðunum.

Today: Lighting of The Imagine Peace Tower in Viðey island at 8 pm
Events start at Harbour House at 7.30 pm
Memorial Concert for John Lennon at The Reykjavik Art Museum-Harbour House at 10 pm
Yoko Ono invites the general public to the concert and offers free ferry rides to Viðey island from Friday to Sunday.
The events are in support of The Icelandic Red Cross.

www.9oktober.is / www.videy.com

www.imaginepeace.com

VEISTU SVARIÐ?

1 *Íslandsmeistarar FH í knattspyrnu hafa fengið nýjan markvörð. Hvað heitir hann?*

2 *Íslensk kona, ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, er ákærð fyrir mansal og vændisstarfsemi. Hvað heitir hún?*

3. *Hver fékk viðurkenningu fyrir áhugaverðasta barnaefnið í sjónvarpi í Cannes?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38

Gallað íþróttahús í Versölum:

Kópavogsbær áfrýjar ekki

DÓMSMÁL Bæjaryfirvöld í Kópavogi ætla ekki að áfrýja til Hæstaréttar bótamáli vegna tjóns við byggingu íþróttamannvirkja í Versölum á árunum 2002 til 2004. Bærinn hafði stefnt byggingarstjóra vegna tjóns og galla á mannvirkjunum og krafðist 37 milljóna króna. Héraðsdómur sýknaði byggingarstjórann í sumar.

„Telja verður að sönnunarbyrði Kópavogsbæjar í máli þessu sé verulega þung og ekki er hægt að afla frekari gagna til að bæta úr því. Þær kröfur sem gerðar voru í dómsmálinu eru ítrustu kröfur og eru verulegar líkur á að þær hefðu ekki náð fram að ganga að fullu þó að sök hefði verið sönnuð," segir í umsögn Gunnsteins Sigurðssonar bæjarstjóra. - gar

Hæstiréttur dæmir mann í fangelsi fyrir hrottaleg ofbeldisverk:

Misþyrmdi barnsmóður sinni

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Suðurlands yfir karlmanni réðst hrottalega á og nauðgaði barnsmóður sinni. Héraðsdómur dæmdi manninn í febrúar á þessu ári í fjögurra og hálfs árs fangelsi. Honum var einnig gert að greiða konunni miskabætur að upphæð 662 þúsund krónur.

Fólkið sleit samvistir í desember 2007. Maðurinn var fundinn sekur um að hafa aðfaranótt 9. mars 2008 ráðist á konuna á heimili hennar. Hann hrinti henni í stofugólfið og sparkaði í hana. Þá veitti maðurinn barnsmóður sinni fjölda hnefahögga í höfuð og líkama. Hann reif í hár hennar, sló höfði hennar ítrekað í gólfið og þvingaði hana að lokum til samræðis og endaþarmsmaka.

HÆSTIRÉTTUR Staðfesti dóm Héraðsdóms yfir ofbeldismanni.

Að morgni sama dags réðst ofbeldismaðurinn aftur á konuna og sló hana mörgum hnefahöggum, einkum í kvið, bak og höfuð. Að auki trampaði hann á konunni, þar sem hún var í hnipri á eldhúsgólfi íbúðarinnar.

Árásin var harkaleg og var tekið tillit til þess í dómnum en konan hlaut mikla áverka. Við ákvörðun refsingar var litið til þess að árásin stóð yfir í langan tíma á heimili konunnar, þar sem henni var nánast haldið í gíslingu með rétt ársgamalt barn sitt. - jss

Sóttvarnalæknir:

Bíður eftir rannsóknum á E. coli

HEILBRIGÐISMÁL Sóttvarnalæknir bíður nú eftir niðurstöðu greiningar erlendis á sýnum sem tekin voru hér þegar fimm einstaklingar sýktust af bakteríunni E. coli.

Fjórir þeirra sem greindust eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en einn á Suðurlandi. Engin þekkt tengsl eru á milli fólksins og allir smituðust hér á landi.

„Við erum að vona að þetta hafi verið bundið við innflutt salat eða eitthvað þess háttar og sé nú búið," segir Haraldur Briem, sem hvetur fólk til að skola vel af grænmeti og steikja eða sjóða kjöt vel. - jss

David Letterman gagnrýndur:

Sakaður um að hlutgera konur

DAVID LETTERMAN

BANDARÍKIN Bandarísku kvenréttindasamtökin The National Organization for Women (NOW) gagnrýna þáttastjórnandann David Letterman harðlega í yfirlýsingu sem þau sendu frá sér á miðvikudag.

Samtökin saka Letterman um að hlutgera konur og gera vinnuaðstæður óbærilegar. Bandarískir fjölmiðlar hafa fjallað mikið um mál Lettermans, en stutt er síðan hann viðurkenndi fyrir alþjóð að hafa stundað kynlíf með samstarfskonum sínum. Það gerði hann í herbergi við skrifstofu sína. Í ljós kom að margir samstarfsmanna hans vissu um bólfarir Lettermans og á meðal þeirra var herbergið kallað „byrgið". - th

FJÁRMÁLARÁÐHERRA Í fjárlögum forvera Steingríms J. Sigfússonar var reiknað með að Seðlabankinn ætti eignir að verðmæti 300 milljarðar, sem yrðu nýttar til að endurfjármagna bankana. Það verðmat stóðst ekki og í fjáraukalagafrumvarpi Steingríms er gert ráð fyrir 300 milljarða lántökum til bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

140 milljarðar áætlaðir í lán vegna NBI

Ríkissjóður tekur 610 milljarða að láni í ár fyrir utan skuldbindingar vegna Icesave. 300 milljarðar fara í bankana. Eignir Seðlabankans áttu að fara í verkefnið en verðmæti þeirra stóðst ekki áætlanir.

EFNAHAGSMÁL Ríkissjóður tekur alls 610 milljarða króna að láni á þessu ári, að frátöldum skuldbindingum Tryggingasjóðs innistæðueigenda vegna Icesave. Þetta kemur fram í frumvarpi til fjáraukalaga 2009, sem lagt var fram á Alþingi í gær.

300 milljarðar af þessu lánsfé verða nýttir til að endurfjármagna bankakerfið eftir hrun.

Ríkið hefur skuldbundið sig til að leggja fram 65 milljarða í Íslandsbanka og 72 milljarða í Nýja Kaupþing. Gangi samningar við kröfuhafa eftir þannig að þeir eignist meirihluta í þeim bönkum mun þorri þeirra 137 milljarða sem ríkið ætlar að taka að láni vegna Íslandsbanka og Nýja Kaupþings skila sér aftur til ríkissjóðs.

Hins vegar er enn allt óljóst um endurfjármögnun Landsbankans, sem nú heitir NBI. Kröfuhafar hafa til þessa ekki sýnt áhuga á að taka þátt í endurreisn Landsbankans. Í fjáraukalagafrumvarpinu er miðað við að ríkið taki um 140 milljarða króna lán vegna Landsbankans.

Þá verða tuttugu milljarðar króna teknir að láni til þess að leggja nokkrum sparisjóðum til nýtt eigið fé.

Þegar fjárlögin 2009 voru samþykkt í desember 2008 var ekki ætlunin að endurfjármagna bankana með þessum lántökum heldur með því að „leggja fjármálakerfinu til nýtt eigið fé með eignum sem Seðlabankinn hafði sem tryggingu á móti veð- og daglánum bankans og ríkissjóður keypti af bankanum eftir hrun stóru bankanna þriggja síðastliðið haust," eins og segir í fjáraukalagafrumvarpinu. „Þessi bréf hafa reynst verðminni en reiknað var með og hefðu ekki nægt til að fjármagna kerfið. Er því gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi nýju bönkunum til eigið fé í formi ríkisskuldabréfa." Vegna þess að verðmat eigna Seðlabankans stóðst ekki áætlanir eykst lánsfjárþörf ríkisins um 330 milljarða.

Af áætlaðri heildarlántöku upp á 610 milljarða eru 520 milljarðar í íslenskum krónum en níutíu milljarðar eru erlend lán. Inni í þeirri tölu eru 75 milljarða lán frá Norðurlöndum og Póllandi, sem ríkissjóður ætlar að taka fyrir áramót og endurlána Seðlabankanum til að styrkja gjaldeyrisforðann.

Þá þarf 115 milljarða lántöku til að koma til móts við hallarekstur ríkissjóðs þetta árið. Afborganir af lánum sem áður hafa verið tekin verða 120 milljarðar króna í ár þannig að lántökur umfram afborganir verða 490 milljarðar króna. peturg@frettabladid.is

Kuldaskór
- Extra skerkt Beaver nylon efni með vatnsvörn
- Léttir á fæti
- Halda fótum hlýjum og þurrum
- Endurskinsmerki

6.990.-

Thermo Viking gúmmístigvél
- 100% vatnsheldni
- Létt á fæti
- Halda fótum hlýjum og þurrum í allt að -30° frosti
- Má þvo á 30° hita
- Úr umhverfisvænu efni, innihalda ekki PVC

7.990.-

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

50% afsláttur

GOÐI
BAYONNESKINKA
995 kr/kg
1.989 kr/kg

Ódýrt að versla!

50% afsláttur

GRÍSAKÓTILETTUR, MAGNP.
849 kr/kg
1.698 kr/kg

TEX MEX VÆNGIR
269 kr/kg
449 kr/kg

40% afsláttur

40% afsláttur

GOÐI
GRÍSAHAKK, INNPAKKAÐ
635 kr/kg
1.059 kr/kg

SPERGILKÁL
199 kr/kg
398 kr/kg

50% afsláttur

LAMBALÆRISSNEIÐAR M/RASPI LAUSFRYSTAR
1.285 kr/kg
2.141 kr/kg

40% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR, 900g
1.398 kr/pk.

KJÚKLINGALUNDIR, 700g
1.298 kr/pk.

GLOCK SAFI 2l
Appelsínu, Epla eða Multivit
299 kr/stk.
459 kr/stk.

HYTOP SYKURPÚÐAR 283g
99 kr/pk.
199 kr/pk.

50% afsláttur

4 MY BABY BLAUTKLÚTAR
80STK./PK.
159 kr/stk.

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 8. - 11. október eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

VÉLMENNI Á HJÓLI Nýjasta vélmennið frá Japan er þetta litla kríli sem hjólar á einhjóli. Fyrirtækið Murata Electronics kynnti þessa nýjung á vörusýningu í einu af úthverfum Tókýó.
NORDICPHOTOS/AFP

Mansalsmál hefði átt að rata mun fyrr í réttarsal

Talskona Stígamóta segir ákæru í mansals- og vændismáli merki um að slík mál séu tekin alvarlega. Slík ákæra hefði þó átt að líta dagsins ljós mun fyrr. Báðir sakborningarnir neituðu sök við þingfestingu í gær.

DÓMSMÁL Ákæra sem þingfest var í gær á hendur tveimur Íslendingum fyrir mansal og vændisstarfsemi er merki um að mál af því tagi séu tekin alvarlega á Íslandi. Slík ákæra hefði þó átt að líta dagsins ljós fyrr. Þetta segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. Ákæran markar viss tímamót, segir Guðrún, enda í fyrsta sinn sem ákært er á Íslandi í málum af þessu tagi.

Tvennt er ákært í málinu: Catalina Mikue Ncogo, 31 árs kona ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, og Finnur Bergmannsson, 43 ára hugbúnaðarsmiður.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Catalinu er gefið að sök að hafa blekkt aðra unga konu frá Miðbaugs-Gíneu til landsins undir því yfirskini að hún væri á leið í frí, en síðan hneppt hana í kynlífsánauð, svipt hana fatnaði og skilríkjum og neytt hana með hótunum til að stunda vændi. Hún hafi jafnframt haft lifibrauð sitt af vændi fjölda annarra kvenna.

Finnur er sakaður um að hafa uppfært vændisauglýsingar á vefnum og tekið ljósmyndir af konunum gegn greiðslu frá Catalinu.

Catalina játaði í viðtali við

> Það er sannarlega tímabært að staðfesta það fyrir dómi sem við höfum vitað um lengi
>
> **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
> TALSKONA STÍGAMÓTA.

Vikuna á sínum tíma að hafa gert út tólf vændiskonur í borginni. Bæði neituðu þó sök við þingfestingu málsins í gær.

Guðrún segist vitanlega ekki fagna því að glæpir séu framdir. „En það er sannarlega tímabært að staðfesta það fyrir dómi sem við höfum vitað um lengi," segir hún. Þetta hefði raunar átt að gerast miklu fyrr, segir hún, og bendir á nýja rannsóknarskýrslu Fríðu Rósar Valdimarsdóttur, þar sem fram kemur að á sjötta tug tilfella um mansal hafi orðið vart á Íslandi án þess að nokkurt þeirra hafi komið til kasta dómstóla.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segir ákæruna fyrstu afleiðingu átaks lögreglunnar í þessum málaflokki. „Við viljum láta reyna á þetta af því að við vitum eða höfum hugmyndir um að þetta viðgangist hér á landi og viljum taka fast á þessum málum," segir hann. Verið sé að skoða vændisstarfsemi á Íslandi almennt þótt ekkert annað mál af þessu tagi sé fast í hendi.

stigur@frettabladid.is

NEITA SÖK Catalina og Finnur neituðu bæði öllum sakargiftum við þingfestingu málsins í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Evrópusambandsaðild:

Jón lætur þýða Evróputextana

EVRÓPUMÁL Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur ákveðið að öll helstu gögn varðandi aðildarviðræður við Evrópusambandið, tengd þeim málaflokkum sem ráðuneytið ber ábyrgð á, verði þýdd. Jón hefur áður tekið upp í ríkisstjórn, að hann sé sammála þeim sem telja nauðsynlegt að gögn sem lúta að umsókninni um ESB-aðild, verði þýdd og birt samhliða á íslensku. Þýðingarnar verða unnar í góðu samkomulagi við hagsmunaaðila og kannaðir verða möguleikar á því að vinna þær að hluta til úti á landi. - shá

JÓN BJARNASON

Ert þú í Svansmerkinu?

Með því að velja Svansmerkt getur þú verið viss um að innkaupin séu betri fyrir umhverfið og heilsuna. **Norræna umhverfismerkið Svanurinn** setur ***strangar kröfur*** um framleiðslu vöru og þjónustu, svo sem innihald og notkun hættulegra efna, orku- og hráefnisnotkun og meðhöndlun úrgangs.

Gæðin eru tryggð þar sem virknin þarf að vera jafn góð eða betri en í sambærilegum vörum og þjónustu.

Gæði sem þú getur treyst á
- Betra fyrir umhverfið og heilsuna

Svanurinn verður á Umhverfisþinginu í dag og á morgun.

UMHVERFISSTOFNUN
Umsjónaraðili Svansins á Íslandi

Nú gerast ævintýri - skuggar lengjast, stjörnur blika og norðurljósin dansa.

Í vetur verða viðburðir víðsvegar um Reykavíkurborg undir yfirskriftinni Ljómandi borg. Sinfóníutónleikum verður útvarpað í sundlaugum borgarinnar, kaffihúsið í Hljómskálanum verður opið á aðventunni, ísilögð Tjörnin verður samkomustaður skautaunnenda, efnt verður til snjó-listaverkakeppni, skemmtileg dagskrá fyrir börnin í bókasöfnum, útimarkaðir verða í miðborginni og fjölmargt fleira. Enda getur margt gerst í ljómandi borg eins og Reykjavík.

Um leið og kveikt verður á Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey fagnar Reykjavíkurborg vetrinum með því að tendra hvít ljós á samkomustöðum víðsvegar um borgina.

Taktu þátt í Ljómandi borg og lýstu upp þitt nærumhverfi með því að kveikja á kerti eða hvítum ljósum.

Í tilefni tendrunar Friðarsúlunnar 2009 verða ókeypis ferðir til og frá Viðey dagana 9., 10. og 11. október í boði Yoko Ono.
Hún býður einnig á tónleika til heiðurs John Lennon í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi 9. október kl. 22.00.

www.reykjavik.is/ljomandi

www.9oktober.is

KÖNGULÓARMAÐURINN ENN Á FERÐ Klifurdýrið Alain Roberts, gjarnan nefndur Köngulóarmaðurinn, gerði sér lítið fyrir og klifraði upp Arianebygginguna í París. Húsið er 230 metra hátt, en hann hefur klifrað upp meira en sextíu háhýsi víðs vegar um heiminn. NORDICPHOTOS/AFP

Níu hafa verið lagðir inn á spítala á síðustu tveimur vikum:

Svínaflensan blossar upp á ný

HEILBRIGÐISMÁL Svínaflensan hefur blossað upp á ný, eftir að hafa verið í rénun, að sögn Haraldar Briem sóttvarnalæknis. Á undanförnum tveim vikum hafa níu einstaklingar verið lagðir inn á spítala og þar af tveir á gjörgæslu. Annar þessara tveggja er útskrifaður en hinn er enn á gjörgæslu.

„Það kom okkur á óvart að töluverð fjölgun flensutilfella varð á höfuðborgarsvæðinu í vikunni sem leið," segir Haraldur. „Ef vikan sem nú er að líða verður eins þá heldur flensutilfellunum áfram að fjölga. Okkur finnst þetta vera viðsnúningur á höfuðborgarsvæðinu, en hann nær ekki til landsbyggðarinnar."

Haraldur segir athyglisvert að 70 til 80 prósent þeirar sýna sem send eru til rannsóknar núna staðfesti að um svínaflensu sé að ræða. Sýnin séu að vísu ekki mjög mörg, þar sem ákveðið hafi verið að draga úr fjölda þeirra, en hlutfallið segi sína sögu.

„Það eru því miklar líkur á því að fólk sem er með inflúensulík einkenni sé með svínaflensu."

Varðandi bólusetningu segir Haraldur að það komi í lok mánaðarins. Allir, sem ekki hafi fengið staðfest að þeir hafi fengið svínaflensu, eigi að láta bólusetja sig.

- jss

HARALDUR BRIEM Sóttvarnalæknir segir að allir sem ekki hafi fengið staðfest að þeir hafi fengið svínaflensu eigi að láta bólusetja sig.

Fjölmiðlun í Borgarfirði:

Nemar skrifa í Skessuhorn

FJÖLMIÐLAR Nemendur í fimmta bekk Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum eiga nú í samstarfi við Skessuhorn um útgáfu á bekkjarblaði. Þetta kemur fram á vef Borgarbyggðar.

„Eitt af verkefnum þeirra í íslensku í vetur er að gera fréttablað. Nemendur hafa þegar hafist handa við gerð blaðsins og mun Magnús Magnússon, ritstjóri á Skessuhorni, vera þeim sérlegur ráðgjafi. Efni blaðsins mun einnig birtast á síðum Skessuhorns. Mikill áhugi er meðal krakkanna á þessu verkefni og eru þau í óðaönn að undirbúa greinar, viðtöl og fleira," segir á borgarbyggd.is. - gar

FREDERIC MITTERAND Uppljóstranir í sjálfsævisögu koma honum í koll. NORDICPHOTOS/AFP

Í vandræðum eftir stuðning við Roman Polanski:

Ráðherra hvattur til að segja af sér

FRAKKLAND, AP Öll spjót standa nú á Frederic Mitterand, menningarmálaráðherra í ríkisstjórn Frakklands, og er hann hvattur til að segja af sér.

Eindreginn stuðningur Mitterands við pólska kvikmyndaleikstjórann Roman Polanski varð til þess að stjórnmálamenn lengst á hægri vængnum fóru að grafa upp sitthvað misjafnt úr fortíð Mitterands sjálfs.

Í ljós kom að í sjálfsævisögu sinni, sem kom út árið 2006, viðurkennir Mitterand, sem er tvíkynhneigður, að hafa átt erfitt á yngri árum og meðal annars oft borgað fyrir kynlíf með drengjum í Taílandi. Hann svarar því til að hann noti orðið „drengur" ekki í bókstaflegum skilningi, og sé alls ekki barnaníðingur.

Engu að síður hafa fleiri en hægri menn tekið málið upp á arma sína, og munar þar mestu um raddir úr Sósíalistaflokknum.

Arnaud Montebourg, þingmaður Sósíalistaflokksins, hvetur bæði Nicolas Sarkozy forseta og Francois Fillon forsætisráðherra til að reka Mitterand úr ríkisstjórninni, því hann hafi vísvitandi brotið lög.

„Það er ómögulegt að ráðherra, sem er fulltrúi Frakklands, geti hvatt fólk til þess að fara þvert gegn baráttumáli gegn kynlífsferðum, sem hann sjálfur hefur tekið að sér á alþjóðavettvangi," segir Montebourg. - gb

DAGSKRÁ

13.10.2009 kl. 13:00 í Laugardalshöll, ráðstefnusal 3

13:00 **Opening of symposium**
Sveinn I. Ólafsson, Managing Director, Verkis
13:15 **Introduction**
Guðjón L. Sigurðsson, PLDA Lighting Designer, IS
13:30 **Life cycle of a lighting installation**
Kevan Shaw, BSc. PLDA, IALD, Design Director, UK
14:15 **Can the beauty of daylight be a sustainable lighting strategy?**
Merete Madsen, Architect maa, Ph.D. Lighting Architect, DK
15:00 **Coffee break**
15:20 **The effects of light on human health and behaviour**
Dr. George C. Brainard, Ph.D. Neurology, USA
16:15 **Putting people at heart of lighting**
Martin Lupton, PLDA President, Chair Lighting, UK
16:45 **Panel discussion**
17:15 **Drinks reception**

Málþing
Ljósgæði | Lífsgæði

Ljósgæði | Lífsgæði

Áherslur í mannvirkjagerð eru að breytast. Þekking á áhrifum umhverfisins á manneskjuna er að aukast og krafan um umhverfisvitund eykst um leið. Það á ekki síst við um lýsingu, þar sem kröfur um orkusparnað og vellíðan verða stöðugt mikilvægari. Verkís stendur fyrir málþingi um sjálfbærni bygginga og lýsingarhönnun á þriðjudaginn 13. október. Málþingið verður í Laugardalshöll, ráðstefnusal 3, kl. 13:00. Fyrirlesarar eru sérfræðingar sem eru virkir í rannsóknum og lýsingu mannvirkja, jafnvel mannvirkja í geimnum.
Nánari upplýsingar á www.verkis.is/malthing. Skráning á www.midi.is

VERKÍS Verkfræðistofa

Verkís hf | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | verkis@verkis.is | www.verkis.is

SÍÐUSTU EINTÖK ÁF 2009 LÍNU KING KOIL

35-50% AFSLÁTTUR

ATH! AÐEINS ÚT ÞESSA VIKU

ÖRFÁ EINTÖK!
FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR!
☺

ARGHI 1009

AVERY
King Size (193x203)
Verð 264.968 kr.
Verð nú 132.484 kr.
= 50% AFSLÁTTUR

ECHO BAY FIRM
Cal King Size (183x203)
Verð 305.050 kr.
Verð nú 198.282 kr.
= 35% AFSLÁTTUR

AC 12
Þrýstijöfnunarrúm
Queen Size (153x203)
Verð 236.340 kr.
Verð nú 139.440 kr.
= 41% AFSLÁTTUR

BAL HARBOR
King Size (193x203)
Verð 359.390 kr.
Verð nú 215.643 kr.
= 40% AFSLÁTTUR

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Blái húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

398

BÓNUS FERSKIR BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR 398 kr.kg.

1698

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR 1698 kr.kg.

N.V FERSKIR NAUTABORGA
498 kr

398

G.V FERSKT GRÍSAHAKK 398 kr.kg.

798

G.V FERSKT GRÍSASNITSEL 798 kr.kg.

798

G.V FERSKT GRÍSAGÚLLAS 798 kr.kg.

798

Hálfur lambsskrokkur frosinn niðursagaður í poka 798 kr.kg.

498

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr.kg.

398

K.F NÝTT KJÖTFARS 398 kr.kg.

KJARNAFÆÐI

1189

K.S FERSKT LAMBALÆRI/ *NÝSLÁTRAÐ 2009*
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 15% AFSLÁTTUR 1189 kr.kg.



198

K.S FROSINN INNMATUR 198 kr.kg.
HJÖRTU OG LIFUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ

8

RAR *4 STK M/BRAUÐI*
r.

1298

G.V FERSKAR GRÍSALUNDIR **1298 kr.kg.**
1500 STK Í BOÐI, TAKAMARKAÐ MAGN.

898

N.V FERSKT NAUTAHAKK **898 kr.kg.**



398

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR **398 kr.kg.**

898

K.F LAMBASALTKJÖT 1.FLOKKUR
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR **898 kr.kg.**

259

BÓNUS NÝBAKAÐAR KJALLARABOLLUR
4 STK **259 kr.**

259

BÓNUS NÝBAKAÐAR LANGLOKUR
4 STK **259 kr.**

259

MYLLU KRYDDKAKA *440g* **259 kr.**

298

BÓNUS ÍS 2 LTR. **298 kr.**

698
698 kr. 8 ltr.

4FYRIR3

COKE TILBOÐ 4 FL. x 2 LTR.= 8 LTR. **698 kr.**

1359

K.F FROSNAR LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
MERKT VERÐ 1698 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR **1359 kr.kg.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

FRÉTTAVIÐTAL: Umhverfismál á heimskautasvæðum

Mörgæsir í vanda vegna hækkandi hita

Ótrúlega margir þekkja vel til verka Yvons le Maho, þótt fæstir Íslendingar hafi heyrt minnst á þennan hægláta Frakka. Hann er einn af vísindamönnunum sem stóðu að kvikmyndinni Ferðalag keisaramörgæsanna og á að baki áratugarannsóknir á heimskautasvæðum. Hann berst nú fyrir því að þjóðir heims átti sig á vaxandi vanda vegna hækkandi hitastigs sjávar.

Þótt mörgæsir og ísbirnir hittist aldrei í sínu náttúrulega umhverfi eiga þessar heimskautategundir það sameiginlegt að ef hitastig sjávar hækkar þó ekki sé nema um nokkur brot úr gráðu getur það gjörbreytt lífslíkum þeirra, og jafnvel orðið til þess að þessar tegundir deyi út.

Franski náttúruvísindamaðurinn Yvon le Maho er einn helsti sérfræðingur heims um umhverfismál á heimskautasvæðum, og hefur tileinkað síðustu tæpa fjóra áratugi rannsóknum á lífverum á heimskautasvæðum. Hann berst nú fyrir því að þær dýrategundir sem kunna best við sig í frosti og snjó eigi möguleika á því að blómstra og dafna á komandi árum og áratugum.

Maho hefur haldið fyrirlestra víða um heim undanfarið um hlýnun jarðar og það hvernig mörgæsir á Suðurskautslandinu takast á við umhverfisógn og loftslagsbreytingar. Hann hélt fyrirlestur hér á landi í gærkvöldi á vegum Alliance Française.

„Ég valdi þetta umræðuefni til þess að taka dæmi um hvernig breyting á loftslagi jarðarinnar getur haft bein áhrif á þær lífverur sem hér búa. Öfugt við það sem maður myndi halda er kuldinn ekki helsta vandamál mörgæsa á Suðurskautslandinu heldur hitinn," segir Maho.

Örlítil breyting hefur slæm áhrif

„Þrátt fyrir frábæra aðlögunarhæfni, sem hefur gert keisaramörgæsum og konungsmörgæsum kleift að lifa og dafna á Suðurskautslandinu, lenda þessar tegundir í miklum vanda þegar hitastig sjávar hækkar, þótt ekki sé nema um brot úr gráðu," segir Maho.

Hækki meðalhitastig sjávar um 0,3 gráður á Celsíus minnka lífslíkur mörgæsanna úr 95 prósent í 85 prósent vegna minna fæðuframboðs.

„Þessi örlitla breyting ein og sér hefur nægjanleg áhrif til að breyta fæðukeðjunni við Suðurskautslandið," segir Maho. „Við vitum auðvitað að það eru sveiflur í árferði, það koma hlý ár og það koma köld ár. Þrátt fyrir það hafa stofnarnir haldist í jafnvægi þar til nú."

FUGLABREIÐA Hvorki konungsmörgæsir né keisaramörgæsir eru í útrýmingarhættu, en það gæti breyst hækki hitastig sjávar áfram á næstu árum. NORDICPHOTOS/AFP

Það sama má raunar segja um norðurheimskautið, þar sem hlutfallslega lítil hækkun á sjávarhita getur minnkað hafísbreiðuna verulega. Það getur haft þær afleiðingar að hvítabirnir eigi erfiðara með að nálgast fæðu. Vandamálið er það sama á báðum pólum, sem og orsökin, segir Maho.

Munurinn á stöðu hvítabjarna og mörgæsanna er sá að hvítabirnirnir eru nú þegar í útrýmingarhættu, en keisara- og konungsmörgæsir eru ekki í svo aðkallandi hættu. Enn sem komið er.

Mikilvægir fiskistofnar í hættu

Þótt vandi mörgæsa og hvítabjarna sé aðkallandi, og ætti í raun að vera nóg til að gripið verði til aðgerða, hefur mannkynið fleiri hvata til að reyna að stöðva hlýnun sjávar, segir Maho.

Ef 0,3 gráðu hækkun á meðalhita sjávar dugir til að breyta hegðun fisks sem mörgæsir við suðurskautið reiða sig á til átu ættu þeir sem reiða sig á fiskveiðar að hugleiða alvarlega hvaða áhrif hækkandi hitastig hefur á þá fiskistofna sem halda heilu þjóðunum uppi, segir Maho.

Þau vandamál muni koma fyrst og verst við fátækustu þjóðir heims, sem megi sannarlega ekki við því að fiskistofnar hrynji.

Fjárhagslegur hvati lykillinn

Þrátt fyrir alvarlega stöðu segist Maho bjartsýnn á að hægt verði að hægja á hækkun hitastigs á jörðinni. Hann segir þær leiðir sem farnar hafi verið hér á landi gott dæmi um það, áherslan verði að vera á endurnýjanlega og umhverfisvæna orkugjafa.

ÞEKKTUR Þótt fáir þekki Yvon le Maho í sjón þekkja margir kvikmynd sem hann tók þátt í að gera um 70 kílómetra göngu sem keisaramörgæsir á Suðurskautslandinu leggja á sig ár hvert í fimbulkulda og myrkri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Rík lönd bera mikla ábyrgð gagnvart fátækari ríkjum," segir Maho. Þrátt fyrir efnahagslegt hrun hér á landi verði Íslendingar að átta sig á því að þeir hafi það mjög gott samanborið við margar aðrar þjóðir.

Hann segir lykilinn að því að fá fólk til að breyta um lífsstíl hratt vera fjárhagslegan hvata. Gríðarlegri orku sé sóað í Bandaríkjunum með því að nýta ekki almenningssamgöngur og lestir meira, og með því að einangra hús illa eða ekki. Þessu sé hægt að breyta með því að koma í gagnið sköttum eða skattaafslætti til að hvetja fólk til þess að velja umhverfisvæna kosti.

„Það eru alltaf til leiðir til að minnka þau áhrif sem við höfum á umhverfið. Í Frakklandi er verið að hanna háhraðalestarkerfi sem á að verða betri valkostur en innanlandsflug. Svona verða þjóðir heims að fara að hugsa," segir Maho.

Verði ekkert gert til að koma í veg fyrir hækkandi hitastig mun það hafa hörmulegar afleiðingar, segir Maho. Ekki bara fyrir fjölbreytileika dýralífs á jörðinni, heldur einnig fyrir efnahag jarðarbúa. Við því verði að sporna.

FRÉTTAVIÐTAL
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

GEYMA MAT VIKUM SAMAN Í MAGANUM

„Ég hef eytt megninu af mínum ferli sem vísindamaður í að rannsaka hvernig mörgæsir og önnur heimskautadýr hafa aðlagast erfiðum aðstæðum," segir Yvon le Maho.

Ein aðferðin sem mörgæsir nota er að geyma mat í maganum svo vikum skiptir. Þannig geymist fiskur án þess að skemmast í maga þeirra, þrátt fyrir að hitastigið þar sé um 37 gráður, segir Maho.

„Ég komst að því nýlega að mörgæsirnar framleiða efni í maganum sem drepur sveppi og bakteríur sem myndast þegar fiskur er geymdur í 37 gráðu hita lengi," segir Maho.

Undir venjulegum kringumstæðum yrði fiskurinn óhæfur til átu eftir margar vikur, og jafnvel eitraður, en þessi einkennilega leið mörgæsanna sýnir að þær hafa aðlagast vel og geta geymt mat lengi án þess að hann frjósi eða skemmist.

„Við höfum fundið heila, óskemmda fiska í maganum á mörgæsum allt að fjórum vikum eftir að þær átu fiskinn," segir Maho.

Hann bendir á að mögulega verði niðurstöður þessarar rannsóknar á mörgæsum til þess að nýjar aðferðir verði þróaðar til að geyma fisk og önnur matvæli í framtíðinni. Þá sé mögulegt að þær geti nýst við þróun lyfja í framtíðinni.

SÍLSPIKAÐIR Ungar konungsmörgæsarinnar eru stríðaldir af foreldrum sínum, en á ákveðnum tímapunkti fer í gang líffræðilegt ferli hjá foreldrunum og þeir yfirgefa ungana. NPRDICPHOTOS/AFP

HITABELTISLOFTSLAG HJÁ MÖRGÆSUNUM

Flestir sem hafa séð kvikmyndina Ferðalag keisaramörgæsanna, sem Yvon le Maho stóð að ásamt öðrum vísindamönnum, minnast þess að hafa séð stóra hópa af mörgæsum hjúfra sig saman til þess að halda á sér hita í fimbulkulda Suðurskautslandsins.

Síðan myndin var gerð hefur Maho haldið áfram rannsóknum á þessu atferli og gert ótrúlegar og óvæntar uppgötvanir.

„Með því að hjúfra sig saman búa mörgæsirnar til hitabeltisloftslag í miðju hópsins," segir Maho. Þó að á Suðurskautslandinu sé nístandi frost er hitinn í miðju hópsins nálægt 37 gráðum á Celsíus.

Hitinn er raunar svo mikill að mörgæsirnar halda það ekki lengi út í hlýjunni, og er hver fugl yfirleitt ekki lengur í hópknúsinu en 45 mínútur áður en hann yfirgefur miðjuna til að kæla sig niður, segir Maho.

Ómögulegt hefði verið að komast að þessu með því að fylgjast með fuglunum sjálfum, enda mörgæsirnar hver annarri líkar. Maho segir að þar hafi verkfræðingar komið honum til aðstoðar og hannað ljósmæla og hitamæla sem hægt var að festa á mörgæsirnar.

Með því að mæla birtumagnið í kringum fuglana mátti sjá hvenær þær tróðu sér inn í hópinn, og um leið hvenær þær fengu nóg af hitasvækjunni og fóru aftur út í kuldann.

HÓPUR Þegar þúsundir mörgæsa hópast saman í þétta þvögu verður hitinn í miðju þvögunnar um 37 gráður, og þurfa mörgæsirnar að kæla sig niður eftir um 45 mínútur í þessu tilbúna hitabelti. NORDICPHOTOS/AFP



Hnakkaþjófar dæmdir:

Stálu fyrir tólf milljónir króna

DÓMSMÁL Fjórir einstaklingar sem brutust inn í hesthús, stálu fjölda hnakka og seldu suma hafa verið dæmdir til fimm, sex og níu mánaða fangelsisvistar. Refsingin er í öllum tilvikum skilorðsbundin.

Fólkið, karlmaður og þrjár konur, braust inn í tuttugu og fjögur hesthús. Það stal hnökkum og fleiru að andvirði um tólf milljónir króna, að því er fram kemur í dómi Héraðsdóms Reykjaness.

Þar segir að þau hafi gengið „ákveðin og skipulega til verks og hafa þannig sýnt af sér mikinn og einbeittan brotavilja“.

- jss

Vegagerðin vegur og metur sparnaðarkosti vegna kröfu um sparnað:

Niðurskurður liggi fyrir í lok mánaðar

SAMGÖNGUR Gert er ráð fyrir að í lok þessa mánaðar liggi fyrir tillögur Vegagerðarinnar um hvar borið verði niður með niðurskurðarhnífinn vegna tíu prósenta sparnaðarkröfu sem lögð hefur verið á stofnunina vegna næsta árs. Þetta segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

„Það hefur hins vegar ekki enn verið ákveðið hvar nákvæmlega verður borið niður,“ segir Hreinn og áréttar að reynt verði eftir megni að láta niðurskurð ekki bitna á þáttum sem snúa að umferðaröryggi. Þannig verði götur saltaðar og snjómokstur stundaður í samræmi við þær reglur sem Vegagerðin hefur stuðst við.

HREINN HARALDSSON

Hann segir hins vegar ljóst að ekki sé svigrúm til að veita meiri þjónustu en reglurnar kveða á um. Þannig geta staðir sem skilgreindir hafa verið utan vetrarmoksturssvæða ekki vænst þess að fá slíka þjónustu, þótt það kunni að hafa gerst í einhverjum tilvikum áður. „Þarna eru undir Norðurstrandir, Hrafnseyrarheiði, Dynjandisheiði, Öxi og Mjóafjarðarheiði, svona til að nefna einhver dæmi,“ segir Hreinn. „En að baki eru bæði snjólétt ár og menn höfðu kannski rýmri fjárhag og þá leyfðu menn sér kannski að gera ýmislegt fram yfir stífustu reglur. En nú skoða menn hvernig hægt er að halda í þær reglur sem í gildi eru, en ná samt um leið fram þessum sparnaði.“

- óká

SNJÓMOKSTUR Vegagerðin heldur úti söltun og snjómokstri þrátt fyrir tíu prósenta niðurskurð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á HELLISHEIÐI Átta af ríkjum Bandaríkjanna búa að jarðvarmavirkjanakostum líkum þeim sem þekkjast hér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslandsbanki um orku í BNA:

Bjart yfir en lítið um peninga

BANDARÍKIN Horfur á sviði jarðvarmavirkjana í Bandaríkjunum eru góðar, þrátt fyrir að nú um stundir kunni að vera erfitt að tryggja fjármögnun. Þetta er ein af niðurstöðum þriðju árvissu skýrslu Íslandsbanka (áður Glitnis) um jarðvarmaiðnað vestra sem út kom í gær.

Fram kemur að orkuframleiðsla með jarðvarma hafi aukist um sjö prósent milli ára, en 82 prósent framleiðslunnar séu í Kaliforníu. Verkefni sem eru í gangi þarfnast fjármögnunar upp á um 26 milljarða dala (yfir 3.200 milljarða króna), samkvæmt skýrslunni. Afla þarf upphæðarinnar að tveimur þriðju á árunum 2012 til 2014.

- óká

Niðurskurði til SÁÁ mótmælt:

Skert framlög bitna mest á þeim veikustu

HEILBRIGÐISMÁL Niðurskurði til Sjúkrahússins Vogs var mótmælt harðlega á baráttu- og samstöðufundi Samtaka um áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, SÁA. Húsfyllir var á fundinum þar sem meðal annars Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ræddi um fyrirhugaðan niðurskurð í ríkisfjármálum. Ályktun stjórnar samtakanna gegn niðurskurðinum var lesin upp en þar kemur meðal annars fram að skert framlög til Vogs bitni einungis á þeim sem eru í brýnustu þörf fyrir sjúkrahúsvist.

Formaður SÁÁ, Þórarinn Tyrfingsson, átti síðasta orðið en hann hvatti fólk til að þjappa sér saman og standa vörð um áfengis- og vímuefnameðferð á Íslandi.

- sbt

ALÞINGI

Birkir spyr um fækkun starfa

Birkir Jón Jónsson Framsóknarflokki hefur lagt fram fyrirspurn til fjármálaráðherra um hve ætla má að opinberum störfum fækki miðað við forsendur fjárlagafrumvarps næsta árs.

Og um skattstjóra

Þá spyr hann ráðherra hvort hann ætli að beita sér fyrir að aðsetur embættis ríkisskattstjóra verði á landsbyggðinni, til dæmis, á Akureyri, gangi áform um breytingar á skattumdæmum eftir.

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

Fjöldi viðskipta: 18 **Velta:** 213,4 milljónir

OMX ÍSLAND 6
802 **+0,81%**

MESTA HÆKKUN

EIK BANKI	+12,22%
FØROYA BANKI	+1,08%

MESTA LÆKKUN

ATLANTIC PETR.	-16,67%
ÖSSUR	-2,44%
MAREL FOOD SYS.	-1,3%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atlantic Petroleum 200,00 -16,67% ... Bakkavör 1,65 +0,00% ... Føroya Banki 140,50 +1,08% ... Icelandair Group 2,45 +0,00% ... Marel Food Systems 65,00 -1,37% ... Össur 120,00 -2,44%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Gott og slæmt að mati Gauta

Gauti B. Eggertsson, hagfræðingur við seðlabanka New York-ríkis í Bandaríkjunum, hefur tekið saman lista á bloggsíðu sinni yfir verstu mistökin sem gerð voru í aðdraganda hrunsins hér í fyrra. Ástarbréf Seðlabankans, endurhverf viðskipti sem gerðu bönkum kleift að sækja sér fé hjá Seðlabankanum í skiptum fyrir misgóðar tryggingar, vermir toppsætið. Gauti segir Seðlabankann hafa tapað þrjú hundruð milljörðum króna á viðskiptunum og gert hann gjaldþrota. Gjaldþrot seðlabanka er einsdæmi í vestrænni sögu, að því er hann best telur. Í öðru sæti eru neyðarlögin. Gauti telur að tryggðar innistæður hafi átt að vera forgangskröfur líkt og víða tíðkist. Við það hefðu allar eignir Landsbankans fyrst gengið upp í Icesave-skuldina. Skaði þjóðarbúsins hefði því orðið nær enginn og deilur við Breta og Hollendinga aldrei orðið. Viðtal Kastljóssins við Davíð Oddsson, þáverandi seðlabankastjóra, vermir þriðja sætið. Gauti segir það heimshneyksli og valdið vatnaskilum enda hafi það í raun verið yfirlýsing um að íslenska ríkið myndi ekki standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Icesave-málið allt fellur sömuleiðis í þriðja sætið yfir verstu mistökin.

Jákvæðir póstar

Þrátt fyrir neikvæðan tón segir Gauti nokkra jákvæða punkta í hrunadansinum. Neyðarlögin segir hann jafnt verst sem best. Þrátt fyrir galla á lögunum hafi þau nægt til að halda bankakerfinu hér gangandi. Það sé afrek. Á meðal annarra jákvæðra pósta, að mati Gauta, er skipan sérstaks saksóknara og Rannsóknarnefndar Alþingis og val á þeim Gylfa Magnússyni og Rögnu Árnadóttur í ráðherrastóla. Þótt Gauti lýsi ánægju sinni yfir ráðningu Más Guðmundssonar í starf seðlabankastjóra telji hann Þorvald Gylfason, annan umsækjanda um stöðuna, ekki hafa verið síðri kost.

Alcoa yfir spám

Álrisinn Alcoa, sem meðal annars rekur Fjarðarál, hagnaðist um 77 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 9,6 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi. Þetta er þvert á væntingar helstu greinenda, sem bjuggust almennt við taprekstri hjá fyrirtækinu.

Flestir þeirra erlendu fjölmiðla sem fjölluðu um málið í gær eru sammála um að hagnaður fyrirtækisins liggi að mestu í hagræðingaraðgerðum stjórnenda fyrirtækisins gegn kreppunni. Fyrirtækið hafi dregið úr framleiðslu og sagt upp tæpum þriðjungi starfsfólks síðasta árið.

Bjartsýni gætti í kjölfar afkomufréttarinnar og hækkuðu hlutabréf á flestum mörkuðum í gær. **- jab**

Bankar endurfjármagna Haga

HAGKAUP Í SKEIFUNNI Hagar áttu tæpan helmingshlut í Húsasmiðjunni þar til á þriðjudag þegar Landsbankinn gekk að veðum.

„Við höfum unnið að þessu megnið af árinu," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga, móðurfélags Hagkaupa, Bónuss og fjölda annarra verslana en greint var frá því í gær að félagið hafi undirritað samning við Nýja Kaupþing og Landsbankann (NBI) um endurfjármögnun á skuldabréfaflokki sem er á gjalddaga 19. október næstkomandi.

Hagar gáfu skuldabréfin út í kringum 2003. Nafnvirðið nam sjö milljörðum króna og bera skuldabréfin 5,6 prósent verðtryggða vexti. Uppreiknað verð þeirra nemur tíu milljörðum króna. Þetta jafngildir rúmum áttatíu prósentum af fjármögnun Haga, að sögn Finns Árnasonar forstjóra.

Samningurinn er með fyrirvara um áreiðanleikakönnun og samþykki lánanefnda bankanna. Það mun vera á lokametrunum. Hagar áttu 43 prósenta hlut í Húsasmiðjunni en Vestia, dótturfélag Landsbankans, tók hann yfir á þriðjudag. Við það varð eignahlutur Haga að engu og hefur það verið afskrifað. **- jab**

Í KÁRAHNJÚKAVIRKJUN Verðið sem meðalfjölskyldan borgaði fyrir rafmagnsnotkun sína í fyrra er sagt 30 prósentum lægra en árið 1997. Í skýrslu sem kynnt var á fundi Samorku á miðvikudag er lækkunin að stórum hluta rakin til hagræðingar vegna orkusölu til orkufreks iðnaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enn lágir stýrivextir í Evrópu

Bankastjórn evrópska seðlabankans og peningastefnunefnd Englandsbanka ákváðu báðar í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Stýrivextir á evrusvæðinu eru 1,0 prósent en 0,5 prósent í Bretlandi. Vextirnir voru lækkaðir hratt þegar fjármálakreppan herti tök sín á efnahagslífi heimsins í fyrrahaust og hafa þeir aldrei verið lægri.

Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri evrópska bankans, sagði á vaxtafundi í gær rétt að halda vöxtum lágum og gaf í skyn að bankinn muni ekki auka peningalegt aðhald á evrópskum fjármálamörkuðum fyrr en aðildarríki myntbandalagsins ná að rétta úr kútnum. Þá tók hann undir með AGS og sagði að þótt vísbendingar séu um efnahagsbata í Evrópu verði vegferðin upp á við hæg og vandasöm. **- jab**

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

TRICHET Bankastjóri evrópska seðlabankans segir ekki verða gerðar breytingar á vaxtastigi á evrusvæðinu fyrr en efnahagsbati verði varanlegur.

Borga minna vegna stóriðju

Ný skýrsla um áhrif orkusölu til orkufreks iðnaðar á raforkuverð til heimila sýnir að hagræðing hefur leitt til lægra raforkuverðs. Ein af forsendum skýrslunnar er að virkjanaframkvæmdirnar standi undir sér og ekki sérstakt tillit tekið til skuldsetningar orkusölufyrirtækja.

JÓHANNES GEIR SIGURGEIRSSON

Stærra raforkukerfi með meiri sölu til orkufreks iðnaðar hefur leitt til lækkunar á almennu verði raforku.

Þetta er meðal niðurstaðna Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Landsvirkjunar, í nýrri skýrslu AtvinnuLífsinsSkóla um raforkuverð á Íslandi á árunum 1997 til 2008. Niðurstöðurnar voru kynntar á fundi Samorku um miðja vikuna.

Fram kemur í skýrslunni að meðalfjölskyldan hafi greitt 30 prósentum lægra verð fyrir heimilisnotkun á raforku í fyrra, en hún gerði árið 1997. Á verðlagi síðasta árs voru greiddar 52.400 krónur fyrir 4.400 kílóvattsstundir á ári, í stað 74.500 króna árið 1997.

„Í skýrslunni er sett fram sú kenning að lækkunin sé að miklu leyti komin til vegna þess að með stóraukinni sölu til orkufreks iðnaðar verði til reiðu- eða umframafl sem hægt sé að nýta til að framleiða fyrir orkutoppana á almenna innlenda markaðinum," segir á vef Samorku.

Jóhannes Geir segir að í útreikningunum sé ekki tekið sérstakt tillit til þeirrar skuldsetningar sem fylgir uppbyggingu stærra raforkukerfis. „Það breytir í sjálfu sér ekki þessari mynd þó maður gefi sér að þær framkvæmdir sem farið hefur verið í og orkusala þar að baki standi undir skuldsetningunni. Og bendir svo sem ekkert til annars þó að einstaka fyrirtæki geti lent í vandræðum með endurfjármögnun ef við verðum áfram einangruð eyja í fjármálalegu tilliti. Ef það gerist verður nú margt annað sem við þurfum líka að hafa áhyggjur af," segir Jóhannes Geir.

Í skýrslunni kveðst hann reyna að kafa ofan í eðli orkumarkaðarins og hvort þar sé að finna orsakasamhengi. „Niðurstaðan er sú að það sé til staðar því þarna geta menn samnýtt dýrustu þættina í aflinu, annars vegar aukaaflið sem þarf að vera til staðar til að mæta sveiflunni á innanlandsmarkaði og svo er það þannig með orkufreka iðnaðinn að hann tekur 80 prósent aflsins og tekur jafnt allt árið, en virkjanirnar geta ekki framleitt allt árið. Þær þarf að stoppa vegna viðhalds og af ófyrirséðum orsökum og þurfa því líka að hafa uppsett afl umfram sína notkun og sé hægt að samnýta þetta fæst af því ávinningur," segir hann og kveður að í skýrslunni nýju sé komist að þeirri niðurstöðu að sá ávinningur hafi skilað sér til hins almenna notanda síðustu ár.

olikr@frettabladid.is

Fundur með kröfuhöfum 20. október 2009

Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun og skilanefnd Kaupþings banka hf. boða til kröfuhafafundar kl. 10:00 þriðjudaginn 20. október 2009 á hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Skilanefndin mun gefa yfirlit yfir rekstur bankans og skýra frá þróun mála frá síðasta fundi með kröfuhöfum sem haldinn var í febrúar 2009. Kynntur verður samningur um uppgjör á milli Kaupþings og Nýja Kaupþings banka sem undirritaður var 3. september 2009. Einnig fá kröfuhafar kynningu á nýjustu fjárhagsupplýsingum um bankann.

Í lok fundarins verður rætt um mögulega framlengingu á heimild Kaupþings banka hf. til greiðslustöðvunar. Eins og kröfuhöfum er kunnugt veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Kaupþingi banka heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 og fól Ólafi Garðarssyni hrl. að gegna starfi aðstoðarmanns við greiðslustöðvun. Verði ákveðið að óska eftir áframhaldandi greiðslustöðvun fer þinghald fram í Héraðsdómi Reykjavíkur 13. nóvember 2009. Af þessum sökum og með vísan til laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. er aðstoðarmanni við greiðslustöðvun skylt að boða til fundar með kröfuhöfum bankans til að fjalla um áframhaldandi greiðslustöðvun og fjárhagslega endurskipulagningu.

Á fundinum munu hvorki fara fram atkvæðagreiðslur né teknar ákvarðanir, enda er ekki mælt fyrir um slíkt í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Rétt til fundarsetu eiga þeir sem eiga kröfu á hendur Kaupþingi banka hf. Skráningarform á heimasíðu Kaupþings banka, www.kaupthing.com, skal fylla út í síðasta lagi 17. október til að öðlast aðgang að fundinum.

Fyrir hönd Kaupþings banka hf.
Ólafur Garðarsson hrl., aðstoðarmaður
við greiðslustöðvun, og skilanefnd Kaupþings banka hf.

KAUPÞING

TAKTU ÞÁTT
Í PLAYMOBILLEIKNUM
OG SKRÁÐU STRIKAMERKIÐ
Á WWW.BYLGJAN.IS

30 ÁR MEÐ PLAYMOBIL Á ÍSLANDI

playmobil

playmobil FunPark

1.verðlaun
Ferð fyrir 4 til Þýskalands
í Playmobil Park

2.verðlaun
Stærsti Playmobilkassi
að eigin vali

3.verðlaun
Miðstærð Playmobil kassi
að eigin vali

30% afsláttur af playmobileggjum. Aðeins þessa helgi

Riesenspaß im Osterei mit PLAYMOBIL

playmobil

Samkaup úrval

nettó
ódýrt fyrir heimilið!

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrir hönd annarra:

Afsökunarbeiðni forsætisráðherra

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur í tvígang á stuttum ferli í embætti beðist afsökunar úr ræðustól Alþingis. Í fyrra sinnið, í mars, bað hún fyrrverandi vistmenn á Breiðavíkurheimilinu og fjölskyldur þeirra afsökunar á ómannúðlegri meðferð sem þeir sættu þar. Hún gerði það fyrir hönd stjórnvalda og þjóðarinnar.

Síðara skiptið var á þriðjudag. Þá bað Jóhanna íslensku þjóðina afsökunar á vanrækslu og andvaraleysi stjórnvalda vegna hrunsins. Hún gerði það fyrir hönd ríkisins og stjórnsýslunnar.

Þar sem fátítt er að íslenskir ráðherrar biðjist afsökunar vekur óneitanlega athygli að Jóhanna Sigurðardóttir skuli í tvígang á sjö mánuðum biðjast afsökunar á gjörðum annarra.

Fyrra tilvikið er í ætt við kunn dæmi úr heimssögunni. Stjórnvöld biðjast afsökunar á áratuga- eða aldagömlum misgjörðum þáverandi valdhafa, oftast gagnvart afmörkuðum hópi. Með því viðurkenna þau að forverarnir hafi gert rangt, lýsa iðrun vegna þess og vona að sagan endurtaki sig ekki.

Afsökunarbeiðni þriðjudagsins er af öðrum meiði. Vanrækslan og andvaraleysið sem Jóhanna baðst afsökunar á átti sér stað fyrir fáeinum misserum.

Áður en að afsökunarbeiðninni kom í þingræðunni á þriðjudag ræddi Jóhanna um sjálfa sig. Hún sagðist í störfum sínum sem alþingismaður hafa þrásinnis spurt stjórnvöld um stöðu bankakerfisins en engin skýr og skilmerkileg svör fengið. Þó hefði jafnan verið undirstrikað að engin hætta væri á ferðum. Þannig kom Jóhanna því til skila að hún sjálf bæri ekki ábyrgð á því sem aflaga fór.

En við hvaða stjórnvöld átti hún? Í raun er aðeins um fá tiltekin embætti í ríkisstjórn og stjórnsýslunni að ræða. Þeir sem gegndu þeim frá einkavæðingu bankanna, sem Jóhanna segir frumrót ófaranna, eru: Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson, Geir Haarde, Valgerður Sverrisdóttir, Árni Mathiesen, Jón Sigurðsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Björgvin Sigurðsson, Eiríkur Guðnason, Ingimundur Friðriksson, Páll Gunnar Pálsson og Jónas Fr. Jónsson.

Þetta er sem sagt fólkið sem bar ábyrgð á vanrækslunni og andvaraleysinu sem Jóhanna gerði að umtalsefni á þriðjudag og baðst afsökunar á. Allt er þetta fólk í fullu fjöri og líklega vel fært um að biðjast afsökunar sjálft, sjái það til þess ástæðu.

Það er rétt sem Jóhanna sagði í ræðunni að þjóðin á heimtingu á afsökunarbeiðni vegna hrunsins. En það er ekki sama hvaðan hún kemur. Afsökunarbeiðni í krafti embættis er með öllu gagnlaus. Hún verður að hrjóta af vörum þeirra sem ábyrgðina báru.

Afsökunarbeiðni getur aldrei verið útspil í pólitík. Hún verður að vera sönn. Afsökunarbeiðni þriðjudagsins ber með sér að hafa orðið til á skrifstofu við Lækjargötu fremur en í hjarta ráðherrans.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gísl í ríkisstjórn

Flesta stjórnmálamenn dreymir um að komast í ráðherrastól. Sama verður ekki sagt um háskólakennara, að minnsta kosti ef marka má viðtal við Gylfa Magnússon viðskiptaráðherra í Viðskiptablaðinu í gær. Ekki er á ráðherranum að skilja að hann sé sérstaklega sáttur við hlutskipti sitt. „Ég er fyrst og fremst háskólakennari í leyfi og finnst það skemmtilegri tilhugsun en að gera stjórnmál að ævistarfi. Ég átti von á því þegar mér var boðið þetta starf í lok janúar að ég *þyrfti* ekki að sitja nema fram

að kosningum en það hefur eitthvað framlengst." Er búið að innleiða vistarband í ríkisstjórnina?

Flott hjá okkur

Fundargerð peningastefnunefndar Seðlabankans var birt í gær. Þar kemur meðal annars fram að nefndarmenn fagna því að Seðlabankinn hafi nýlega gert mikilvægar ráðstafanir til að styrkja eftirlit með gjaldeyrishöftunum og framfylgd þeirra. Í peningastefnunefnd Seðlabankans sitja fimm manns, þar af þrír starfsmenn Seðlabankans: Már Guðmundsson, Arnór Sighvatsson og Þórarinn Pétursson. Þeir voru sem sagt að fagna eigin gjörðum.

En getið þið unnið saman?

„Við erum öll vinir og félagar og viljum vera það áfram," sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, á leið á þingflokksfund á miðvikudagskvöld. Það er gott og blessað en fullkomið aukaatriði eins og sakir standa. Aðalatriðið er hvort þingmenn Vinstri grænna geti komið sér saman um að vinna að stefnu ríkisstjórnarinnar. Þeirri spurningu hefur enn ekki verið svarað afdráttarlaust.

bergsteinn@frettabladid.is

Hugverkavaktin

PAWEL BARTOSZEK
Í DAG | Einkarekin tollsvæði

Ef einhver væri öruggur um að hlaða niður ólöglega fyrsta Fangavaktarþættinum, þá er það líklegast Ólafur Ragnar, söguhetja úr samnefndum þáttum. Söguþráðurinn skrifar sig nánast sjálfur: „Þetta er sko alveg löglegt, það er ekkert hægt að taka mann fyrir þetta, frændi minn er alltaf að dánlóda svona einhverju stöffi, og það er ekkert gert við hann," mundi Ólafur útskýra um leið og hann biði til sölu ylvolga Fangavaktar-mynddiska, beint úr brennaranum. Þátturinn myndi svo enda á Ólafi sitjandi skömmustulegum á meðan lögreglumenn og lögmaður SMÁÍS renna gaumgæfilega yfir hasarmyndirnar og klámið í fartölvunni hans.

Þeirri grundvallarhugmynd að listamenn, eða aðrir höfundar, eigi að geta ráðið hvernig verk þeirra séu notuð er erfitt að andmæla. Flestir geta til dæmis verið sammála um að tónlistarmaður eigi að fá greitt fyrir vinnu sína og geti sagt stopp þegar einhver hyggst nota verk hans í auglýsingu t.d. fyrir stjórnmálaflokk sem hann styður ekki. En gæti listamaðurinn beinlínis ákveðið að list hans eigi ekki erindi við ákveðinn hóp fólks? Til dæmis fólks af ákveðnum kynþætti, kynhneigð eða trú? En hvað þá þegar listamaðurinn, eða sá sem ráðstafar réttindum hans, ákveður að sköpun hans eigi einungis við fólk á ákveðnu landsvæði, til dæmis að hún skulið einungis seld í Bandaríkjunum? Ekki er víst að öllum þætti það eðlileg ráðstöfun á hugverkaréttindum, í það minnsta yrðu aðdáendur listamannsins utan Bandaríkjanna án efa lítt hrifnir.

Á meðan ráðamenn heimsins ræða af krafti um afnám viðskiptahindrana á kartöflur og frosnar fiskafurðir er verslun með tónlist og kvikmyndir enn föst í viðjum laga og venja sem sett voru utan um allt aðra tækni en þá sem við búum við í dag. Sem venjulegum íslenskum neytanda er undirrituðum til dæmis torskilið hvers vegna Íslendingar geti ekki keypt tónlist í gegnum vefverslun iTunes. Í öllu falli ætti EES-samningurinn nefnilega að tryggja okkur aðgang

Meginþrýstingur neytenda ætti að vera á yfirvöld: Þau ættu að tryggja að markaður með tónlist og kvikmyndir sé frjáls, opinn, alþjóðlegur og boðlegur hugsandi fólki.

að tónlistarverslunum í löndum Evrópu í krafti fjórfrelsis og þar með ættu íslenskir neytendur hið minnsta að geta verslað við danskar, þýskar eða breskar iTunes-verslanir. Vandinn liggur víst í því að danska iTunes verslunin hefur ekki flutningsrétt á tónlist á Íslandi, með öðrum orðum er litið á þessar verslanir sem útvarpsstöðvar!

Flókið net samninga um einkaleyfi á dreifingu og öðrum réttindum hafa í raun gert hvert ríki að sérstöku einkareknu tollsvæði með tónlist og kvikmyndir. Það er af þessum ástæðum sem Íslendingar geta til dæmis ekki hlaðið niður sjónvarpsþáttum sem oft eru aðgengilegir án endurgjalds í Bandaríkjunum. Bandarísku stöðvarnar hafa einungis dreifingarrétt í Bandaríkjum og því er lokað á niðurhal annars staðar frá, ef ske kynni að sjónvarpsstöð í öðru landi skyldi hafa áhuga á að taka þættina til sýninga. Hefðbundnar sjónvarpsstöðvar, sem eitt sinn voru lífsnauðsynlegur hlekkur í dreifingu afþreyingarefnis, eru þannig farnar að þvælast fyrir eðlilegum framförum.

Tilraunir til að læsa mynddiskum eftir landssvæðum eru annað dæmi um andstyggilegar tilraunir til að stýra aðgengi að afþreyingu fólks eftir því hvar það býr. En hér eins og annars staðar hefðu ríkisstjórnir heims átt að grípa í taumana og hindra slíka misbeitingu á frjálsum markaði. Eitt skal nefnilega vera á hreinu: Það er til lítils að beina þunga reiði sinnar að hagsmunasamtökum á borð við STEF eða SMÁÍS, sem einfaldlega starfa í því lagaumhverfi sem við lýði er. Meginþrýstingur neytenda ætti að vera á yfirvöld: Þau ættu að tryggja það að markaður með tónlist og kvikmyndir sé frjáls, opinn, alþjóðlegur og boðlegur hugsandi fólki.

Endurskoða þarf alla alþjóðlega umgjörð afþreyingariðnarins og vinda ofan af því kerfi einkarekinna tollsvæða sem aðilar hans hafa fengið að reisa í skjóli úreltra laga og venja. Svæðisbundnir dreifingarsamningar og flutningsréttindi ættu almennt að heyra sögunni og gera þarf heiminn að einu markaðssvæði með afþreyingu í takt við breytta tækni. Mikill hagur væri fyrir íslenska neytendur ef slíkt yrði raunin. Þurfi höfundar að semja við óþarfa milliliði í hverju landi fyrir sig munu Íslendingar aldrei sitja við sama borð og stærri þjóðir þegar kemur að óheftu aðgengi að tónlist og kvikmyndum.

Icesave er 15 prósent af vandanum

UMRÆÐAN
Stefán Ólafsson skrifar um Icesave

STEFÁN ÓLAFSSON

Icesave-málið hefur fengið allt of stórt hlutverk í umræðunni miðað við hlut þess í vanda okkar. Kostnaðurinn vegna Icesave-ábyrgðarinnar er nálægt 15 prósent af þeim byrðum sem eru að falla á ríkissjóð, eða nærri 300 milljarðar nettó af um 1700. Þessi skuld kemur til greiðslu eftir sjö ár og verður þá greidd upp á minnst átta árum, á hagstæðara gengi en nú er og föstum vöxtum. Hún gæti því hæglega orðið minna en þessi 15 prósent sem nú teljast.

Eigum við ekki að fara að tala um aðalatriðin, hin 85 prósent vandans sem eru að leggjast á þjóðina núna? Látum aukaatriðin vera aukaatriði, þó þau séu alvarleg og svívirðilegt að Landsbankamenn skyldu leggja þetta á þjóðina, með leyfi Seðlabanka og Fjármálaeftirlits.

Að fella ríkisstjórn sem hefur alla burði til að koma þjóðinni út úr vandanum, vegna ágreinings um málsmeðferð Icesave-samninganna, er að gefa málinu meira vægi en réttlætanlegt er.

Þjóðin veit hvað gerðist hér. Hún veit að það verða auknar byrðar og tímabundnir erfiðleikar. Þjóðin vill aðrar áherslur en voru fyrir hrun, meiri skandinavískar jafnaðaráherslur og minni bandaríska frjálshyggjuöfga í þágu auðmanna. Stjórnarflokkarnir standa fyrir þá leið og þeir eiga að klára hana. Þeir þurfa að standa af sér tveggja ára erfiðleikatímabil og síðan fer allt upp á við aftur. Þá mun þjóðin kunna þeim þakkir sem unnu óvenju erfitt verk. Þá verður Ísland heilbrigðara í framhaldinu en verið hefur.

Slíðra þarf sverð. Ögmundur þarf að koma aftur til mikilvægs hlutverks, t.d. eftir uppstokkun í Stjórnarráðinu. Hans er þörf.

Því fyrr sem við komumst áfram með endurreisnina því fyrr er hægt að senda AGS úr landi og þeim mun minni skuldum þurfum við að safna. Við eigum að taka fast á vandanum strax, þó það verði sársaukafullt. Þá komumst við fyrr og betur upp úr feninu.

Einbeitum okkur að aðalatriðum. Mikilvæg úrræði ríkisstjórnarinnar bíða framkvæmdar. Komum okkur áfram. Það er vel hægt.

Höfundur er prófessor við Háskóla Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ Í TALI OG TÓNUM Guðrún Ásmundsdóttir leikkona og Kristín Anna Valsdóttir, söngkona Múm, bregða á leik í Ásmundarsafni á sunnudag klukkan 14. Þær bjóða fjölskyldufólki að slást í för með sér og skoða sýninguna Rím. Þær staldra við ákveðin verk, segja af þeim sögur og taka lagið.

4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·

· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·

· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·

* EÐA *

· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·

· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.990 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn
með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.

Villibráðarhlaðborðið
22. október - 18. nóvember

Jólahlaðborðið
19. nóvember - 31. desember

Hringbraut

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Yfirkokkurinn Manoj Tom á Austur-Indíafjelaginu er önnum kafinn þessa dagana á fimmtán ára afmælinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Indverskur lambakjötsréttur

Yfirkokkur Austur-Indíafjelagsins, Manoj Tom, eldar þessa dagana af hátíðarmatseðli Austur-Indíafjelagsins. Hann gefur uppskrift að indverskum lambakjötsrétti sem kallast Lucknowi Gosht.

Austur-Indíafjelagið er fimmtán ára um þessar mundir. Manoj Tom, yfirkokkur staðarins, stendur því í ströngu ásamt öðru starfsliði veitingastaðarins við að elda valda indverska rétti af matseðlum síðustu fimmtán ára fyrir gesti staðarins.

Manoj Tom er Íslendingum að góðu kunnur enda hefur hann starfað lengi hjá Austur-Indíafjelaginu. Hann er einnig einn þeirra sem eldaði mat fyrir Indlandsforseta í heimsókn hans hingað til lands.

Lambakjötsrétturinn er mjög góður á köldum vetrarkvöldum, ekki síst með naan-brauði, hrísgrjónum og hreinni jógúrt.

juliam@frettabladid.is

LUCKNOWI GOSHT

FYRIR FJÓRA

1200 g lambafilet
400 ml hrein jógúrt
2 meðalstórir hvítir laukar, fínt skornir
20 stykki kasjúhnetur
2 msk. engifermauk
2 msk. hvítlauksmauk
2 msk. grænt chili-mauk
2 stórar rauðar paprikur
4 msk. olía
2 msk. sítrónusafi
salt eftir smekk
1 1/2 msk. garam masala krydd
1 msk. cumin-krydd

Skerið kjötið í litla

tenginga. Þerrið með eldhúspappír. Hrærið saman olíu, salti, engifer-, hvítlauks- og chili-maukinu og sítrónusafanum. Snöggsteikið laukinn.

Hitið kasjúhneturnar á pönnu og blandið örlitlu vatni saman við þannig að þær mýkist. Skerið paprikurnar og grillið á pönnu. Hrærið saman jógúrt, lauk, hnetum og papriku. Því næst er jógúrtblandan hrærð létt saman við olíumaukið. Setjið lambakjötið út í og látið það liggja í leginum í tvær til þrjár klukkustundir. Steikið á pönnu eða grillið í 10-15 mínútur.

Þú getur hringt og pantað matinn heim, komið og borðað á staðnum eða tekið með heim

www.nings.is

Frábær tilboð fyrir 2 eða fleiri

Tilboð 1
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1450 krónur á mann
2900 krónur fyrir tvo

Tilboð 2
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti
með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
1550 krónur á mann
3100 krónur fyrir tvo

NINGS
Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
S. 588 9899

LISTAMAÐURINN Alexander Zaklynzky stendur fyrir kvikmyndasýningu í Hafnarhúsinu klukkan 18 á laugardag. Sýnd verður heimildarmyndin A Sea Change í leikstjórn Barböru Ettinger sem fjallar um áhrif mengunar og ofveiði á lífríki hafsins. Myndin hefur unnið til fjölda verðlauna.

Kveikt verður á friðarsúlunni klukkan 20.00 í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umhugað um að viðburðurinn verði til góðs

Friðarsúlan verður tendruð opinberlega í þriðja sinn í kvöld. Yoko Ono býður upp á fríar ferðir til Viðeyjar og minningartónleika um John Lennon af þessu tilefni. Rauði kross Íslands verður með fjáröflun.

„Þegar Yoko kom hingað á síðasta ári var 6. október, dagurinn sem allt hrundi, nýliðinn og ákveðin skelfing ríkti meðal landsmanna. Þá kviknaði þessi hugmynd hjá henni, að bjóða fríar siglingar til Viðeyjar í kringum afmælisdag Johns Lennon. Svo er eins og örlætið hafi undið upp á sig og niðurstaðan er sú að hún hefur ákveðið að bjóða líka upp á stórtónleika í Hafnarhúsinu," segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, verkefnastjóri Viðeyjar hjá menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar. Í tilefni tendrunar Friðarsúlunnar í dag býður Yoko Ono, ekkja bítilsins fræga, Íslendingum upp á fríar ferðir til Viðeyjar dagana 9., 10. og 11. október. Í boði Yoko verða einnig haldnir tónleikar til heiðurs John Lennon í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.

Auk þess hefur Yoko Ono ákveðið að bjóða Rauða krossi Íslands að standa fyrir fjársöfnun samhliða þessum viðburðum. Hún leggur einnig til söfnunarinnar með beinum hætti, en söfnunarfénu verður varið í þágu fjölskyldna sem orðið hafa fyrir áföllum vegna efnahagsþrenginga undanfarna mánuði. „Yoko var mjög umhugað um að þessi viðburður leiddi til einhvers góðs," segir Guðlaug.

Yoko Ono er ekkja bítilsins Johns Lennon.

Tónleikar til heiðurs John Lennon voru haldnir á Nasa fyrir réttum mánuði, á fæðingardegi bítilsins, undir yfirskriftinni 09.09.09. Að sögn Guðlaugar verður í raun um sömu dagskrá að ræða á tónleikunum í kvöld, þótt skipun söngvara sé ekki sú sama í smáatriðum. Meðal þeirra sem syngja þekkt lög Lennon eru Egill Ólafsson, Björgvin Halldórsson og Krummi, sonur hans, Jóhann Helgason, Helgi Björnsson og Páll Rósinkranz. Kynnir er Ólafur Páll Gunnarsson.

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir er verkefnastjóri Viðeyjar.

Dagskráin í Hafnarhúsinu í kvöld hefst klukkan 20.00 þegar tendrun Friðarsúlunnar verður sýnd beint á tjaldi. Einnig verður sýnd heimildarmynd Yoko Ono um friðarbaráttu hennar og Lennons og stiklur úr væntanlegri heimildarmynd Ara Alexanders Ergis um tilurð Friðarsúlunnar. Minningartónleikarnir hefjast klukkan 22.00. *kjartan@frettabladid.is*

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn

Öflugri og aðgengilegri geðheilbrigðisþjónusta

Geðgóður dagur í Mjóddinni

Við hvetjum alla til að leggja leið sína í Mjóddina á laugardaginn, skemmta sér og kynna sér yfir 20 úrræði og tala við fólk sem hefur margvíslega reynslu á sviði geðheilbrigðisþjónustu.

Í boði verður einnig tónlist, myndlistarsýning og veitingar á geðveikt góðu verði.

DAGSKRÁ í Mjódd

Laugardaginn 10. október 2009

13:00 Fjölsmiðjan flytur ljúfa gítartóna

13:20 Ragnheiður Jonna Sverrisdóttir verkefnastjóri Alþjóða geðheilbrigðisdagsins opnar hátíðina.

13:30 Heilbrigðisráðherra Álfheiður Ingadóttir flytur ávarp.

13:50 Páll Matthíasson framkvæmdarstjóri geðsvið LSH.

14:10 Herdís Benediktsdóttir og tveir notendur kynna bókina Geðveikar batasögur.

14:25 Unglingahljómsveitin GÁVA

14:40 Geir Ólafs tekur lagið

15:05 Ingó úr Veðurguðunum tekur nokkur lög

15:20 Bergþór Grétar Böðvarsson flytur stutt lokaávarp.

15:30 Skákfélag Vinjar, Hrókurinn og Taflfélagið Hellir halda skákmót í tilefni dagsins.

Styrktaraðilar '09

nettó Mjódd

www.100kt.com

Hlutverkasetur

Rauði kross Íslands

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 9. október 2009

ÉG HATAÐI SVART

Sara María um Nakta apann, ástarsamband sitt við Airwaves-hátíðina og nýja merkið, Varg.

TÍSKU-VEISLA Á AIRWAVES

Vinir Airwaves er skemmtileg nýjung á tónlistarhátíðinni

YNGDU ÞIG UPP MEÐ FARÐA

Björg Alfreðsdóttir hjá Mac sýnir réttu handtökin

núna

skemmtum okkur

GYLFI BLÖNDAL TÓNLISTARMAÐUR

Ég ætla að æfa fyrir Airwaves með Kimono, kíkja á útgáfutónleika Hjálma á NASA á föstudaginn og Bloodgroup og Sykur á Sódóma á laugardaginn. Auk þess langar mig að finna tíma í nokkrar dollur með Klúbba-Dóra, vini sem var að snúa aftur úr útlegð á Suður-Ítalíu.

helgin MIN

Verslanir, barir og veitingahús taka sig saman og veita afslátt meðan á Airwaves stendur:

ETIÐ, DRUKKIÐ OG VERSLAÐ FYRIR MINNA

Langflestar af flottustu búðum, veitingastöðum og börum miðbæjarins skilgreina sig sem „Vini Airwaves“ þetta árið. Þau veita því dágóðan afslátt öllum þeim sem eiga þar til gert afsláttararmband, en það geta gestir á Airwaves-hátíðinni keypt sér á vefsíðu Airwaves og í upplýsingamiðstöð hátíðarinnar í Skífunni.

Hugmyndina að samstarfi milli Airwaves og miðbæjarins átti Bára Hólmgeirsdóttir, sem á og rekur verslunina Aftur á Laugaveginum. „Ég bý og starfa í miðbænum og hef auðvitað ekki komist hjá því að taka eftir því hvað Airwaves hefur gríðarlega jákvæð áhrif á miðbæinn. Þegar hátíðin stendur yfir er þetta beinlínis eins og að búa í annarri borg, andrúmsloftið er svo ótrúlega skemmtilegt og líflegt. Mig langaði til að verða hluti af hátíðinni á einhvern hátt og um leið að styðja við bakið á þeim sem færa okkur hana. Tónlist og hönnun tengjast iðulega og mér þótti tilvalið að tengja okkur öll örlítið betur saman.“

Þegar kreppan skall á í fyrra bjargaði Airwaves haustsölunni fyrir marga af þeim hönnuðum sem starfa í miðbænum, segir Bára. „Ég vona að fólk átti sig á því hversu langt út fyrir tónlistarmörkin þessi hátíð nær. Skipuleggjendur hennar mættu fá einhverja umbun fyrir það.“

Á vefsíðunni www.icelandairwaves.is má sjá lista yfir þau fyrirtæki sem skilgreina sig sem vini Airwaves. - hhs

Vinur Airwaves Fjöldi verslana, veitingastaða og bara veitir handhöfum vinakorts Airwaves dágóðan afslátt meðan á tónlistarhátíðinni stendur. Bára Hólmgeirsdóttir átti hugmyndina að samstarfi Airwaves við verslunarfólk miðbæjarins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Partíaugu!

Snyrtivörumógúllinn Bobbi Brown er komin með spennandi nýja augnskugga á markaðinn. Þeir nefnast Metallic Long-Wear Cream Shadow og eru ótrúlega fallegir. Þeir eru auðveldir í notkun og haldast einstaklega vel á augnlokunum og koma í átta seiðandi málmlitum, allt frá gylltu og silfurlitu upp í bláa, fjólubláa og græna tóna. Augnskuggarnir eru tilvaldir þegar maður ætlar að skella sér út á lífið og munu væntanlega þola snjókomu og svita á Airwaves næstu helgi! Vörurnar fást í Kringlunni og Smáralind. - amb

Leynast íslensk húsgögn í geymslunni þinni?

Áhugamenn um íslenska húsgagnaframleiðslu ættu alls ekki að missa af spennandi leiðsögn í Hönnunarsafni Íslands á sunnudaginn. Íslensk húsgagnaframleiðsla stóð með miklum blóma á tímabilinu 1950-1970 og víða leynast enn húsgögn frá þeim tíma á íslenskum heimilum og stofnunum. Í leiðsögn um geymslusýningu Hönnunarsafnsins mun Arndís S. Árnadóttir hönnunarsagnfræðingur skyggnast um og greina frá helstu áföngum í sögu íslenskrar húsgagnasmíði og hönnunar á síðustu öld og tengja við gripi safnsins. Hver veit nema gamli stóllinn hennar ömmu sem enginn tók eftir sé eftir Svein Kjarval?

Hönnunarsafn Íslands, Lyngási 7, Garðabæ. Leiðsögn kl. 15-17. Aðgangur ókeypis.

Sindrastóllinn eftir Svein Kjarval.

augnablikið

GLÆSILEG Leikkonan Rachel Weisz heillaði Spánarbúa klædd rauðum Prada-kjól á opnun nýjustu kvikmyndar sinnar, Agora.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

30% afsláttur af hvítu skeljalínunni
19.900,- nú 13.930,-
9.990,- nú 6.993,-
4.990,- nú 3.493,-
4.900,- nú 3.430,-
3.990,- nú 2.793,-
Glæsilegt úrval af kertum með langan líftíma á frábæru verði
3 fyrir 2 Yes To snyrtivörur
990,-
990,-
690,-
1.990,-
49.900,-
13.900,-
þrjú saman 34.900,-
2.390,-
100 cm 7.990,-
the PIER kemur stöðugt á óvart ...
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

AIRWAVES BETRI EN JÓLIN

Sara María í Nakta apanum er á meðal litríkustu fatahönnuða Íslands. Í viðtali við Föstudag segir hún frá nýstofnaða fyrirtækinu Vargi, óhefðbundnum uppeldisaðferðum og áralöngu ástarsambandi við Airwaves.

Viðtal: **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
Ljósmyndir: **Anton Brink**

Iðin Sara María er kennd við Nakta apann en hannar líka undir merkjum Forynju og hinu nýja merki Vargi, sem byggir á norrænni goðafræði.

Árið 2005 varð skrautlegt og neonklætt fólk áberandi á götum borgarinnar. Það mátti þakka Söru Maríu Júlíudóttur og Nakta apanum hennar. „Þetta með litadýrðina var ekki dýpra en svo að ég hataði svart og vildi alls ekki ganga í svörtu. Þegar ég fer í gallabuxur og venjulegan stuttermabol líður mér eins og ég sé í búningi, miklu frekar en þegar ég er í einhverju marglitu neondressi."

Sara stofnaði nýverið fyrirtækið Varg. „Upphafið á því er að breskur maður sem heitir Nicholas Anthony Knowles hafði samband við mig í janúar. Hann er brjálaður Íslandsaðdáandi og hefur lengi verið að spá í að stofna íslenskt fatafyrirtæki. Þegar við hittumst smullum við saman og stofnuðum fyrirtækið fljótlega upp úr því. Við ætlum að styðjast við íslenska sögu, norræna goðafræði og ýmislegt annað sem tengist Íslandi. Þetta verður allt öðruvísi en við höfum verið að gera í Nakta apanum."

Í Vargi ætlar Sara að einbeita sér að hönnuninni og leyfa öðrum að sjá um aðra þætti. „Þegar maður er einyrki eins og ég hef verið sér maður ekki bara um að hanna heldur líka að þrífa búðina, afgreiða, sauma og svo framvegis. En nú verður þetta allt öðruvísi, þetta er mest „pro" verkefni sem ég hef farið út í og ég er mjög spennt fyrir því."

HAMINGJURÍKT HJÓNABAND

Þessa dagana er allt á hvolfi hjá Söru og samstarfsfólki hennar en þau hanna meðal annars boli Airwaves-tónlistarhátíðarinnar, sem nú er að bresta á með látum.

Samstarf Airwaves við Nakta apann er engin nýlunda en þau hafa verið tengd tryggðaböndum frá því Sara opnaði búðina árið 2005. „Sama ár kom Steini (Þorsteinn Stephensen, eigandi Destiny sem skipuleggur Airwaves) til mín, einni eða tveimur vikum fyrir Airwaves, og bað mig að gera boli fyrir þá. Þetta var brjálæðislega merkilegt þótti mér og algjört stress. En samvinnan gekk vel og skapaði ástarsamband milli Nakta apans og Destiny, sem í dag er eiginlega orðið hjónaband. Ég geri allt sem ég get fyrir þá og þeir gera allt sem þeir geta fyrir mig."

Sara fær stjörnur í augun þegar hún talar um Airwaves. „Þetta er bara svo merkileg hátíð og mér finnst alveg ótrúlega gaman að taka þátt í henni. Það er svo magnað að sjá allt þetta unga tónlistarfólk og finna orkuna frá því. Airwaves er eins og jólin hjá mér. Eða reyndar eitthvað meira en það. Ég myndi miklu frekar vilja missa af jólunum en Airwaves. Og ég er ekki viss um að fólk átti sig almennt á því hvað Airwaves gerir mikið fyrir miðbæinn. Sumar verslanir fá meira út úr henni en allri jólavertíðinni."

ÓLÉTT SAUTJÁN ÁRA

Sara á tvö börn, Dóróteu Maríu, sem er níu ára, og Natan Birni, sem er ellefu ára. Bæði fæddust þegar Sara bjó á Akureyri, þar sem hún bjó í nokkur ár. Þá var líf hennar allt annað en það er í dag. „Á þessum tíma var ég á kafi í húsmóðurpakkanum. Ég lagði mig mikið fram við að hafa allt fínt til að standast kröfur annarra. Var oft að baka og búa til heita rétti og svona."

Hún skildi við barnsföður sinn fyrir nokkrum árum, rétt áður en hún flutti til höfuðborgarinnar. „Við vorum saman í sjö og hálft ár. En þótt það hafi slitnað upp úr sambandinu hjá okkur erum við ofboðslega góðir vinir og hann er fullkominn pabbi. Sambandið á milli okkar er mjög sveigjanlegt og við höfum passað að vera aldrei neitt sjálfselsk í okkar samskiptum."

Sjálf er Sara ekki nema 29 ára, en hún var sautján ára þegar hún varð ólétt af Natani. „Mér fannst ég ekkert ung. Þegar ég varð ólétt hugsaði ég „loksins!". Ég var svo rosalega tilbúin í þetta hlutverk. Og ég var sjúklega hamingjusöm og ánægð. En í dag þegar ég sé sautján ára stelpur missi ég andlitið og get varla séð þær fyrir mér með börn.

LITLIR VINIR

Börnin sín lítur Sara á sem litla vini sína, fyrst og fremst. „Ég fékk sjálf frekar strangt uppeldi en ég vil ekki vera ströng í mínu uppeldi. Ég ákvað strax að koma aldrei fram við börnin mín eins og ég eigi þau. Ég sé okkur bara sem þrjár verur, ekki sem móður og börn. Við þrjú erum bara samferða í þessu lífi og þó að ég sé nokkrum árum á undan þeim í þessu lífi er ég ekkert æðri þeim."

Hún trúir þá á fyrra líf. Þetta kallar á frekari sögur um upplifun hennar og reynslu af yfirskilvitlegum hlutum. „Ég er ekki skyggn en ég er næm á vissa hluti. Ég held það sé ekki hægt að neita því að það sé eitthvað „þarna". Þegar ég fer að sofa ferðast ég til allra sem ég elska, svíf yfir þeim og kyssi þau á ennið og gef þeim ást og hlýju. Ég trúi því raunverulega að ég geti gert það. Það er svo mikil orka í kringum okkur sem við sjáum ekki en getum fundið fyrir ef við reynum."

* bak við tjöldin

Besti tími dagsins:
Má finnast nóttin vera besti tími dagsins?

Skemmtilegast að gera:
Allt sem tengist börnunum mínum og dýrum er skemmtilegast í heiminum, og ekki verra ef það er í útlöndum.

Leiðinlegast að gera:
Vá, það er svo margt leiðinlegt! Ég man samt ekki eftir neinu sérstöku nema bara þeim klassísku leiðindum að gera skattskýrsluna.

Uppáhaldsstaðurinn:
Karlovy Vary í Tékklandi er uppáhalds en Flórída er að detta sterk inn.

Skemmtilegasti skemmtistaðurinn:
Kaffibarinn er minn staður, heimavöllur Iceland Airwaves-hátíðarinnar og þar með besti barinn í bænum að mínu mati.

Uppáhaldshönnuðurinn:
Ég átti uppáhaldshönnuði þegar ég var yngri en nú er það enginn sérstakur þar sem svo margir eru að gera sína sérstöku hluti.

Falin perla:
Nakti apinn.

ný aðhaldsnámskeið að hefjast
www.ropeyogasetrid.is
sími.535 3800

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ

GEÐHJÁLP
í 30 ár

FÖSTUDAGUR 9. OKTÓBER 2009

MJÖG BJARTSÝNN

Sigursteinn Másson er nýr formaður Geðhjálpar. *Síða 2*

DAGUR FYRIR ALLA

Alþjóða geðheilbrigðisdagurinn haldinn hátíðlegur á morgun. *Síða 4*

MARGS AÐ MINNAST

Geðhjálp fagnar 30 ára afmæli. *Síða 6*

SPENNANDI VETUR

Fjölbreytt dagskrá í Félagsmiðstöð Geðhjálpar í vetur. *Síða 7*

Landssamtökin Geðhjálp voru stofnuð 9. október 1979 og eru hagsmunasamtök þeirra sem þurfa aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra er láta sig geðheilbrigðismál varða. Aðsetur Geðhjálpar er á Túngötu 7 í Reykjavík, á horni Túngötu og Garðastrætis. MYND/GEÐHJÁLP

Ótrúlegur árangur náðst

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan Geðhjálp var stofnuð fyrir þrjátíu árum að mati fyrsta formanns félagsins, Sigríðar Þorsteinsdóttur. Sjálf ólst Sigríður upp í umhverfi þar sem geðsjúkdómum var gert jafn hátt undir höfði og öðrum sjúkdómum.

„Sem hjúkrunarfræðingur var ég á geðsviði en þá rak ég mig aftur og aftur á þá fordóma sem ríktu í garð fólks sem þjáðist af geðsjúkdómum. Almannavitund um geðsjúkdóma var mjög lítil,“ minnist Sigríður Þorsteinsdóttir, fyrsti formaður Geðhjálpar, frá 1979 til 1980.

Í byrjun voru félagsmenn Geðhjálpar fjórir en samtökin uxu hratt og brátt voru félgsmenn orðnir tuttugu. „Okkur fannst þetta auðvitað ekki gerast nógu hratt en það gerði það.“

Hlutverk Geðhjálpar var að sögn Sigríðar fyrst og fremst að láta sjúklinga og aðstandendur finna að þeir væru ekki einir sem og að vekja almenning til vitundar. „Draumur minn var að hægt væri að ryðja burt fordómum sem geðsjúkir verða fyrir. Að geðsjúkdómar yrðu settir undir sama hatt og aðrir sjúkdómar sem fólk þarf að glíma við. Ef einhver þurfti að leggjast inn á geðsjúkrahús, var það líkt og viðkomandi hefði verið vísað úr landi.“

Sigríður segir að aðstandendum hafi oft fundist að það væri þeim að kenna ef þeirra nánustu veiktust. „Mæður kenndu sjálfum sér um ef börnin þeirra voru andlega veik. Eitt af því sem við gerðum til að

FRAMHALD Á SÍÐU 6

Sigríður Þorsteinsdóttir starfaði sem fyrsti formaður Geðhjálpar og segir margt hafa breyst í málefnum geðfatlaðra síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GV

Framúrskarandi forvarnarstarf hefur verið unnið í Norðlingaskóla í Reykjavík.

Frumkvöðlaverðlaun veitt í fyrsta sinn

Á hátíðarfundi í dag, 9. október, mun stjórn Geðhjálpar afhenda frumkvæðisverðlaun félagsins í fyrsta sinn, en þau eru veitt fyrir nýjungar í þjónustu við geðsjúka og úrræði sem eru til þess fallin að efla geðheilsu. Að þessu sinni renna verðlaunin til þriggja aðila.

Jóna Rut Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg.

Norðlingaskóli í Reykjavík hlýtur verðlaunin fyrir framúrskarandi forvarnarstarf með einstaklingsmiðuðu námi sem miðar að því að styðja nemendur í að finna og nýta styrkleika sína og hæfileika sem best. Að mati stjórnar Geðhjálpar er þessi áhersla líkleg til að stuðla að geðheilbrigði nemenda.

Björgin – geðræktarmiðstöð Suðurnesja hlýtur frumkvæðisverðlaun Geðhjálpar fyrir að sinna með framsýnum hætti valdeflingu geðfatlaðra og fyrir að hjálpa fólki að finna leiðir til að auka lífsgæði sín. Samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum og metnaður þeirra í verkefninu er að mati stjórnar Geðhjálpar til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Jóna Rut Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, hlýtur frumkvæðisverðlaun Geðhjálpar vegna ötuls starfs að Straumhvarfaverkefninu – nýjum búsetuúrræðum fyrir geðfatlaða – í Reykjavík. Geðhjálp hefur átt afar gott samstarf við Jónu Rut, sem hefur í störfum sínum sýnt góðan skilning á mannréttindum geðfatlaðra og á mikilvægi þess að þeir lifi sjálfstæðu lífi og njóti fullrar virðingar í samfélaginu.

Geðhjálp þakkar hér með ofantöldum aðilum störf þeirra í þágu geðsjúkra.

Stjórn Geðhjálpar

Á síðasta aðalfundi Geðhjálpar 28. mars voru eftirfarandi kjörin í stjórn félagsins:

Aðalstjórn:
Auður Styrkársdóttir, ritari
Birna Dís Vilbertsdóttir
Lárus R. Haraldsson, gjaldkeri
Lena Hákonardóttir
Sesselja Jörgensen, varaformaður
Sigursteinn R. Másson, formaður
Vala Lárusdóttir

Varastjórn:
Erna Arngrímsdóttir
Garðar Sölvi Helgason
Olly Sveinbjörg Aðalgeirsdóttir

Útgefandi: Geðhjálp | **Heimilisfang:** Túngötu 7, 101 Reykjavík
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Auður Styrkársdóttir
Vefsíða: www.gedhjalp.is | **Sími:** 570 1700

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigursteinn telur jarðveginn til breytinga sjaldan hafa verið betri enda neyði kreppan fólk til að hugsa hlutina upp á nýtt.

Sóknarfæri þrátt fyrir kreppu

Sigursteinn Másson er nýr formaður Geðhjálpar en hann gegndi embættinu áður á árunum 2001 til 2007. Hann kom fyrst inn í félagið árið 1999 eftir að hafa sjálfur glímt við alvarleg veikindi frá 1996 og komst að raun um það að besta leiðin til sjálfshjálpar er að hjálpa öðrum.

„Það varð mér öðru fremur til hjálpar að byrja að starfa með félaginu," segir Sigursteinn. Hann segir ýmislegt hafa breyst til batnaðar á undanförnum árum. „Þar ber helst að nefna átak í búsetumálum geðfatlaðra, en með auknum fjárveitingum tókst að ráða bót á brýnum húsnæðisvanda þeirra. Þá hefur líka tekist að vinna gegn fordómum og opna umræðuna um geðheilbrigðismál en mér finnst við Íslendingar standa framar öðrum þjóðum sem ég þekki til í þeim efnum. Hér ríkir umburðarlyndi og skilningur á málefnum geðsjúkra, og geðsjúkdómum fylgir ekki eins mikil stimplun og áður."

Sigursteinn segir það að verða fyrir því að fá geðsjúkdóm eða alvarlega geðröskun í langfæstum tilfellum þýða einhvers konar endalok. „Ef rétt er haldið á málum er frekar um kaflaskipti að ræða og í sumum tilfellum nýtt upphaf. Í mínu tilfelli sköpuðu veikindin þegar upp var staðið ný tækifæri og nýjan skilning á lífið og tilveruna." Sigursteinn bendir á að geðsjúkdómar og geðraskanir hafi alltaf fylgt mannkyninu. „Í dag vitum við þó meira um þá en áður og gerum okkur betur grein fyrir því hvað virkar og hvað ekki. Við leggjum því áherslu á það við stjórnvöld að nú þurfi að hugsa velferðarmálin upp á nýtt og greina hvað hefur reynst vel og hvað ekki. Við vitum til dæmis að stofnanabúseta og gamaldags geðsjúkrahús virka ekki sem skyldi. Við þurfum að einbeita okkur að því sem virkar vel, eins og samfélags- og nærþjónustu, og finna nýjar leiðir á þeim sviðum þar sem gera má betur."

Þrátt fyrir kreppu sér Sigursteinn mörg sóknarfæri og finnst mikill skilningur ríkja bæði í stjórn- og heilbrigðiskerfinu. „Ég held því að jarðvegurinn til breytinga hafi aldrei verið betri, enda neyðir kreppan okkur til að hugsa hlutina upp á nýtt. Fyrir hönd málefnisins og félagsins er ég því mjög bjartsýnn." Sigursteinn sér þó líka ýmsa váboða á lofti og segir erfitt að þurfa að draga saman á versta tíma. „Aðsókn í ráðgjöf hjá okkur tvöfaldaðist til að mynda í sumar miðað við sama tíma í fyrra svo þörfin er ljós. En auk þess að þjónusta fólk sem leitar til félagsins leggjum við ríka áherslu á stefnumótun og að veita aðhald og eftirlit með þeirri þjónustu sem er veitt. Það skiptir miklu máli þegar staðan er eins og hún er að fólk sé vakandi fyrir rétti sínum og leiti þess réttar ef það telur á sér brotið. Sagan sýnir að í þeim löndum þar sem efnahagskreppa ríkir eiga mannréttindi alltaf undir högg að sækja, og þá sér í lagi mannréttindi minnihlutahópa. Ég tel að mælikvarði okkar á hvert siðferðis- og menntastig þjóðarinnar sé verði hvernig okkur tekst að gæta mannréttinda minnihlutahópa á meðan kreppan gengur yfir.

Í dag milli fjögur og sex verður efnt til afmælishófs í Iðnó til að fagna þrjátíu ára afmæli félagsins. Þangað kemur fólk sem hefur komið að starfi félagsins í gegnum árin og munum við ekki síst minnast þeirra framsýnu kvenna sem komu saman í Seljakirkju fyrir þrjátíu árum til að stofna þetta hagsmunafélag geðsjúkra, aðstandenda og áhugafólks. Án þeirra framlags er ekki gott að segja til um hvar við stæðum í dag."

- ve

heilsa -hafðu það gott

Náttúrulega leiðin

Segðu BLESS við depurð og tómleikatilfinningu.
Finndu lífsorkuna á ný.
– 100% náttúruleg formúla.

Segðu BLESS við orkuleysi.
Örvaðu orkuflæðið og einbeitinguna.
– 100% náttúruleg formúla.



Segðu BLESS við taugaóróa og stress.
Upplifðu innri frið og skýrari fókus.
– 100% náttúruleg formúla.

Útsölustaðir: Heilsuhúsið, Fjarðarkaup, Maður Lifandi, Lyfja, Laugarnesapótek, Lyfjaver og Árbæjarapótek.

SKESSAN Í HELLINUM
skessan.is



facebook

Velkomin í Reykjanesbæ, þar sem ævintýrin gerast!

Velkomin í hellinn minn við smábátahöfnina í Reykjanesbæ en þar hef ég búið mér notalegt skjól með útsýni yfir Keflavíkina og Stakksfjörð. Ég hef gaman af heimsóknum barna og þið þurfið alls ekkert að vera hrædd við mig enda vita allir að ég er meinlaus og barngóð skessa.

Hellirinn er opinn á virkum dögum frá kl. 9:00 - 16:30 og kl. 10:00 - 17:00 um helgar.
Frekari upplýsingar eru veittar í Duushúsum, lista- og menningarmiðstöð Reykjanesbæjar í síma 421 3796.
Einnig er hægt að senda póst á netfangið skessan@reykjanesbaer.is.

Við trúum því að það sé sameiginlegt hlutverk okkar sem hér búum að stuðla að hamingju og heilbrigði einstaklinganna, að þeir nái að þroska hæfileika sína, hafi sterka sjálfsmynd og láti drauma sína rætast.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Geðgóður dagur er allra dagur

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn er haldinn hátíðlegur á morgun. Ragnheiður Jónína Sverrisdóttir og Bergþór Grétar Böðvarsson hafa ásamt fjölmörgum öðrum staðið að undirbúningi dagsins.

Ragnheiður Jónína Sverrisdóttir, Jonna, og Bergþór Grétar Böðvarsson, fulltrúi notenda geðsviðs LSH, hafa ásamt fjölda aðila haft veg og vanda af undirbúningi Alþjóðageðheilbrigðisdagsins sem verður haldinn hátíðlegur í Mjóddinni á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við viljum leggja áherslu á að alþjóðageðheilbrigðisdagur er dagur allra, enda snerta geðheilbrigðismál okkur öll með einhverjum hætti," segir Ragnheiður, yfirleitt kölluð Jonna, en þau Bergþór eru sammála um að geðheilbrigðismál eigi ekki að vera eitthvert feimnismál. „Þetta á að vera eðlilegt umhugsunar- og umfjöllunarefni," segir Jonna, sem er verkefnisstjóri fyrir skemmtidagskrá dagsins sem verður haldinn í göngugötunni í Mjódd og í húsakynnum Hugarafls að Álfabakka 16, á morgun frá klukkan 13 til 16.30.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra flytur ávarp, Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri geðsviðs LSH, verður með erindi, Herdís Benediktsdóttir kynnir bókina Geðveikar batasögur og eru þá óupptalin fjölbreytt skemmtiatriði. „Meðal þeirra sem koma fram má nefna unglingahljómsveitina Gávu, Geir Ólafs og Ingó úr Veðurguðunum," segir Bergþór, sem flytur lokaávarp. „Nú svo verður haldið skákmót Vinjar og ekki má gleyma myndlistarsýningum, sölu á bolum og ýmsu handverki, girnilegum veitingum, vöfflum, kaffi og gosi á geðveikt góðu verði," segir hann stríðnislega og hlær.

Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn er haldinn hátíðlegur víða um heim hinn 10. október ár hvert. Honum var fyrst hrundið af stað árið 1992 af Alþjóðasamtökum um geðheilsu (World Federation for Mental Health) í þeim tilgangi að vekja athygli á geðheilbrigðismálum, fræða almenning um geðrækt og geðsjúkdóma og sporna gegn fordómum í garð geðsjúkra. Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur á Íslandi 10. október 1996, en ári áður hafði þáverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, ákveðið að helga hann geðheilbrigðismálum. Síðan þá hefur dagurinn verið haldinn hátíðlegur með nokkrum hléum hérlendis.

Ár hvert er alþjóðageðheilbrigðisdagurinn helgaður sérstöku þema. Í fyrra var athyglinni beint að málefnum ungs fólks með sérstakri áherslu á mikilvægi uppbyggjandi samveru. Að þessu sinni er yfirskriftin Öflugri og aðgengilegri geðheilbrigðisþjónusta.

„Við stöndum náttúrulega frammi fyrir niðurskurði í heilbrigðismálum á Íslandi og höfum áhyggjur af því, enda hefur sjaldan eða aldrei verið meiri þörf á sýnilegri geðheilbrigðisþjónustu og einmitt nú. Í yfirskriftinni er ákveðin krafa um öflugri geðheilbrigðisþjónustu auk þess sem við viljum minna á að fjöldi úrræða er í boði fyrir fólk sem líður illa," segir Jonna.

Hún vísar í því samhengi til tuttugu úrræða í geðheilbrigðismálum sem verða kynnt á morgun. „Þarna verður fólk frá Hugarafli, Lýðheilsustöð, Rauða krossinum og fleirum," segir Jonna og bætir svo við hress í bragði. „Ég vil bara nota þetta tækifæri og hvetja alla til að koma í Mjóddina núna á morgun, skemmta sér og kynnast nýjum úrræðum og tala við fólk sem hefur reynslu á þessu sviði."

Nánari upplýsingar um daginn má finna á heimasíðunni www.10okt.com. *- rve*

Við þökkum stuðninginn

Reykjavík,
Aðalmálun sf, Bræðraborgarstíg 13
Aðal-tannsmíðastofan ehf, Hátúni 8
Aðalvík ehf, Ármúla 15
Afltækni ehf, Barónsstíg 5
Arctic rafting, Þorláksgeisla 46
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
Arkform, T.G.M. ráðgjöf, Ármúla 38
Arkitektastofan OG ehf, Skúlatúni 2
Athygli ehf, Síðumúla 1
Álnabær hf, vefnaðarvöruverslun Tjarnargötu 17
Kefl, og Síðumúla 32 Rvík
Áltak ehf, Stórhöfða 33
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
B.K.flutningar ehf, Krosshömrum 2
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf, Skipholti 35
Betra líf ehf - Borghóll, Kringlunni 8
Bifreiðaverkstæði H.P. ehf, Hamarshöfða 6
Bílaleigan Geysir hf, Dugguvogi 10
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Björnsbakarí ehf v/Skúlagötu, Klapparstíg 3
Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Blikksmiðurinn hf, Malarhöfða 8
Blómagallerí ehf, Hagamel 67
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf, Nethyl 2 A
Brauðhúsið ehf, Efstalandi 26
Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
BSRB, Grettisgötu 89
Congress Reykjavík - Ráðstefnuþjónusta ehf, Engjateigi 5
Dímon Lína ehf, Súðavogi 6
Drífa - þvottahús ehf, Hringbraut 119
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Efnamóttakan hf, Gufunesi
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Eignaumsjón hf, Suðurlandsbraut 30
Einar Jónsson Skipaþjónusta, Laufásvegi 2a
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Grensásvegi 13
Farmur ehf flutningsþjónusta, Eldshöfða 23
Fatabúðin ehf, Skólavörðustíg 21a
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Ferðakompaníið ehf, Fiskislóð 20
Félag einstæðra foreldra, Vesturgötu 5
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Félag skrúðgarðyrkjumeistara,
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
FishMac ehf, Fiskislóð 83
Fiskbúðin, Freyjugötu 1
Fiskmarkaðurinn veitingahús, Aðalstræti 12
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 12
Forum lögmenn ehf, Aðalstræti 6
G.S.varahlutir ehf, Bíldshöfða 14
G-5 Kranaafgreiðslan ehf, Fiskislóð 79
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gestamóttakan ehf - Your Host in Iceland, Þingholtsstræti 6
Gjögur hf, Kringlunni 7
Glaumbar ehf, Tryggvagötu 20
Grásteinn ehf, Grímshaga 3
Gró ehf, Skútuvogi 10b
Guðmundur Arason ehf - smíðajárn, Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Gull og silfur ehf, Laugavegi 52
Gunnar afi SH 474,
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11
Háfell ehf, Skeifan 11
Heimili og skóli, Suðurlandsbraut 24, 4. hæð
Hið íslenska biblíufélag, Hallgrímskirkju
Hjálpræðisherinn á Íslandi, Kirkjustræti 2
Hótel Leifur Eiríksson ehf, Skólavörðustíg 45
Hugsjá ehf, Ármúla 36
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
i8 Gallerí - www.i8.is, Tryggvagötu 16
Ice Consult ehf, Mörkinni 6
Iceland Congress, Eskihlíð 3
Iceland Seafood ehf, Köllunarklettsvegi 2
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Immunocal á Íslandi hef, Vagnhöfða 11
Ingibjörg ehf, Hraunbæ 60
Innréttingar og tæki, Ármúla 31
Intrum á Íslandi ehf, Laugavegi 97
Íslandsbanki, Stórhöfða 17
Íslandsbanki hf, útibú 513, Lækjargötu 12
Íslandsbanki hf., útibú 525, Háaleitisbraut 58-60
Íslandsfundir ehf, Suðurlandsbraut 30
Íslensk endurskoðun ehf, Bogahlíð 4
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf, Bíldshöfða 12
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
Jóhann Þorsteinsson, Logafold 130
Jón Ásbjörnsson hf, Fiskislóð 34
Kaþólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjöthöllin ehf, Skipholti 70 og Háaleitisbraut
Kristján F. Oddsson ehf, Síðumúla 25
Kristján G. Gíslason ehf, Hverfisgötu 6a
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landssamtök lífeyrissjóða, Sætúni 1
Landssamtökin Þroskahjálp, Háaleitisbraut 13
Lionsumdæmið á Íslandi, Sóltúni 20
Loftstokkahreinsun.is s: 5670882, Garðhúsum 6
Lögmannafélag Íslands, Álftamýri 9
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Menntamálaráðuneytið, Sölvhólsgötu 4
Menntaskólinn við Hamrahlíð, Hamrahlíð 10
Minjavernd hf, Amtmannstíg 1
Mótorverk ehf, Stigahlíð 97
Myndlistaskólinn í Reykjavík, Hringbraut 121
Nethönnun ehf, Ármúla 5
NM ehf, Brautarholti 10
Nonnabiti, Hafnarstræti 11
Nýi ökuskólinn ehf, Klettagörðum 11
Opin kerfi ehf, Höfðabakka 9
ORKUVIRKI ehf, Tunguhálsi 3
Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pípulagnaverktakar ehf, Langholtsvegi 109
Pústþjónusta ÁS ehf s: 562-8966, Nóatúni 2,
Rafeindastofan ehf, Faxafeni 12
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Reykjavíkurborg,
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
S.K.bólstrun ehf, Langholtsvegi 82
Samhjálp, Stangarhyl 3a
Seljakirkja, Hagaseli 40
SFR stéttarfélag í almannaþjónustu, Grettisgötu 89
SÍBS, Síðumúla 6
Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu
Sjómannafélag Íslands, Skipholti 50d
Sjúkraþjálfunin Heil & sæl ehf, Hraunbæ 102c
Skóarinn í Kringlunni ehf, Kringlunni 4-6
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sveinbjörn Sigurðsson hf, Smiðshöfða 7
Sökkull ehf, Funahöfða 9
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tannlæknastofa Björns Þ Þórhallssonar, Háteigsvegi 1
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugavegi 163
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar, Þangbakka 8
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsmíðaverkstæðið ehf, Síðumúla 27a
Tannþing ehf, tannlæknastofa, Þingholtsstræti 11
TCM Innheimta ehf, Suðurlandsbraut 4A
Terra Export ehf, Ljósuvík 38
Teymi ehf, Suðurlandsbraut 18
Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar, Engjateigi 1
Trausti Sigurðsson tannlæknir, Síðumúla 15
Tryggingamiðlun Íslands ehf, Síðumúla 21
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins, Skólavörðurholti
Vagnasmiðjan - Húsvagnar ehf, Eldshöfða 21
Vegamót, Vegamótastíg 4
Veiðiþjónustan Strengir, Smárarima 30
Verkfræðistofan VIK ehf, Laugavegi 164
Verslunarskóli Íslands, Ofanleiti 1
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Verslunin Brim,
Verslunin Brynja ehf, Laugavegi 29
Verslunin Fríða frænka, Vesturgötu 3
Vélsmiðjan Harka hf, Hamarshöfða 7
Vilberg kranaleiga ehf, Fannafold 139
Vífilfell hf, Stuðlahálsi 1
Vímulaus æska, foreldrahús, Borgartúni 6
www.femin.is, Ármúla 36
Þ Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29
Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10
Ögurvík hf, Týsgötu 1

Andsvar við tvíhyggju

Allir þekkja hugtakið sjálfsvörn út frá því að verja líkama sinn fyrir utanaðkomandi árás. Á síðasta ári fór ég að velta því fyrir mér hvort og þá hvernig hægt væri að tengja slíka sjálfsvörn hinu andlega. Það hefur lengi legið fyrir að dýpstu örin sem fólk ber á sinni sálu eru gjarnan vegna fjölskylduaðstæðna, framkomu annarra, vanrækslu, niðurlægingar og árása með orðum og jafnvel hreinu afskiptaleysi og tilfinningakulda sem nákomnir sýna þeim. Við erum eins og páfagaukar og ýmis önnur dýr að því leyti að við getum ekki verið ein. Maðurinn er ekki eyland. Við þurfum nauðsynlega á tilfinningasamskiptum við annað fólk að halda til að þrífast og þroskast. Það veldur því að við lendum stundum í árekstrum og þá er spurningin hvernig við getum lágmarkað slíkt en einnig og ekki síður hvernig við verjum okkur þegar á okkur er ráðist.

Ég hef nú haldið um 30 fyrirlestra á vegum Geðhjálpar um þetta efni bæði norðan og sunnan heiða við góðar undirtektir. Davíð Kristinsson hjá heilsuþjálfun.is á Akureyri hefur unnið efnið með mér hvað snertir svefn, næringu og hreyfingu. Ég set þetta upp sem skútusiglingu þar sem markmiðið með hverjum leiðangri er að komast í næstu höfn. Grundvallaratriði er að búa sig vel til fararinnar en einnig að gæta þess að áhöfnin sé samhent og standi þétt saman þegar gefur á bátinn. Ef við verðum fyrir skyndilegri og óvæntri árás þá gilda í grundvallaratriðum sömu lögmál og í líkamlegri sjálfsvörn. Fyrst þarf maður að reyna að skapa ákveðna fjarlægð og þegar maður er búinn að því að snúa þá vörn í sókn og taka málið eða einstaklinginn föstum tökum. Mikilvægt er að reyna að hugsa þetta tæknilega í stað tilfinningalega.

„Grundvallaratriði er að búa sig vel til fararinnar en einnig að gæta þess að áhöfnin sé samhent og standi þétt saman þegar gefur á bátinn," segir Sigursteinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þetta getur átt við neikvæð samskipti eða eigin niðurbrjótandi hugsanir. Oftast þegar um líkamlegar árásir er að ræða þekkir einstaklingurinn árásarmanninn vel. Ég gæti trúað að þegar um andlegar árásir er að ræða sé sú einnig raunin. Þess þá heldur er brýnt að fólk tileinki sér meðvitaða og skipulagða tækni við að lágmarka skaðann af slíkum uppákomum.

Um leið mæli ég með útrás. Heilbrigðri útrás og þá getur hagnýt líkamleg sjálfsvörn með andlegri skírskotun verið tilvalin leið. Fyrirlestur um efnið verður haldinn í húsnæði Geðhjálpar laugardaginn 10. október klukkan 16. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Nánari upplýsingar og umsagnir má nálgast á vefsíðu Geðhjálpar www.gedhjalp.is og hægt er að bóka fyrirlestra fyrir vinnustaði og skóla hjá Jóhönnu Erlingsdóttur í síma 570 1700 og á netfanginu johanna@gedhjalp.is

Sigursteinn Másson

Jákvæð áhrif ómega-fitusýra á geðraskanir

Á undanförnum árum hafa verið gerðar margar rannsóknir á sambandi ómega-3 fjölómettaðra fitusýra og geðhvarfaveiki, þunglyndi og geðklofa.

Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, segist sjálfur hafa góða reynslu af áhrifum ómega-3 fitusýra, auk þess sem rannsóknir á virkni þess hafi verið miklar og vandaðar. Umræða um jákvæð áhrif fitusýranna eigi því ekkert skylt við hindurvitni.

Í ritrýndri fræðigrein sem birtist í 3. tölublaði Læknablaðsins árið 2003 var einnig greint frá niðurstöðum lyfleysustýrðrar samanburðarrannsóknar þar sem geðhvarfaveiki var meðhöndluð með háum skömmtum af ómega-3 fjölómettuðum fitusýrum. Þrjátíu sjúklingar sem allir uppfylltu greiningarskilyrði fyrir geðhvarfaveiki tóku þátt í rannsókninni, sem stóð í fjóra mánuði og var tvíblind. Niðurstöðurnar sýndu marktækt lengra tímabil þar sem oflætis varð ekki vart hjá þeim sjúklingum sem meðhöndlaðir voru með ómega-3.

Í greininni var þess einnig getið að faraldsfræðirannsóknir hefðu sýnt fram á samband lítillar fiskneyslu og þunglyndis. Þá er einnig rætt um áhrif ómega-3 á geðklofa. Segir að fáar rannsóknir hafi verið gerðar þar sem geðklofasjúklingar hafi verið meðhöndlaðir með ómega-3 og/eða ómega-6 fjölómettuðum fitusýrum en greint hafi verið frá tveimur mjög vel rannsökuðum sjúkratilfellum þar sem alvarleg einkenni geðklofa bötnuðu verulega af meðferð með ómega-3 fjölómettuðum fitusýrum eingöngu. Nánar má lesa um þessar rannsóknir á síðunni laeknabladid.is en greinin hefur titilinn Ómega-3 fjölómettaðar fitusýrur: Hlutverk í læknisfræði.

Rannsóknir sýna að inntaka ómega-fitusýra getur haft jákvæð áhrif á geðsjúkdóma.

Aukalán vegna sérþarfa

Þeir sem hafa skerta starfsorku, eru fatlaðir eða hreyfihamlaðir geta fengið aukalán til að gera breytingar á íbúðarhúsnæði eða til að kaupa eða byggja húsnæði vegna sérþarfa sinna. Lánið kemur til viðbótar 20 milljóna króna hámarksláni Íbúðalánasjóðs eða öðrum fasteignaveðlánum að hámarki 20 milljónum. Einnig er heimilt að veita aukalán til forsvarsmanna þeirra sem búa við sérþarfir.

- Hámarksupphæð 8 milljónir
- Fastir vextir án uppgreiðsluákvæðis
- Lántökugjald 0,5% af lánsupphæð
- 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði
- 90% af viðbótar- og endurbótakostnaði

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Íbúðalánasjóður

HEFUR ÞÚ SÉÐ SKAMMDEGIS-ÞUNGLYNDI?

Ef vetrardrunginn dregur þig niður þá getur hjálpað að auka hreyfingu og nýta alla birtu sem gefst. Gönguferð í hádeginu margborgar sig.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lifið heil

ENNEMM / SÍA / NM18087

ENSKA ÁN ERFIÐIS

Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar, hvar sem þú ert Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum

Hlusta: Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

Lesa: Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

Tala: Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

Aðstoð: Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

** Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799

Tungumál.is

Nú er Geðhjálp orðin fullorðin

Saga geðsjúkdóma er umvafin hræðslu og misskilningi, sem gefur ranga mynd af geðfötluðum einstaklingum. Það var því við ramman reip að draga hjá fyrstu félagsmönnum Geðhjálpar en síðan þeir tóku til starfa fyrir þrjátíu árum hefur mikið vatn runnið til sjávar og góðir hlutir gerst. Það er því margs að minnast á þrjátíu ára afmæli samtakanna Geðhjálpar sem haldið verður upp á á morgun.

„Þetta verður allt á rólegu og notalegu nótunum, svona í anda þess að nú erum við orðin fullorðin," segir Lárus Rögnvaldur Haraldsson, gjaldkeri Geðhjálpar, um dagskrá 30 ára afmælis samtakanna sem hefst klukkan fjögur á morgun í Iðnó.

Lárus Rögnvaldur, gjaldkeri Geðhjálpar, segir dagrána verða í anda virðulegra þrítugsafmæla þar sem góður þroski hefur náðst. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samtökin Geðhjálp voru stofnuð þann 9. október 1979 eða fyrir nákvæmlega þrjátíu árum og var þeim ætlað að gæta hagsmuna þeirra sem þurfa eða hafa þurft aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra sem láta sig geðheilbrigðismál varða.

Frá fyrsta degi var unnið að því að reyna að bæta hag þeirra sem eiga við geðræn vandamál að stríða og auka skilning samfélagsins á þessum veikindum. Sé þriggja áratuga starfi Geðhjálpar líkt við líf þrítugrar manneskju er ekki ofsögum sagt að henni hafi farnast vel um dagana þótt vitanlega hafi komið upp erfiðir dagar.

Segir Lárus að hljómsveitin Tepokinn muni leika ljúfa tóna áður en einginleg dagskrá hefst. Frumkvæðisverðlaun Geðhjálpar verða veitt í fyrsta sinn en þau eru ætluð fólki sem með einhverju móti hefur haft frumkvæði í geðheilbrigðismálum og skilað góðu starfi. Að auki mun fyrrverandi félögum og stofnendum Geðhjálpar verða veitt heiðursaðild, félagsmálaráðherra mun flytja ávarp og auk þessa segir Lárus að svokallað Geðhjálparlag verði kynnt. Fleira skemmtilegt verði á seyði auk þess sem ætlunin sé að gefa fólki tækifæri til sýna sig og sjá aðra. Dagskráin hefst í Iðnó klukkan fjögur og eru félagsmenn og velunnarar Geðhjálpar velkomnir. *- kdk*

FRAMHALD AF FORSÍÐU

vinna með aðstandendum var að halda svokallaða fjölskyldudaga hjá Geðhjálp."

Sigríður segir að Geðhjálp hafi strax fengið mikinn stuðning víðs vegar að, meira að segja frá heilbrigðisgeiranum. Á stofnfundi Geðhjálpar sýndi Tómas Helgason, þáverandi yfirlæknir á Kleppsspítala, stuðning sinn bersýnilega.

„Með tilkomu Geðhjálpar var kominn vettvangur fyrir geðsjúka og aðstandendur þeirra og þrátt fyrir að fordómarnir séu enn fyrir hendi hefur margt breyst. Ég er óhemju stolt af starfsemi Geðhjálpar í dag, öllum sjálfshjálparhópunum, stuðningshópunum og húsnæði athvarfsins," segir Sigríður. Í dag fylgist hún með starfinu úr fjarlægð en er um þessar mundir að undirbúa rekstur einkarekins spítala og heilsuhælis í Mosfellssveit. *- jma*

ÓRAÐI EKKI FYRIR ÁRANGRINUM

Fleiri eldhugar komu að stofnun Geðhjálpar á fundi í safnaðarheimili Langholtskirkju hinn 9. október 1979. Guðbjörg Björnsdóttir og Margrét Hlín Sveinsdóttur áttu frumkvæðið að því að boða til þessa fundar. „Við vildum kynna þá neyð sem fólk lendir í undir þessum kringumstæðum og koma á framfæri hverju okkur þótti ábótavant í viðbrögðum hins opinbera við þeim aðstæðum," segir Guðbjörg.

Þær stöllur settu á blað hugmyndir til úrbóta og hengdu upp auglýsingar um fundinn á sjúkrastofnanir og skrifstofur sem störfuðu að þessum málefnum. Þær óskuðu eftir áheyrnarfulltrúum úr hópi þingmanna, einum úr hverjum flokki, og meðal þeirra sem mættu og lögðu gott til málanna voru Helgi Seljan og Stefán Jónsson. Helgi sótti síðar fundi félagsins annað slagið og reyndist félaginu afar hjálplegur.

„Við vildum benda á leiðir til úrbóta frá sjónarhóli aðstandenda," segir Guðbjörg. „Það var af svo mörgu að taka. Sem dæmi vil ég nefna að við vildum bráðamóttöku fyrir geðsjúka á sjúkrahúsi í stað þess að notast við fangaklefa eins og gert var og við vildum stuðning inn á heimili sjúklinga þegar neyðarástand skapaðist. Við vildum líka stuðla að umræðu sem gæti dregið úr fordómum í garð geðsjúkra og aðstandenda þeirra en þeir voru því miður afar miklir."

Á stofnfundinn mættu áttatíu manns, aðstandendur, sjúklingar og fagfólk, og reyndist mikill áhugi vera á því að vinna að úrbótum á þessu sviði. Í fyrstu voru fundir félagsins haldnir í heimahúsum en síðar í húsnæði geðdeildar Landspítalans við Hringbraut. Sífellt bættist í hóp félagsmanna og mismunandi þarfir komu í ljós. Stofnaðir voru hópar fólks með sviptaðar þarfir og kröftum beint að því að hafa áhrif á þjónustu hins opinbera.

„Ég gleðst alltaf þegar ég heyri af framförum í málefnum geðsjúkra og aðstandenda þeirra," segir Guðbjörg. „Aldrei hefði okkur órað fyrir að þetta félag ætti eftir að láta jafn mikið til sín taka og raun ber vitni. Ég minnist þess þegar ég sá hóp félaga í Geðhjálp ganga niður Bankastrætið með ærituð spjöld í tilefni af afmæli félagsins fyrir mörgum árum. Þá rifjaðist snöggt upp fyrir mér stundin þegar þeirri ákvörðun sló niður að stofna þetta félag. Göngunni gleymi ég aldrei og ég óska því duglega fólki sem stendur vörð um bættan hag geðsjúkra og aðstandenda þeirra áframhaldandi gæfu á göngu sinni." *- as*

Auglýsingaefni og söfnunarbaukar fyrir Geðhjálp árið 1981. Á baukunum stendur: Hættum að nýta fangaklefana sem neyðarþjónustu fyrir geðsjúka.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/365

Húsnæði Geðhjálpar við Veltusund 3b. Myndin er tekin árið 1989.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR/365

> Ég gleðst alltaf þegar ég heyri af framförum í málefnum geðsjúkra og aðstandenda þeirra," segir Guðbjörg Björnsdóttir, einn stofnenda Geðhjálpar.

Félagið hefur gert ýmislegt til að vekja athygli á geðheilbrigðismálum á Íslandi. MYND/GEÐHJÁLP

Sigríður Jónsdóttir, umsjónarmaður félagsmiðstöðvarinnar, segir starfið hafa gefið góða raun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fólkið sækir í góða andann hér

Félagsmiðstöð Geðhjálpar hefur aðsetur á horni Túngötu og Garðastrætis. Sigríður Jónsdóttir, umsjónarmaður miðstöðvarinnar, segir helsta markmið hennar vera að gefa fólki færi á að rjúfa sig frá félagslegri einangrun.

Eyjólfur Kolbeins pakkar hér inn geisladiskum í hundraðatali. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýnishorn af verkum Jónu Svönu Jónsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Það er engin spurning að starfsemin hér hefur gefið mjög góða raun. Fólk kemur aftur og aftur til að sækja í þennan góða anda sem hér ríkir," segir Sigríður Jónsdóttir umsjónarmaður félagsmiðstöðvar Geðhjálpar sem hefur aðsetur að Túngötu 7 í Reykjavík.

Að sögn Sigríðar er helsta markmiðið með félagsmiðstöðinni að gefa fólki, sem glímir við geðraskanir af ýmsu tagi, tækifæri til að rjúfa sig frá félagslegri einangrun. „Það skiptir afar miklu máli fyrir marga að hafa eitthvað fyrir stafni. Það er ekki ofmælt að líkja starfseminni við lífsakkeri margra sem hingað sækja," segir Sigríður.

Jóna Svana Jónsdóttir leggur grunninn að listaverki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Félagsmiðstöðin á horni Túngötu og Garðastrætis er opin alla virka daga frá klukkan 10 til 14, nema miðvikudaga, en þá er opið frá klukkan 10 til 15.30. Starfsmenn miðstöðvarinnar, sem eru fimm í fastri vinnu auk þriggja sem eru á eins konar endurhæfingarsamningum, leitast eftir að bjóða upp á ýmsa afþreyingu og námskeið.

Nokkuð fastmótuð vikuleg dagskrá hefur verið skipulögð fyrir veturinn, en auk þess geta gestir nýtt sér aðstöðuna sem inniheldur meðal annars tölvuver, billjarðborð og listasmiðju. Einnig hefur verið staðið fyrir konukvöldum, gönguferðum og ljósmynda-, myndlistar- og tölvunámskeiðum, svo fátt eitt sé nefnt.

Fyrir hádegi á þriðjudögum fer fram samsöngur undir stjórn pínóleikarans Smára Eiríkssonar. Eftir hádegi er efnt til upplestrarstundar, þar sem gestir skiptast á að lesa upp úr bókum sem þeir velja í sameiningu og ræða svo saman um efni bókanna.

Eins og áður sagði eru svokallaðir langir miðvikudagar í miðstöðinni, Þeim geta gestir eytt í listasmiðjunni og snætt hádegisverð sem Ingibjörg Gunnlaugsdóttir eldar. Eftir matinn er svo boðið upp á kynningar á tólfspora-meðferðinni, þar sem aðilar á vegum hinna ýmsa samtaka sem berjast gegn fíkn og óreiðu af ýmsu tagi kynna starfsemi sína. Síðari part miðvikudaga býðst gestum að fá sér kaffi og kökur og ræða málin. Á föstudögum eru haldnir húsfundir, þar sem dagskrá næstu viku er kynnt.

Á morgun, á Alþjóðaheilbrigðisdeginum, heldur Sigursteinn Másson, nýr formaður Geðhjálpar, fyrirlestur á Túngötunni.

Fyrirlesturinn ber heitið Andleg sjálfsvörn. Sigríður hvetur alla sem hafa áhuga á að kynna sér starfsemi félagsmiðstöðvar Geðhjálpar að hafa samband við sig.

- kg

NOKKUR GÓÐ RÁÐ

Uppsögn er mikið áfall og getur kallað fram sárar tilfinningar, sorg og höfnunarkennd sem eru eðlilegar tilfinningar við starfsmissi. Á vefsíðu Lýðheilsustöðvar, lydheilsa.is, má finna góð ráð til að takast á við atvinnumissi. Meðal annars hefur Guðrún Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri Geðræktar hjá Lýðheilsustöð, tekið saman eftirfarandi ráð sem gott er að hafa í huga þegar erfiðleikar steðja að:

- Hreyfing og slökun. Það er afar mikilvægt að hreyfa sig reglulega og reyna að slaka vel á. Algengt er að þetta sé vanrækt þegar manni líður illa.
- Mjög mikilvægt er að tryggja nægan svefn og hvíld.

- Þá er einnig mikilvægt að huga vel að mataræðinu og gæta að hollustunni og nærast reglulega.
- Æðruleysi. Gott getur reynst að glöggva sig á hverju maður getur breytt og setja stefnuna á það. Það hefur lítið að segja að hafa áhyggjur af einhverju sem maður getur ekki haft nein áhrif á.

Starfsmenn Íslandspósts sem náðu á toppinn í bókstaflegri merkingu 19. maí 2007 þegar hátt í sjötíu manns gengu á Hvannadalshnúk undir leiðsögn þeirra Ingþórs Bjarnasonar og Haraldar Arnar Ólafssonar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Íslandspóstur hugar að geðheilbrigði

Heilsupósturinn er yfirskrift heilsueflingar sem Íslandspóstur hefur staðið fyrir síðustu ár.

Íslandspóstur er eitt stærsta fyrirtæki landsins. Þar starfa um 1.200 starfsmenn. Sérstaða fyrirtækisins felst í þeirri þjónustu sem það veitir og tengingunni við öll heimili á landinu hringinn í kringum landið, eða um 102.000 heimili, 300.000 einstaklinga og 35.000 fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök.

HEILSUPÓSTURINN

Heilsupósturinn er verkefni til heilsueflingar innan Íslandspósts sem fyrirtækið hefur staðið fyrir síðastliðin sex ár. Um 500 starfsmenn hafa tekið þátt í því árlega frá upphafi. Undir merkjum Heilsupóstsins bjóðast starfsmönnum reglulegar heilsufarsmælingar (svo sem á blóðþrýstingi, BMI, fituprósentu, mittismáli og blóðsykri) ásamt ráðgjöf og fræðslu á sviði heilsuræktar.

Markmiðið er að fá sem flesta starfsmenn til þess að huga að betra líferni og þar með auka lífsgæðin. Segja má að Heilsupósturinn sé orðinn lífsstíll hjá stórum hópi starfsmanna og setja menn sér bæði persónuleg og sameiginleg markmið. Styttri og lengri gönguferðir eru skipulagðar á fjöll og sléttlendi, til dæmis hafa starfsmenn (og makar) farið á Hvannadalshnúk, gengið yfir Fimmvörðuháls og nú síðast á Eyjafjallajökul. Auk þessa hafa ýmsir vinnustaðir farið í gönguferðir í sinni heimabyggð, svo sem á Akureyri, Ísafirði, Vestmannaeyjum og Egilsstöðum. Póstganga Íslandspósts hefur verið farin á hverju ári frá stofnun fyrirtækisins árið 1998. Starfsmenn, fjölskyldur og vinir hafa fjölmennt í göngurnar sem farnar hafa verið víða um landið. Tekið skal fram að makar starfsmanna eru hvattir til þess að taka þátt í gönguferðum og öðrum uppákomum á vegum Póstsins. Líkt og á undanförnum árum verður ýmislegt skemmtilegt gert á vegum Heilsupóstsins í vetur. Lögð verður áhersla á líkamlega hreyfingu, gönguferðir, mataræði og fleira eins og áður, en meiri áhersla verður á geðheilsu.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ OG GEÐHEILBRIGÐI

Haustið 2008 var ákveðið að þema Heilsupóstsins yrði geðheilbrigði. Í framhaldi af því var leitað til Geðhjálpar. Íslandspóstur og Geðhjálp hafa tekið höndum saman við að fræða starfsmenn Íslandspósts um lífsgæði og geðheilbrigði.

Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, hefur heimsótt fjölmarga af vinnustöðum Íslandspósts og vakið starfsmenn til umhugsunar um það sem hann nefnir andlega sjálfsvörn. Segja má að með þessu samstarfi sé Íslandspóstur að sinna samfélagslegri ábyrgð sem fyrirtæki allra landsmanna.

Arndís Guðmundsdóttir,

Við þökkum stuðninginn

Seltjarnarnes
About Fish Íslandi ehf, Austurströnd 3
Seltjarnarneskirkja, Kirkjubraut 2
Tannlæknastofa Ragnars Ó Steinarssonar ehf, Eiðistorgi 15

Vogar
V.P.vélaverkstæði ehf, Iðndal 6

Kópavogur
Allianz á Íslandi hf, Digranesvegi 1
Átak ehf bílaleiga, Smiðjuvegi 1
Bílamálunin Varmi ehf, Auðbrekku 14
Debenhams á Íslandi ehf, Hagasmára 1
dk hugbúnaður ehf., www.dk.is, Hlíðasmára 17
Fagsmíði ehf, Kársnesbraut 98
Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19
Hellur og garðar ehf, Kjarrhólma 34
Hilmar Bjarnason ehf,rafverktak, Daltúni 1
Húnar ehf, Bæjarlind 12
Ison ehf, Laufbrekku 22
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
Kynnisferðir ehf, Vesturvör 34
Léttfeti ehf - Sendibíll, Engihjalla 1
Marás ehf, Akralind 2
Mecca Spa ehf, Nýbýlavegi 24
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8
Réttingaverkstæði Jóa ehf, Dalvegi 16a
Réttingaþjónustan ehf, Smiðjuvegi 40
Ship Equip ehf, Bæjarlind 12
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Dalvegi 16a
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.

Leitið til fagmanns.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,

Verið velkomin

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2 leiki og vínyl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

Sendibílstjórar ATH
Kaupum þvottavélar, þurrkara og önnur heimilstæki gegn stgr. Mandala ef. Síðumúla 37 - S. 847 5545.

Hljóðfæri

Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga

Harðviður til húsabygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 840-7273 og ulfurinn.is

Verslun



HEILSA

Heilsuvörur

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Til sölu

Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!

Eru perurnar í lagi?
Láttu sérfræðinga okkar skipta um perur fyrir veturinn. Eigum perur í nær allar gerðir bíla.

Renndu við, þú færð góðar móttökur alla virka daga frá kl. 8 til 18.

N1 HJÓLBARÐA- OG SMURÞJÓNUSTA SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Tek notaða bekki upp í nýjan óléttuferðanuddbekk. Hef einn notaðan earth-lite bekk á 40.000 til sölu. Uppl. í 891 6447 Óli.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Ódýrt afslöppunarnudd og heitsteinanudd. Sími 772 2600 www.heitsteinanudd.com

J. B. HEILSULIND
Dekurdagar?
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

Þjónusta

Er andlega orkan á þrotum?
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Harmonikukennsla
Harmonikukennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Innritun hafin í s. 690 7424 eftir hádegi

HEIMILIÐ

Heimilistæki

Þvottavél óskast
Óska eftir að kaupa ódýra þvottavél og þurrkara. Má vera bilað. S. 847 5545.

Heimilið

Kompudagur hjá Sjálfsbjörg að Hátúni 12 (sunnanmegin) laugard. 10. okt. kl. 11 til 17. Allt mögulegt til sölu, frá handavinnu til útiljósa; gerið góð kaup! Flóamarkaðsstemning.

Dýrahald

Kattasýning Kynjakatta er haldin um helgina í Miðhrauni 2 Garðabæ. Opið frá kl 10-17:30. Nánari upplýsingar á www.kynjakettir.is

Gullfallegir snökkhærðir chihuahua hvolpar með ættbók til sölu. Uppl. í s. 897 8848.

Er með Schnauzer hvolp sem vantar heimili. Er ljúfur og mjúkur. Uppl. í s. 431 1308 e. kl. 16.30

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Spánn stutt og langtímaleiga: Barcelona, Costa Brava, Andalusia, Menorca, Valladolid, Reykjavík 101, Flórída. www.helenjonsson.ws / www.starplus.info Uppl. í s. 899 5863.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Til leigu 60fm íbúð í 105. Leigist með húsgögnum. Verð 120 á mán. Sími 820 2798.

2ja herb. íbúð á svæði 105 til leigu. Laus strax. Uppl. í s. 823 9807.

3ja herb íbúð til leigu 100 fm í v. Kóp frá 24. okt. reyklaust/engin gæludýr. Uppl. gefur Sigurjón í s. 567 5993.

Til leigu 2ja herb.íbúð. í Bústaðahv.(108). Sérinng.Laus.Reglus.Uppl.í s.553 7768.

60 fm íbúð á Seltjarnarnesi. Leiguverð 98 þús. Allt innifalið. Uppl. í s. 856 2603, Rúnar.

Stúdíóíbúðir. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 661 1247. alla virka daga.

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Björt og falleg 2ja herb. 63fm. íbúð Hfj. Sérinngangur og bílastæði. Laus strax. Verð. 99þ. 2mán. fyrirfr. Uppl. S. 698-3844.

Húsnæði óskast

Parhús / raðhús / einbýlishús
Saga Film óskar eftir Par/rað eða einbýlishúsum.
Upplýsingar í s. 822 2504, eða sveinnvitar@hive.is

Óska eftir íbúð til leigu á ca. 150 á mán. Miðsvæðis. Sími 820 2798.

Fjölskylda með hund óskar eftir einbýli/raðhúsi í Fossvogi (108). Uppl. í síma 8600430

Sumarbústaðir

Smíðum og hönnum hús fyrir ykkur. Vanir menn, árátuga reynsla. Erum á suðurlandi. Hönnun af 64 fm hús + milliloft og 78 fm hús + milliloft fokhelt á frábæru verði. Uppl. halli@halliparket.is & 894 0048.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 30 fm sérstandandi bílskúr v/ Ægissíðu m. góðum gluggum og salernisaðstöðu. Hægt að nýta á ýmsan hátt, eins og t.d. geymslu eða sem vinnuaðstöðu. Verð kr. 35.000. Uppl. í s. 892 9171.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Kol ehf
Veiðarfæri

Kvöld- og helgarvinna
Kvöld- og helgarvinna. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 eða kol@kol.is

Deildarstjóri óskast
Deildarstjóri í barnadeil rúmfatalagersins smáratorgi óskast til starfa.
Upplýsingar gefur Njáll í síma: 820-8004 Rúmfatalagerinn Smáratorgi.

Atvinna Atvinna
Starfsmenn óskast í 100% vinnu við almenn verslunarstörf.
Upplýsingar gefur Eyþór í síma 820-8001 eða á staðnum Rúmfatalagerinn Korputorgi.

Veitingahús
Starfskraftur óskast í 80% vinnu. ca. 20 dagar í mán. 12 daga frá 12-19 og 8 daga frá 8-15.
Uppl. í s. 843 9950.

Viltu fá greitt fyrir að prófa og spila leiki eins og WOW? http://tinyurl.com/ydablzm

Zatrudnie samodzielnych, niepalacych kucharzy i kelnerki z komunikatywna znajomoscia jezyka angielskiego. Tel. 845 6447.

Ísbúð - atvinna
Erum að opna nýja og glæsilega ísbúð í Kópavogi og viljum ráða nokkra fríska starfsmenn. Uppl. í s. 892 0807.

Vantar duglega manneskju í tamningar í Møre og Romsdal Noregi frá janúar fram á sumar. Upplýsingar í síma +47 92487005.

Óska eftir 2 mönnum til að skera af netum, hentugt fyrir hjón. Einnig vantar ýmis áhöld fyrir fiskverkun. Uppl. í s. 847-3758.

Normi ehf óskar eftir starfsmanni með meiraþróf og vinnuvélaréttindi. Upplýsingar í síma 893-3020.

Atvinna óskast

25 ára hörkudugl. maður óskar eftir vinnu, er þrælvanur gifs og trésmíði, en skoða hvað sem er. S:8662655

Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Guðspekifélagið
Í kvöld, föstudaginn 9. október kl. 20:30 mun Birgir Bjarnason stjórna umræðum í húsi félagsins, Ingólfsstræti 22.
Laugardaginn 10. október: kl. 14:00 er hugleiðing, kl. **14:30** hæðbluefni Sigvalda í umsjá Birgis Bjarnasonar. Kl. 15:00: **Opið hús og Kl. 15:30:** Að hlusta á tónlist. Umsjón hefur Halldór Haraldsson.
Á fimmtudögum kl. 16.30-18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
www.gudspekifelagid.is

Einkamál

Símadömur. 908 66666 & 908 2000.

Hringdu þegar þér hentar,engin bið!! Opið allan sólahringin.

Símadömur.

Hringdu þegar þér hentar, engin bið.
Opið allan sólanhringinn.

SÍMAÞJÓNUSTUR

Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
Gay spjall
535 9988 (kreditkort)
Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni með tilbreytingu og ævintýri í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8197.

Kona með yndislega rödd leitar kynna við karlmann með notalegar stundir í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8658.

Góð kona vill kynnast hressum og heiðarlegum manni, 60-70 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8950.

Sjóðheit upptaka ungar konu sem af einstakri innlifun deilir með þér sínum dýpstu tilfinningum. Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8319.

www.islendingasetrid.com íslensk stefnumótasíða með vinsælustu fítusunum af facebook.

Skemmtanir

Cafe Catalina

Í kvöld leikur hljómsveitin
Feðgarnir
Allir velkomnir
Snyrtilegur klæðnaður áskilin

Hádegismatur alla virka daga
Allar veitingar á vægu verði.
Hamborgaratilboð !
Útleigusalur
Boltatilboð

Boltinn í beinni!

Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166

Tilkynningar

Bíladagar Fréttablaðsins!

Þarftu að kaupa, selja eða skipta? Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr., texti og mynd.

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

Bíladagar – markaðstorg með bíla

Óvarinn hópur í niðurskurði

UMRÆÐAN
Guðlaug Kristjánsdóttir skrifar um háskólamenntaða launamenn

GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR

Háskólamenntaðir launamenn standa nú frammi fyrir umtalsverðri kjaraskerðingu í tengslum við niðurskurð í opinberum rekstri.

Við undirritun stöðugleikasáttmála síðastliðið sumar lögðu fulltrúar launamanna ríka áherslu á að sá gjörningur gæfi innsýn í komandi tíð. Framlag launamanna til stöðugleikasáttmála var að bíða með kjaraleiðréttingar á meðan óvissuástand ríkti í fjármálum landsins. Slík viljayfirlýsing var háð því af hálfu Bandalags háskólamanna (BHM) að stöðugleiki í öðrum kjörum félagsmanna væri sýnilegur og yrði að veruleika. Hvorki ríki né sveitarfélög treystu sér til að fastbinda mikið annað en fyrirheit sem nú er farið að fjara undan á mörgum sviðum. Sveitarfélög hækka gjaldskrár, stytta opnunartíma stofnana og opinberar stofnanir boða nú launaskerðingar.

Neyðaraðgerðir eða launastefna?

Boðaðar sparnaðaraðgerðir í launakostnaði snúast um að hlífa lægst launuðu hópunum á meðan hærra launaðir axli þyngri byrðar. BHM tók undir þessi sjónarmið hins opinbera við gerð stöðugleikasáttmála með vísan til þeirra stærða sem þá voru til skoðunar, nefnilega að laun upp að 210-220 þúsundum yrðu hækkuð ef svigrúm leyfði. Strax þarna mátti segja að þeir launahærri létu af hendi rakna, enda þeim ætlað að glíma aðstoðarlaust við minnkandi kaupmátt. Ríkið og flest sveitarfélög hafa lagt fram áherslur í skerðingu kjara þeirra hærra launuðu sem beita skal ef nauðsyn krefur. Ríkið setti 400 þúsund króna heildarlaun sem viðmið og hafa sambærileg mörk verið ívið lægri hjá sveitarfélögum. Báðir aðilar leggja til grundvallar að hærri laun skerðist meira en þau lægri. Í öllum tilfellum getur skerðing aðeins náð til ráðningartengdra kjara sem ekki er samið um í kjarasamningi eða stofnanasamningum. Í síðustu kjarasamningum ríkisins við ASÍ og BSRB teygðu launahækkanir sig upp að 310 þúsundum. Þar með var bilið milli skilgreindra lágra og hárra tekna þrengt allverulega, enda annars vegar um að ræða 310 þúsund króna grunnlaun og hins vegar 400 þúsund króna heildarlaun.

Samkvæmt viðmiðum hins opinbera í aðhaldsaðgerðum teljast flestir háskólamenntaðir launamenn þola skerðingar, eða í það minnsta frystingu launa. Þetta viðhorf leiðir til þess að menntun, þekking og fagmennska er gengisfelld.

BHM varar við þessari þróun og krefst þess að stjórnvöld gæti þess að ekki fjari undan fagmennsku og mannauði við niðurskurð. Ummæli Ögmundar Jónassonar, þá heilbrigðisráðherra, í Fréttablaðinu hinn 23. september síðastliðinn, um að hann hygðist við niðurskurð sérstaklega vernda störf og kjör þeirra sem lægri laun hefðu, vöktu undirritaða til umhugsunar um sýn ráðamanna á þjónustu hins opinbera, ef fagmenntun gæti á einhverjum tímapunkti orðið of dýr í þeirra huga til að standa um hana vörð.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kallar stighækkandi álögur og skerðingar upp eftir tekjustiganum réttláta og sanngjarna stefnu sem fylgi norrænni fyrirmynd. Í slíkum skilgreiningum saknar BHM umfjöllunar um verðmæti þekkingar sem vissulega er aðalsmerki norræns velferðarkerfis og ekki síður metnaðar fyrir hönd fagmennsku í opinberri þjónustu.

Samfélagsþjónusta?

Meðal leiða sem opinberir aðilar sjá færar til að draga úr launakostnaði er að minnka greiðslur fyrir yfirvinnu. Það er afstaða BHM að þegar yfirvinnugreiðslur skulu skertar, þurfi samsvarandi skerðing vinnuframlags að koma fram. Það sé með öðrum orðum ekki hægt að krefja starfsmann um vinnuframlag sem ekki stendur til að greiða fyrir.

Í umræðu um niðurskurð og aukna tekjuöflun hins opinbera virðast tveir aðilar áberandi aflögufærir, lífeyrissjóðir og millitekjufólk.

Hafa ber í huga að skuldsetning fólks helst oft í hendur við tekjur. Heimili sem áður höfðu svigrúm í fjármálum sínum og jafnvægi milli tekna og greiðslubyrði eru nú mörg komin á ystu nöf.

Ef sífellt verður þrengt að heimilum með meðaltekjur, þannig að ráðstöfunartekjur fólks með framhaldsmenntun verði umtalsvert lægri en í þeim löndum sem næst okkur liggja, er yfirvofandi atgervisflótti. Fólki í framhaldsnámi erlendis verður gert ókleift að flytjast heim og þanþol háskólamenntaðra launamanna er ekki takmarkalaust.

Allt frá hruninu síðastliðið haust hafa ráðamenn hampað því að Ísland búi yfir auðlindum sem fleyta muni þjóðinni gegnum erfiðleikaskeið, þar á meðal menntun og mannauði. Varla getur talist ásættanlegt að slíkar auðlindir verði á næstu árum í auknum mæli nýttar og ávaxtaðar fjarri Íslands ströndum.

Höfundur er formaður Bandalags háskólamanna.

Ljósleiðarinn – seinni hluti

UMRÆÐAN
Birgir Rafn Þráinsson skrifar um ljósleiðara

BIRGIR RAFN ÞRÁINSSON

Ljósleiðaravæðing Gagnaveitunnar er nú áformuð til u.þ.b. 65 þúsund heimila á þéttbýlisstöðum tíu sveitarfélaga. Í lok þessa árs verður ljósleiðarinn kominn inn í hús til um 30 þúsund þessara heimila. Langflest þeirra eru í Reykjavík. Þá er ljósleiðarinn kominn til allra heimila á Seltjarnarnesi, á Hellu, á Hvolsvelli og fljótlega á Akranesi. Ljósleiðarinn er einnig kominn til fjölda heimila í Hveragerði og flestra heimila í nýjustu hverfum Kópavogs og Garðabæjar.

Um ljósleiðara Gagnaveitunnar býðst heimilum þjónusta frá Vodafone, Tali og Hringiðunni. Með bandvídd ljósleiðarans bjóðast ýmsir tæknilegir möguleikar sem nú þegar eru margir hverjir orðnir að raunveruleika í þjónustuframboði þeirra.

Heimilum býðst alvöru háhraða internettenging, þ.e. yfir 10 og allt upp í 100 Mbit/sek. bandvídd, með sama hraða til og frá notanda, stafræn sjónvarpsmóttaka í miklum gæðum sem ekki truflar eða truflast af internetnotkun og margir myndlyklar sem gera heimilinu kleift að taka á móti fjölda sjónvarpsrása eða myndstrauma á sama tíma, t.d. fyrir heimili sem eiga fleiri en eitt sjónvarpstæki. Þá er ljósleiðarinn langbesti kostur til móttöku á háskerpusjónvarpsefni. Notendur upplifa raunverulegan mun á gæðum og áreiðanleika þjónustu sem veitt er um ljósleiðarann.

Í raun er enginn ágreiningur meðal þeirra sem til þekkja um tæknilega yfirburði ljósleiðarans hvað háhraða gagnaflutninga varðar. Koparlínur munu aldrei geta uppfyllt þær þarfir sem ljósleiðarinn leysir, þrátt fyrir fullyrðingar um annað. Þráðlaus tækni á enn langt í land með að ná afkastagetu koparlína, svo ekki sé talað um ljósleiðara.

Internettengingar um ADSL eru nú boðnar með allt að 16 Mbit/sek. bandvídd til notanda og innan við 1 Mbit/sek. frá notanda. Gæði koparlína og fjarlægð heimilis frá símstöð hafa mikil áhrif á afköst ADSL-þjónustunnar og því geta söluaðilar ekki tryggt afhendingu á þeirri bandvídd sem viðskiptavinum er seld. Oftar en ekki er hámarkbandvídd í ADSL innan við 8 Mbit/sek.

Heimili sem tengjast ljósleiðara Gagnaveitu Reykjavíkur fá endabúnað sem afkastar nú 100 Mbit/sek. bandvídd, bæði til og frá notanda. Þegar þörf verður á að auka bandvíddina enn frekar þarf einungis að skipta um endabúnað, ekkert þarf að eiga við sjálfan ljósleiðarann. Engin „allt að“ bandvídd heldur raunveruleg bandvídd.

Þrátt fyrir yfirburði ljósleiðarans hvað afköst og gæði varðar er þjónusta um hann mjög samkeppnisfær í verði.

Rekstur Gagnaveitu Reykjavíkur gengur vel og viðskiptavinum fjölgar mikið. Tekjur af ljósleiðaranetinu hafa verið umtalsverðar og vaxandi undanfarin ár. Á síðasta ári voru þær 669 milljónir króna og jukust um rúm 20% milli ára. Stærstur hluti tekna er vegna notkunar fyrirtækja og stofnana á ljósleiðaranetinu, þar sem Gagnaveitan býr við traust viðskiptasambönd til margra ára. Vænta má að tekjur aukist hratt næstu árin í ljósi mikillar fjölgunar heimila sem tekið hafa og taka munu ljósleiðarann í notkun.

Á síðasta ári var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) 355 milljónir króna og standa tekjur vel undir öllum útlögðum rekstrargjöldum. Lán vegna framkvæmda eru í erlendri mynt og skýrist bókhaldslegt tap ársins alfarið af hruni íslensku krónunnar. Það tap mun ganga til baka eftir því sem gengi krónunnar vonandi styrkist.

Ýmsir telja framtíðarmöguleika Íslendinga, ekki síst í kjölfar þess efnahagshruns sem við eigum við að glíma, felast í atvinnusköpun sem byggir á tæknivæddum innviðum. Undanfarin ár hafa rör verið lögð í jörðu samhliða nýlögnum og endurnýjunum. Með þessu móti er kostnaði og raski vegna jarðvinnu haldið í lágmarki. Á svæðum þar sem endurnýjanir standa ekki til er farið í sérstakar jarðvinnuframkvæmdir. Framkvæmdir hafa verið boðnar út í opnum útboðum og hefur fjöldi verktaka og þjónustuaðila byggt upp þekkingu, verkvit og reynslu þessi fyrstu ár verkefnisins.

Í því efnahags- og atvinnuástandi sem þjóðin býr við í dag er áframhaldandi uppbygging slíkra innviða bæði mikilvæg og heppileg. Í henni felst fjöldi starfa fyrir iðnaðarmenn, verkamenn og hönnuði sem nú þegar kunna til verka og hafa yfir nauðsynlegum vinnuvélum og tækjum að ráða. Uppbygging ljósleiðaranets

Heildarkostnaður við ljósleiðaravæðingu heimila ræðst af umfangi hennar, þ.e. til hversu margra heimila verkefnið nær. Vænta má að heildarfjárfestingin verði í kringum 12 milljarða á núverandi verðlagi. Þessi stofnkostnaður við ljósleiðaravæðinguna er vissulega mikill en sú fjárfesting mun nýtast íbúum í áratugi. Uppbygging nýrra innviða samfélagsins á borð við ljósleiðaranetið krefst áræðni þar sem framtíðarsýn og þolinmæði fjármagns skiptir sköpum. Uppbyggingin er vel á veg komin og mun skila tilætlaðri arðsemi þegar upp er staðið, það hafa veitukerfi og grunnnet alltaf gert. Gert er ráð fyrir áframhaldi framkvæmdum til ársins 2014 með tilheyrandi fjárfestingum sem Gagnaveitan hefur alla burði til að standa undir.

Höfundur er framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur.

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

VERÐHRUN!

RISA

LAGERSALA FORLAGANNA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**

SÍÐASTA OPNUNAR-HELGIN!

Komdu og sparaðu!

Ekki missa af þessu!

GJÖF! EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 5.000,- (Meðan birgðir endast!)

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

VANDAÐAR BARNABÆKUR!

~~1.790,-~~ stk. 590,- stk.



~~2.680,-~~ 300,-

BÁÐAR Á 1.200,-

~~2.480,-~~ 790,-

~~2.480,-~~ 590,-

ÞRJÁR Á 1.000,-

~~1.790,-~~ stk. 490,- stk.

FRÁBÆR KILJUTILBOÐ!

GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR

- ALLT Á EINUM STAÐ

ÞRJÁR Á 1.800,-

845,- stk.

BÁÐAR Á 3.990,-

~~4.490,-~~ stk.

~~9.980,-~~ 4.490,-

TAKMARKAÐ MAGN!

~~5.990,-~~ 3.990,-

~~3.990,-~~ 1.490,-



~~5.490,-~~ 990,-

UPPHEIMAR · sögur útgáfa · Veröld · Salka · heimur · SKRUDDA · opna · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR

JOHN LENNON (1940-1980) FÆDDIST ÞENNAN DAG.

„Lífið er það sem hendir þig er þú upptekinn skipuleggur annað.“



John Lennon stofnaði hina heimsfrægu hljómsveit Bítlana. Hann var myrtur 8. desember árið 1980 af geðsjúkum aðdáanda.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 9. OKTÓBER 1986

Sjónvarpsstöðin Stöð 2 tekur til starfa

Fyrsta einkarekna sjónvarpsstöðin á Íslandi, Stöð 2, tók til starfa þennan dag árið 1986.

Hún var stofnuð að frumkvæði Jóns Óttars Ragnarssonar og Hans Kristjáns Árnasonar.

Valgerður Matthíasdóttir gekk svo til liðs við þá og var áberandi í útlitshönnun og dagskrárgerð stöðvarinnar frá upphafi.

Dagskráin var byggð upp á aðkeyptu afþreyingarefni, leiknu íslensku skemmtiefni og fréttum.

Í byrjun árs 1987 voru áskrifendur um fimm þúsund, en þeir voru svo orðnir tæplega 30 þúsund fyrir árslok.

MERKISATBURÐIR

1962 Úganda hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.

1963 Skáldatími eftir Halldór Laxness kemur út. Bókin vekur mikla athygli, enda gerir höfundurinn upp við sósíalismann.

1965 Dagur Leifs Eiríkssonar hins heppna er í fyrsta skipti haldinn hátíðlegur á Íslandi.

1992 Ný brú yfir Markarfljót er vígð. Hún stytti hringveginn um fimm kílómetra.

2006 Norður-Kóreumenn tilkynna að þeir hafi framkvæmt sína fyrstu kjarnorkutilraun.

2007 Yoko Ono afhjúpar Friðarsúluna í Viðey á afmælisdegi Johns Lennon.

AFMÆLI

BRANDON ROUTH leikari er 31 árs.

NICKY BYRNE söngvari í Westlife er 31 árs.

†

Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, unnusta og amma,

Sigríður Ólöf Sigurðardóttir

Jörfagrund 25, Kjalarnesi,

lést á heimili sínu sunnudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. október kl. 13.00.

Sigurður Ólafur Oddsson
Sigþrúður Oddsdóttir
Jón Oddsson
Oddur Már Oddsson
Atli Björgvin Oddsson
Davíð Trausti Oddsson
Gústaf Jóhann Gústafsson
barnabörn og aðrir aðstandendur.

Sandra Dögg Jónsdóttir

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Kristmundar Finnbogasonar

Hraunvangi 3, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og heimahlynningar Landspítalans fyrir frábæra umönnun og stuðning.

Jóhanna Daðey Kristmundsdóttir
Pálmar Kristmundsson
Ágústa Kristmundsdóttir
Hafdís Bára Kristmundsdóttir
Guðmundur Kristmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Lárus Grímsson
Sigríður Hermannsdóttir
Örn Bjarnason
Þórir Ingibergsson
Kristín Sördal

†

Elsku faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Árnason

Suðurbyggð 1, Akureyri,

lést sunnudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju, mánudaginn 12. október kl. 13.30. Þeir sem vilja minnast hans er bent á Mæðrastyrksnefnd á Akureyri, reikningur 0302 13 175063, kt. 460577-0209.

Þórarinn Stefánsson
Sigrún Stefánsdóttir
Gunnhildur Stefánsdóttir
Árni Stefánsson
Páll Stefánsson
Ólöf Stefánsdóttir
og barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurbjörg Jónsdóttir
Yngvar Björshol
Árni Björn Stefánsson
Herdís Klausen
Hólmfríður Sara Friðjónsdóttir
Ágúst Birgisson

MARÍA SHRAMKO: VANN TVÖ GULL OG BRONS Í BAKARAKEPPNI Í RÚSSLANDI

Stefnir á þrefalt gull að ári

Maria Shramko, sem starfar sem kökuskreytingarmeistari hjá Myllunni, vann til tveggja gullverðlauna og einna bronsverðlauna í alþjóðlegu matreiðslu- og bakarakeppninni The International Kremlin Culinary Cup sem var haldin í Rússlandi fyrr í mánuðinum. Keppnin er sú umfangsmesta sinnar tegundar í Rússlandi og er keppt í hinum ýmsu greinum köku- og matargerðarlistar. Maria hlaut gullverðlaun fyrir brúðartertu og sykurskreytingu og brons fyrir karamelluskreytingu.

Maria er úkraínsk að uppruna. Eiginmaður hennar Sergei Shramko kom hingað til lands til að vinna fyrir Marel árið 1999 og fylgdu hún og börnin tvö á eftir. Maria er með meistarapróf í kökuskreytingum frá Rússlandi og hefur unnið hjá Myllunni æ síðan. En hvernig kom það til að hún ákvað að taka þátt í keppninni? „Kennarinn minn í Rússlandi hafði samband og hvatti mig til að taka þátt en ég sagði henni að ég teldi mig ekki tilbúna. Hún var á annarri skoðun og ákvað ég að slá til enda frábær áskorun og gott tækifæri fyrir mig til að halda áfram að þroskast í starfi,“ segir Maria en á meðan aðrir keppendur höfðu marga mánuði til að undirbúa sig hafði hún bara nokkrar vikur. Maria sótti um að taka þátt í tertuskreytingarhluta keppninnar en hver umsókn fer fyrir sérstaka inntökunefnd og er um sextíu prósentum umsækjenda hafnað. Maria komst áfram og yfirgaf svæðið með fangið fullt af verðlaunum.

„Það tók mig þrjá daga og svefnlausar nætur að verða klár fyrir keppnisdaginn. Ég var harðákveðin í því að gera mitt besta en taldi ólíklegt að ég myndi vinna enda samkeppnin hörð. Velgengnin kom mér því skemmtilega á óvart,“ segir Maria, sem er staðráðin í því að fara aftur út að ári og koma þá heim með þrefalt gull. Hún er stolt af því að keppa fyrir hönd Íslands en var spurð að því ytra af hverju hún keppti ekki fyrir Rússland. Svarið var einfalt: „Ég bý og starfa á Íslandi. Þar eru börnin mín alin upp og því keppi ég fyrir Ísland.“

Maria gerir mikið af veislutertum, sykur- og karamelluskrauti fyrir Mylluna. Hún er sannur listamaður og getur mótað nánast hvað sem er úr súkkulaði og sykri. Hana langar gjarnan til að kenna Íslendingum að gera fleira en sykurblóm enda hefur hún sitthvað fram að færa.

vera@frettabladid.is

STOLT AF ÞVÍ AÐ KEPPA FYRIR ÍSLAND Hér má sjá Mariu við sykurskreytinguna sem hún hlaut önnur gullverðlaunin fyrir.

†

Útför ástkærs eiginmanns míns og föður okkar,

Friðriks Árna Kristjánssonar

Túngötu 23 Tálknafirði,

fer fram frá Tálknafjarðarkirkju laugardaginn 10. október kl. 14.00. Jarðsett verður í Bíldudalskirkjugarði.

Nanna Júlíusdóttir, börn og fjölskyldur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

†

Ástkær eiginkona mín,móðir, tengdamóðir, systir og amma,

Susie Bachmann

Depluhólum 10, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 4. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. október kl. 13.00.

Páll Friðriksson
Stefán Jóhann Pálsson
Regína Gréta Pálsdóttir
Páll Heimir Pálsson
Gréta Bachmann
og barnabörn.

Kristín Lilliendahl
Einar Sveinn Hálfdánarson
Bryndís Skaftadóttir

Vinsælustu
heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

PHILIPS

Philips Senseo kaffivél HD7810SV
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Litur: Svört

15.990kr FRÁBÆRT VERÐ

19.990kr FRÁBÆRT VERÐ

Wassermaxx sódavatnstæki
WassermaxxHV
- Einfalt í notkun
- Fylgir með bæði 1L og 0.5L flöskur
- Hægt að fá bragðefni
- Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
- Litur: Hvítt

Melissa

7.990kr FRÁBÆRT VERÐ

Melissa blandari
646081
- 500w
- Blandar, hrærir og stappar fljótt og örugglega
- Tilvalinn fyrir mjólkurhristinga, súpur og sósur
- 2 hraðastillingar
- 1,5L gler mál - Má fara í uppþvottavél
- Ryðfrír stálhnífur
- Öryggisrofi
- Auðvelt að taka í sundur og setja í uppþvottavél
- 3,6 kg

SEVERIN

Severin eldhúsvog KW3667
- Skýr LCD skjár
- Gler fótur
- 5kg
- 1g kvarði

5.990kr FRÁBÆRT VERÐ

SEVERIN

Severin heilsugrill KG2396
- 1800w
- Non-Stick - Auðvelt í þrifum
- Breytilegar hitastillingar
- Plast handföng

12.990kr FRÁBÆRT VERÐ

SEVERIN

Severin brauðrist AT2514
- 850w brauðrist
- Margar stillingar
- Stop takki
- Ljós

5.990kr FRÁBÆRT VERÐ

KitchenAid

KitchenAid hrærivél
KSM150
- 300 W
- Hraðastillingar 1-10
- Fylgihlutir:
  Þeytari
  Hrærari
  4.8 lítra skál m. haldfangi
  Hveitibraut

79.990kr FRÁBÆRT VERÐ

Melissa

Melissa hárblásari
635092
- 2200w
- 2 kalda- og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Með ionization - afrafmagnar hárið
- 2 hausar fylgja
- Ofhitunarvörn
- Hægt að taka út filter til að hreinsa

3.490kr FRÁBÆRT VERÐ

Melissa

Melissa sléttujárn 635107
- Svartar keramík plötur
- Betri hitadreifni
- PTC Heater - Fljótt að hitna
- Hámarkshiti: 200°C

2.490kr FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 15. október eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

FRÉTTABLAÐIÐ
Helgarblað
alla laugardaga

Helgarblaðið:

Jarðarinnar dýrustu djásn.
- Blóðug saga stærstu demanta heimsins.

Fréttablaðið rýnir í jólabókaflóðið

Allt um Airwaves 2009

Ferðalög:

Ævintýraleg sigling til Dubai.

Malla fyrirsæta í New York.

Heimili og hönnun:

Aðallitur vetrarins. Grátt aftur í tísku.

Allt sem þú þarft

NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Fratmæli og dæmalausar sögur

Lífið er eins og konfektkassi. Þú veist aldrei hvaða mola þú færð," sagði Forrest Gump í samnefndri kvikmynd. Mörgum þykir sem Forrest hafi þarna hitt naglann á höfuðið og leyst lífsgátuna í einni svipan. Þeir sömu virðast hafa gleymt því að Forrest Gump var bjáni.

Langflestum konfektkössum sem ég hef keypt hafa fylgt nákvæmar lýsingar á innihaldi hvers mola fyrir sig. Ef einhver er svo ævintýragjarn að vilja endilega láta koma sér á óvart með konfektkassa sem skortir slíkar upplýsingar (sem er væntanlega á skjön við allar reglugerðir um merkingar á matvælum) er líklegt að sá hafi náð svipuðu þroskastigi og Forrest.

Ljóst er að trúarvellusöngtextinn um hygginn mann sem byggði hús á bjargi meðan sá heimski reisti sitt á sandi lítur viljandi og óforskammað fram hjá lykilbreytum. Hver veit nema aðstæður til húsbygginga hafi verið mun ákjósanlegri á sandinum og því óþarfi að eyða dýrmætum tíma í leit að heppilegu bjargi. Og hver veit nema hyggni gæinn hafi farist í hörmulegu rútuslysi strax að lokinni tímafrekri vinnunni á bjarginu. Á meðan nýtti sandmaðurinn eflaust tímann í að djamma, djúsa og njóta lífsins lystisemda. Hvor þeirra er eiginlega treggáfaðri?

Þá telur fjöldinn allur af fólki að boðskapurinn í dæmisögunni um strákinn sem gólaði úlfur, úlfur! sé sá að það borgi sig ekki að segja ósatt eða ýkja. Það gæti vart verið fjær sanni. Drengstaulinn klikkaði bara á því að finna ekki upp á nýrri lygi í hvert sinn í stað þess að tönglast sífellt á þessu úlfagríni sínu. Mórallinn í sögunni er sáraeinfaldur: Ekki fara með sömu lygina tvisvar.

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell



Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

BÓKA LAGERSALA

Opið alla daga 11–19, nema fimmtudaga 11–21.

Lokaútkall lagersölunnar!
Risamarkaður Forlagsins
Fiskislóð 39

Verið velkomin á nýja staðinn!

Lokaútkall – síðasta opnunarhelgin

Kókómjólk
Allir kátir krakkar fá kókómjólk

Yfir 3.000 titlar
Ný tilboð daglega!

74% afsláttur
2 FYRIR 1
Góða nótt, Einar Áskell og Svei-attan, Einar Áskell
1.290 kr.
verð áður 4.980

57% afsláttur
Rosalegar risaeðlur
1.490 kr.
verð áður 3.490

52% afsláttur
Fíasól á flandri
1.290 kr.
verð áður 2.690

57% afsláttur
Íslensk skip – bátar 1-4
2.990 kr.
verð áður 22.432

58% afsláttur
Tommi og Gyrðir fara af sporinu
290 kr.
verð áður 690

60% afsláttur
Stóra matarbókin
5.990 kr.
verð áður 14.990

ATH aðeins 50 eintök í boði
76% afsláttur
Don Kíkóti – tvær bækur í pakka
1.990 kr.
verð áður 8.429

67% afsláttur
Einar Kárason – úrvalsbók
990 kr.
verð áður 2.980



72% afsláttur
Lína langsokkur – stórbók
990 kr.
verð áður 3.490

40% afsláttur
Atlas barnanna
1.790 kr.
verð áður 3.290

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

kl. 12
er uppboðsskrá birt á vefnum www.myndlist.is um hvað verður selt á uppboði Gallerís Foldar á mánudagskvöld. Verkin verða til sýnis í Fold frá og með deginum í dag fram á mánudag.

menning

menning@frettabladid.is

Nóbelsverðlaun í bókmenntum

Rúmenska skáldkonan Herta Müller hlaut bókmenntaverðlaun Nóbels í gær. Müller er fædd í Nitchidorf í Rúmeníu árið 1953 og tilheyrir þýskumælandi minnihlutahóp þar í landi. Faðir hennar barðist með þýska hernum og móðirin var flutt nauðungarflutningum til Sovétríkjanna í stríðslok og vann þar í þrælabúðum í fimm ár. Herta nam þýskar og rúmenskar bókmenntir við háskólann í Timisoara og hóf upp úr því að skrifa smásögur, sem gefnar voru út á bók árið 1982. Hún var tæplega þrítug og sætti þegar ritskoðun rúmenskra stjórnvalda, var hluti af hóp þýskumælandi höfunda sem kallaði sig Aktionsgruppe Banat. Árið 1984 var bókin gefin út óritskoðuð í Þýskalandi. Þremur árum síðar flúðu Müller og eiginmaður hennar síðan land árið 1987 af ótta við aðgerðir rúmensku leynilögreglunnar.

Hennar höfuðverk er talið vera skáldsagan Der Fuchs war damals schon der Jäger, sem kom út 1992. Bókin kom út hér á landi í

BÓKMENNTIR Herta Müller

þýðingu Franz Gíslasonar undir heitinu Ennislokkur einvaldsins. Bókin fjallar um lokadaga kommúnistaeinræðisins í Rúmeníu. Í tilkynningu akademíunnar segir að Müller hafi dregið upp mynd af landslagi hinna landlausu með einbeitni ljóðsins og hreinskilni hins lausa máls.

> Ekki missa af

haustsýningu í Gallerí Ágúst. Sýningin markar upphaf þriðja starfsárs gallerísins. Listamannahópurinn er fjölbreyttur en í honum eru Guðrún Kristjánsdóttir, Hiroyuki Nakamura, Katrín Elvarsdóttir, Marta María Jónsdóttir og Steingrímur Eyfjörð.

Sýningin hefur fengið sérlega jákvæð viðbrögð en henni lýkur á morgun.

SAGAN AF LILJU Í RÝMINU

Nýtt íslenskt verk um örlög ungrar stúlku sem hrekst að austan til velferðarríkis og lendir þar í mansali verður frumsýnt á Akureyri í kvöld.

Höfundur og leikstjóri er Jón Gunnar Þórðarson, en það er lauslega byggt á kvikmynd Lukas Moodysson, Lilya 4ever. Handritið byggði á örlögum rússneskrar stúlku í Stokkhólmi.

Jón Gunnar vann leikritið meðan hann var við nám í Drama Centre í London. Lilja var frumsýnd í The Contact Theatre í Manchester 2008 í leikstjórn Jóns Gunnars. Sýningin fékk mjög góða gagnrýni og meðal annars fimm stjörnur í Manchester Evening News.

Verkið er sett upp í Rýminu, tilraunasviði LA í gömlu Dynheimum. Leikmynd vinna þau saman, Jón Gunnar, Bjarki Árnason, Dýri Bjarnar Hreiðarsson, Sunna Björk Hreiðarsdóttir og Steingrímur Þorvaldsson. Búninga gerir Rannveig Eva Karlsdóttir, en lýsingu annast Freyr Vilhjálmsson.

Leikendur eru þau Jana María Guðmundsdóttir, María Þórðardóttir, Þráinn Karlsson, Atli Þór Albertsson, Ólafur Ingi Sigurðsson og Hjalti Rúnar Jónsson.

Þetta er saga um börn, fátækt, vændi, ást og svik. Þetta er mögnuð saga um gamaldags þrældóm í nútímasamfélagi. – Saga sem verður að segja … Í leikskrá kemst leikhússtjórinn svo að orði: Mansal hefur viðgengist í heiminum í áraraðir og hefur lengst af verið mest áberandi í löndum eins og Suður-Kóreu, Kambódíu, Taílandi og Kína. Eftir fall Berlínarmúrsins hafa fyrrum kommúnistaríkin þó tekið við sem stærsti markaður mansals. Mansal getur verið allt frá viðskiptum með börn til að stunda kynlíf til viðskipta með fólk til að stunda þrælkunarvinnu.

LEIKLIST Natasja, vinkona Lilju, hefur lent í ógöngum. María Þórðardóttir í hlutverki sínu.
MYND GRÍMUR BJARNASON/LA

Viðskipti með fólk í kynferðislegum tilgangi er þó algengasta birtingarmynd mansals.“ Og hún klykkir út með þessum orðum: „Við verðum að horfast í augu við staðreyndir og opna umræðuna um þann vágest sem mansal og kynlífsiðnaður er. Við þurfum að fræða börnin okkar og varða veginn til framtíðar. Það er á okkar ábyrgð að í framtíðinni verði ekki hægt að nýta sér neyð barna, kvenna og karla og hneppa þau í ánauð.“

pbb@frettabladid.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

BJÓÐUM APÓTEKARANN

Apótekarinn hefur opnað í Þverholti, Mosfellsbæ, og býður lyf á lægra verði.
Starfsfólk Apótekarans mun sem fyrr taka vel á móti þér og veita þér áfram góða þjónustu.

Lyf á lægra verði í næsta nágrenni

Opnunartími Mosfellsbæ
mán.-fim. 10.00-18.00
föstudaga 10.00-18.30
laugardaga 10.00-14.00

Apótekarinn Mjóddinni Reykjavík
Apótekarinn Melhaga Reykjavík
Apótekarinn Salavegi Kópavogi
Apótekarinn Smiðjuvegi Kópavogi
Apótekarinn Hafnarstræti Akureyri
Apótekarinn Þverholti Mosfellsbæ

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 09. október

Tónleikar

16.00 Nemendur Tónlistarskólans á Akureyri koma fram á stuttum tónleikum hjá **Eymundsson** við Hafnarstræti á Akureyri.

22.00 Jeff Who?, Morðingjarnir, Feldberg og Mr. Fogg koma fram á tónleikum á **Grand Rokk** við Smiðjustíg.

22.30 Á **Sódóma Reykjavík** við Tryggvagötu 22, verða haldnir Alice in Chains Tribute tónleikar. Húsið verður opnað kl. 21.00.

23.00 **Hljómsveitin Mánar** heldur órafmagnaða tónleika í Hvíta húsinu við Hrísmýri á Selfossi. Húsið verður opnað kl. 22.

23.00 **Hljómsveitin Hjálmar** heldur útgáfutónleika á NASA við Austurvöll.

Sýningar

Þorbjörg Þórðardóttir og Þórður Hall hafa opnað sýningu í **Norræna húsinu** við Sturlugötu. Sýningin samanstendur af listvefnaði og málverkum og er opin alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

Neðst á Laugaveginum í Reykjavík (fyrir framan hús nr. 4-6) stendur yfir ljósmyndasýningin „Börn í borginni". Um er að ræða tæplega 60 portrettmyndir sem **Gunnar Salvarsson** tók af nemendum **Austurbæjarskóla.**

Árni Már Erlingsson hefur opnað sýningu á verkum sínum í Gallerí Crymo að Laugarvegi 41a. Opið þri.-sun. kl. 13-18.

Sirkus

19.00 og 21.00 **Sirkus Íslands** verður með tvær sýningar í **Iðnó** við Vonarstræti 3. Fram koma sirkustrúðurinn Wally, John Tómasson og Einar Mikael ásamt NilyNils. Sýning fyrir alla fjölskylduna. Miðasala hjá Iðnó og www.midi.is.

Kvikmyndir

Japönsk kvikmyndavika í boði Kvikmyndasafns Íslands og Sendiráðs Japans á Íslandi stendur til 10. okt. Sýningar fara fram í **Bæjarbíói við Strandgötu** í Hafnarfirði. Aðgangur er ókeypis.

20.00 Sýnd verður kvikmynd leikstjórans **Naoko Ogigami** „Matstofa Kamome" (Kamome shokudo) frá árinu 2006.

Dansleikir

Valli Sport og Örlygur Smári rifja upp bestu ´90-lögin á skemmtistaðnum **Spot** við Bæjarlind 6 í Kópavogi.

Lúdó og Stefán leika fyrir dansi á **Kringlukránni** í Kringlunni. Sérstakur gestir kvöldsins verða **Ómar Ragnarsson** og **Þuríður Sigurðardóttir.**

Hljómsveitin Silfur leikur fyrir dansi á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

Dagskrá

Í tilefni af tendrun Friðarsúlunnar býður **Yoko Ono** upp á ókeypis ferðir til og frá Viðey 9., 10. og 11. okt. Nánari upplýsingar á www.videy.com. Einnig býður Yoko upp á tónleika til heiðurs **John Lennon** í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu kl. 22 í kvöld.

Leikrit

19.30 **Kómedíuleikhúsið** sýnir verkið „Heilsugæslan" eftir **Lýð Árnason** í Arnardal við Skutulsfjörð. Nánari upplýsingar á www.komedia.is.

20.00 **Hafnarfjarðarleikhúsið** við Strandgötu í Hafnarfirði, sýnir verkið „Fyrir framan annað fólk" eftir **Krisján Þórð Hrafnsson.** Nánari upplýsingar á www.hhh.is.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

MOSFELLSBÆ VELKOMINN

Opnunartilboð
7.-12. október

20% afsláttur af mildri handsápu
frá Gamla apótekinu, öllum vítamínum,
Durex og Eucerin vörum.

www.apotekarinn.is

Hlökkum til að sjá þig.

Apótekarinn
lyf á lægra verði

PIPAR • SÍA • 93072

> JORDAN LÝGUR

The Sun greindi frá því í vikunni að kærasti Jordan hefði gaman af því að klæða sig í kvenmannsföt. Alex Reid, sem er atvinnubardagamaður, vill meina að Price hafi skáldað þetta til þess eins að vekja athygli á væntanlegri ævisögu sinni. „Honum finnst sem hún sé að nota hann til að fá athygli og til að halda sér í fjölmiðlum," sagði talsmaður Reids.

fólk

folk@frettabladi

2.600 lítrar af poppi yfir dansþyrsta

„Ég ætla að blása 2.600 lítrum af poppi yfir gesti staðarins," segir athafnamaðurinn Atli Már Gylfason.

Atli er einn af skipuleggjendum poppkornspartís á skemmtistaðnum Top of the Rock á gamla Varnarliðssvæðinu í Reykjanesbæ á laugardaginn. Atli og félagar eru búnir að hanna sérstaka poppblásara sem fara í gang þegar partíið nær hápunkti. „Þetta eru tveir blásarar og algjört mix sem þrælvirkar," segir hann.

Partíið er það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi samkvæmt Atla og að öllum líkindum það síðasta. Poppmagnið ku vera svo mikið að hann hefur enga trú á því að uppátækið verði endurtekið. „Þetta hefur verið haldið á hverju sumri á Majorka," segir Atli. „Ég fékk hugmyndina þar, þetta er önnur klikkaða hugmyndin sem ég fæ. Sú fyrsta var að halda froðupartí, ég flutti fyrstu froðuvélina til landsins og hélt nokkur froðupartí sumarið 2007. Nú langar mig að gera eitthvað nýtt og spennandi."

Plötusnúðurinn Jay-Arr þeytir skífum í partíinu og forsala hefst í dag á Top of the Rock. Miðaverð er 1.000 krónur í forsölu og 1.500 krónur við dyrnar. Atli segir að popppoki fylgi hverjum miða. - afb

POPPARI Atli stendur rogginn við poppaðasta bíl Íslandssögunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TINNUDAGUR í LISTASAFNI KÓPAVOGS
LAUGARDAGINN 10. OKTÓBER 2009

Tinna Heildverslun verður með opinn dag í Listasafni Kópavogs þar sem sýndar verða flíkur úr Prjónasamkeppni Tinnu sem fram fór í sumar.

Verðlaunaafhending og sýning á handverkinu fer fram í Listasafni Kópavogs laugardaginn 10. október frá kl. 14:00 til 17:00. Jafnframt verða kynntar nýjungar s.s garn, KnitoPro prjónar og Prjónablaðið Ýr 42.

Innsendar flíkur í Prjónasamkeppnina má nálgast í Tinnu ehf., Nýbýlavegi 30, mánudaginn 12.október.
Allir velkomnir.

Með bestu kveðju,
Starfsfólk Tinnu ehf.

TINNA HEILDVERSLUN

SÝNIR Í GALLERÍI DAMIENS HIRST

Danshöfundurinn Jóhann Björgvinsson setur upp verk á opnun hinnar árlegu Frieze Art Fair-listahátíð sem haldin er í London dagana 15. til 18. október. Opnunin er á vegum tískutímaritsins POP, sem er eitt vinsælasta grasrótartískutímaritið í dag, og verður haldið í nýju galleríi í eigu listamannsins Damiens Hirst.

„Ritstjóri POP Magazine sá verk sem ég hafði sett upp í London fyrir tveimur árum. Hún varð svo hrifin af sýningunni að hún bauð mér í kjölfarið að taka þátt í þessari opnun," segir Jóhann.

Verkið sem sýnt verður á opnuninni er unnið út frá kvikmyndinni Crash eftir leikstjórann David Cronenberg og fjallar meðal annars um úrkynjun samfélagsins. „Ég er að vinna með sex dönsurum, leikara og tónlistarfólki við uppsetningu verksins. Ég kem sjálfur ekkert fram í verkinu heldur sé ég um alla framkvæmd auk þess sem ég leikstýri því."

Jóhann starfaði um árabil sem dansari hjá Íslenska dansflokknum en flutti til London fyrir fjórum árum og starfar nú eingöngu sem danshöfundur. Á síðustu árum hefur hann meðal annars sett upp verk í söfnum á borð við Victoria and Albert Museum, The Shunt og The Place.

„Það er rosa mikil vinna sem liggur að baki hvers verks, en ég er búinn að vera lengi í þessum bransa og bý því að reynslu sem hjálpar manni að takast á við allt stressið," segir Jóhann.

Aðspurður segist Jóhann hafa hitt listamanninn Damien Hirst aðeins einu sinni, þá í opnun sýningar sem haldin var af POP Magazine. „Ég geri ráð fyrir að hann verði viðstaddur opnunina, enda á hann galleríið sem við sýnum í. Þetta er alveg nýr heimur fyrir mér, ég hef verið svo lengi í grasrótinni og nú eru loks að opnast nýjar dyr fyrir manni. Það er mjög skrítið að upplifa þetta."

Jóhann segist ekki vera á leið heim til Íslands í bráð heldur ætli hann að starfa áfram í London. „Það er spennandi að vera í þessari stórborg. Hér er svo mikið um að vera og tækifærin eru endalaus og það er magnað að fá að kynnast því," segir Jóhann að lokum. - sm

GERIR ÞAÐ GOTT Jóhann Björgvinsson danshöfundur sýnir verk á opnun Frieze Art Fair í London.

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

Verkís vann við friðarsúluna frá frumdrögum til vígslu



Við hugsum okkur frið

Friðarsúlan í Viðey í Kollafirði er gott dæmi um stefnumót verkfræði og lista. Verkið er ætlað sem leiðarljós fyrir heimsfrið og lýsir um leið upp svartasta skammdegið í Reykjavík. Verkið er í formi óskabrunns og uppúr honum lýsir öflug ljóssúla. Á brunninn eru orðin „Hugsa sér frið" grafin á 24 tungumálum.
Við hjá Verkís erum stolt af okkar þætti í gerð þessa friðartákns.

VERKÍS Verkfræðistofa

Verkís hf | Ármúla 4 | 108 Reykjavík | Sími 422 8000 | verkis@verkis.is | www.verkis.is

20%
afsláttur
af öllum
yfirhöfnum

Gildir ekki hjá Oasis, Jane Norman og NTC.
Gildir föstudag til mánudags.

VERÐDÆMI

Julien Mcdonald dömuúlpa
Verð áður kr. 27.990
Verð nú kr. 22.392

Mantary dömuúlpa
Verð áður kr. 21.990
Verð nú Kr. 17.592

Red herring dömujakki
Verð áður kr. 13.990
Verð nú kr. 11.192

Red Herring herrajakki
Verð áður kr. 21.990
Verð nú kr. 17.592

Blue Zoo barnaúlpa
Verð áður kr. 7.990
Verð nú kr. 6.392

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus





LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

9	kl. 4, 6 og 8	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl.3.30,6,9og10.10	16
FUNNY PEOPLE	kl. 10	12
BIONICLE - Íslenskt tal	kl. 4(650 kr.)	L
THE UGLY TRUTH	kl. 6 og 8	12

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

FAME	kl. 3:40 - 5:50 - 8D - 10:20D	L
FAME	kl. 10:20	VIP
ORPHAN	kl. 8 - 10:30	16
SURROGATES	kl. 6 - 8 - 10:10	12
SURROGATES	kl. 4 - 6 - 8	VIP
ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 4D - 5 - 6D	L
FUNNY PEOPLE	kl. 8 - 10:50	12
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 10:20	16
DISTRICT 9	kl. 8	16
BANDSLAM	kl. 5:50	L
UPP M/ísl. Tali	kl. 3:40	L
G-FORCE M/ísl. Tali	kl. 4	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

FAME	kl. 5:50D - 8:10D - 10:30D	L
ORPHAN	kl. 6 - 9 - 11:30	16
SURROGATES	kl. 8:30 - 10:30	12
ALGJÖR SVEPPI	kl. 4D - 6D	L
KRAFTUR	kl. 8D	L
UPP M/ísl. Tali	kl. 3:50(3D)	L
UPP M/ísl. Tali	kl. 4	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl 6	L
FAME	kl. 8 - 10:20	L
FUNNY PEOPLE	kl. 5:40	12
MANAGEMENT	kl. 8	10
SURROGATES	kl. 10:20	12



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

9	kl. 4 - 6 - 8 - 10	10
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L	kl. 5.20 - 10.40	16
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 4	16
THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3.45	14
		L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45 - 8 - 10.15	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 6 - 9	16
THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10.15	14
ANTICHRIST	kl. 5.40 - 8 - 10.20	18

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5.45 - 8 - 10.20	16
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl.5.45 - 8	L
THE UGLY TRUTH	kl. 8	14

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5.50 - 8.30 - 11	14
JENNIFER'S BODY	kl. 5.45 - 8 - 10.20	16
THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10.15	16
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9	16

Milljón fyrir bestu myndirnar

„Okkur fannst í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu tilvalið að koma með eitthvað spennandi og jákvætt fyrir fólkið í þjóðfélaginu að hugsa um,“ segir Guðrún María Guðmundsdóttir, ritstjóri Símaskrárinnar.

Verðlaunasamkeppni hefst í næstu viku um forsíðu Símaskrárinnar 2010 þar sem áhersla verður lögð á að sýna Ísland í jákvæðu ljósi. Allir geta tekið þátt og er verðlaunaféð ein milljón króna. Sjö hundruð þúsund fást fyrir fyrsta sætið, 200 þúsund fyrir annað og 100 þúsund fyrir það þriðja. Sérstök aukaverðlaun að upphæð 50 þúsund krónur verða jafnframt veitt fyrir jákvæðustu tillöguna.

Sigurmyndin verður prentuð í 150 þúsund eintökum og því um einstakt tækifæri að ræða fyrir áhugasama Íslendinga. „Það verður voðalega gaman að vinna og fá myndina sína á forsíðu á útbreiddustu bók landsins, eins og við köllum hana,“ segir Guðrún María. Myndverkið getur verið ljósmynd, ljóð, teikning eða á hverju því formi sem hægt er að prenta á forsíðu Símaskrárinnar og hæfir viðfangsefninu.

Hugleikur Dagsson hefur átt forsíðu Símaskrárinnar síðustu tvö árin en núna var ákveðið að breyta til. Guðrún María leggur áherslu á að allir geti tekið þátt og sent inn sínar tillögur. „Þriggja ára gamalt barn má teikna mynd af Íslandi í jákvæðu ljósi og senda inn. Það fá allir tækifæri. Okkur finnst þetta rosalega spennandi verkefni og við hlökkum mikið til að sjá hvað kemur inn.“

Skilafrestur rennur út 1. desember. Eftir að greint hefur verið frá verðlaunahöfum er gert ráð fyrir að halda sýningu á innsendum tillögum. - fb

GUÐRÚN MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR Allir Íslendingar geta tekið þátt í verðlaunasamkeppni um forsíðu Símaskrárinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hallgrímur Helga og útrásin

Fjöldi þjóðþekktra einstaklinga var við opnun myndlistarsýningar Hallgríms Helgasonar í The Contemporary Art Gallery á Skólavörðustíg 3 á miðvikudag. Á sýningunni sýnir Hallgrímur í fyrsta sinn ljósmyndir. Um er að ræða myndaröð sem tekin var á suðurhveli jarðar í janúar. Yfirskrift sýningarinnar er Íslenska útrásin 2009. Hallgrímur var eins og alþjóð veit áberandi í Búsáhaldabyltingunni og ætti að vera forvitnilegt að skoða verk hans í því ljósi. Sýning Hallgríms stendur til 20. október.

OPNUNARPARTÍ Hallgrímur Helgason opnaði sýningu sína á miðvikudag. Hann sést hér með unnustu sinni, Þorgerði Öglu Magnúsdóttur. Í bakgrunni eru þau Sverrir Stormsker og Guðrún Eva Mínervudóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bryndís Schram, Sverrir Stormsker og Jón Baldvin Hannibalsson.

Ásmundur, bróðir Hallgríms, og Huldar Breiðfjörð rithöfundur. Einnig sést glitta í Hallgrím.

Hallgrímur og Sjón slógu á létta strengi.

Helgi Felixson kvikmyndagerðarmaður ásamt eiginkonu sinni Titti Johnson og dótturinni Írisi.

Einar Kárason rithöfundur og Grímur Atlason sveitarstjóri tóku tal saman.

Listamaðurinn hafði í nógu að snúast.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 12. október, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Magnús Kjartansson

LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd:
í dag föstudag 10–18, laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

FANGAVAKTIN

Skemmtilegir bolir, húfur og könnur...

GUGGA... 3.999.-

GAMLI GAMLI... 2.999.-

ÉG ER MEÐ FIMM HÁSKÓLAGRÁÐUR... 2.999.-

CHEORG... 2.999.-

VANGEFIÐ MIKIÐ AÐ GERA... 1.999.-

JÁ SÆLL... 1.999.-

Gildir á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár

> Enginn áhugi á leikmanni ársins

Atli Guðnason var stjarna Pepsi-deildarinnar í ár og kjörinn leikmaður ársins á lokahófi KSÍ sem og af helstu fjölmiðlum landsins. Einhver gæti haldið að slík frammistaða myndi vekja áhuga erlendra liða á leikmanninum en svo er nú aldeilis ekki. Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH, staðfesti við Fréttablaðið í gær að engin fyrirspurn hefði borist í leikmanninn frá erlendu félagi. Pétur sagðist persónulega vera undrandi á því enda hefði Atli verið frábær í liði FH í sumar.

sport
sport@frettabladid.is

BLAÐAMANNAFUNDUR HJÁ HAUKUM: TILKYNNT UM SAMSTARF VIÐ VAL OG SAMNINGA VIÐ ÞJÁLFARA OG LEIKMENN

Valsmenn tóku okkur bara opnum örmum

Mikið hefur verið rætt og skrifað um hvar meistaraflokkar Hauka í karla- og kvennaflokki í fótbolta muni spila heimaleiki sína næsta sumar en bæði liðin unnu sér í sumar sem kunnugt er þátttökurétt til þess að spila í efstu deild. Haukar kölluðu í gær til blaðamannafundar út af málinu og tilkynntu þá að félagið hefði náð samkomulagi við Val um að karla- og kvennalið félagsins spiluðu „stærstu“ heimaleiki sína á Vodafonevellinum næsta sumar. Samningurinn er reyndar til þriggja ára en verður tekinn til endurskoðunar í lok hvers tímabils. Haukar stefna svo í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ að því að byggja stúku fyrir 500 áhorfendur við gervigrasvöll félagsins fyrir komandi sumar og fá undanþágu frá KSÍ til þess að leika þar þá heimaleiki sem ekki verða fara fram á Vodafonevellinum. Flestir bjuggust við því að Haukar myndu leita á náðir FH um að deila Kaplakrikavelli og Ágúst Sindri Karlsson, formaður Hauka, sagði að vissulega hefði verið rætt við FH og Hafnarfjarðarbæ en þar hefði verið lítið um samstarfsvilja.

„Við höfðum samband við forráðamenn FH um möguleikann á að spila heimaleiki okkar í Krikanum næsta sumar en þeir komu til baka með þá skýringu að nú þegar væri of mikið álag á vellinum og hann mætti ekki við því að spilaðir yrðu tuttugu leikir þar í viðbót. Við buðum þeim þá að æfa að Ásvöllum til þess að létta álagið en þeir höfnuðu því. Þeir komu þá með tillögur um að farið yrði í framkvæmdir í Krikanum sem myndu örugglega kosta hundruð milljóna eða einhvern pening sem ekki er til. Við skynjuðum bara að það væri enginn vilji fyrir hendi hjá FH og Hafnarfjarðarbæ og leituðum því á önnur mið, meðal annars á Hlíðarenda, og Valsmenn tóku okkur bara opnum örmum,“ segir Ágúst Sindri.

Haukar staðfestu einnig í gær að Guðmundur Viðar Mete væri búinn að samþykkja tveggja ára samning við félagið auk þess sem þjálfarinn Andri Marteinsson skrifaði undir nýjan tveggja ára samning við Hauka.

ÁTTA MÖRK Árni Þór Sigtryggsson skoraði átta mörk úr samtals 20 skotum fyrir Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valur vann Akureyri:

Hlynur fór á kostum hjá Val

HANDBOLTI Hlynur Morthens þreytti frumraun sína með Val í N1-deild karla í gær og átti sannkallaðan stjörnuleik í markinu. Alls varði hann 26 skot í leiknum þegar Valur vann sigur á Akureyri á heimavelli, 23-19. Hlutfallsmarkvarsla Hlyns var 58 prósent.

Leikurinn var í járnum lengi vel enda aldrei meira en tveggja marka munur á liðunum þar til Valur skoraði þrjú mörk á síðustu þremur mínútunum. Hlynur lokaði nánast markinu á lokakafla leiksins en gestirnir skoruðu aðeins eitt mark á síðustu þrettán mínútum leiksins.

„Hann Bubbi [Hlynur] dró einfaldlega úr okkur tennurnar með sinni markvörslu. Skotin okkar urðu lélegri eftir því sem leið á leikinn enda varði hann nánast allt sem kom á markið. Hann bara vann okkur einn og óstuddur,“ sagði Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar.

Ernir Hrafn Arnarsson skoraði sjö mörk fyrir Val og Arnór Þór Gunnarsson sex. Árni Þór Sigtryggsson var markahæstur í liði Akureyrar með átta mörk. **- esá**

Gæðaleikmenn á gjafverði

Nýjustu liðsmenn FH-inga, þeir Gunnleifur Gunnleifsson og Gunnar Már Guðmundsson, kostuðu félagið aðeins um 3,5 milljónir króna. Ljóst er að Tryggvi Guðmundsson mun klára samning sinn við félagið og spila áfram með FH.

FÓTBOLTI Tveir eftirsóttustu leikmenn landsins, Gunnleifur Gunnleifsson og Gunnar Már Guðmundsson, enduðu báðir í FH og það fyrir lægri upphæð en margur gæti haldið samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins.

Kreppan hefur vafalítið áhrif á lækkandi verð leikmanna en kaup FH á Gunnari Má Guðmundssyni hljóta að teljast einhver bestu kaup síðari ára á íslenska leikmannamarkaðnum.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins kostaði Gunnar aðeins um 1,5 milljónir króna, sem hlýtur að teljast gjafverð fyrir mann í slíkum gæðaflokki. Gunnar, sem er að verða 27 ára gamall, hefur verið orðaður við félög erlendis. Hann er reyndur leikmaður og klárlega á lista með betri leikmönnum deildarinnar þó svo að hann hafi átt erfitt uppdráttar með Fjölni síðasta sumar.

Gunnleifur fór aftur á móti fyrir um tvær milljónir króna til FH samkvæmt áreiðanlegum heimildum. HK vildi í upphafi fá fimm milljónir fyrir Gunnleif en það tók FH aldrei í mál. Samningaviðræður FH og HK tóku talsvert langan tíma enda voru HK-menn harðákveðnir í að fá góðan pening fyrir sinn mann. Tvær milljónir fyrir besta markvörð landsins verða samt að teljast mjög fín kaup hjá meisturunum.

Bæði Gunnleifur og Gunnar Már voru samningsbundnir sínum félögum.

Pétur Stephensen, framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar FH, vildi ekki staðfesta þessar upphæðir en sagðist vera sáttur. Hann viðurkenndi þó að árangur væri aldrei ókeypis og bætti við að FH-ingar ætluðu sér enn stærri hluti næsta sumar. Liður í að ná þeim árangri væri að styrkja liðið.

GÓÐUR LIÐSAUKI FH hefur fengið þá Gunnleif Gunnleifsson og Gunnar Má Guðmundsson í sínar raðir og það fyrir frekar lítinn pening. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM OG VALLI

Pétur staðfesti enn fremur að það væri kristaltært að Tryggvi Guðmundsson yrði áfram í herbúðum félagsins næsta sumar en þrálátur orðrómur hefur verið um að hann sé á förum.

Tryggvi hefur fundað með þjálfara liðsins, Heimi Guðjónssyni, og eru engin vandræði á milli þeirra tveggja. Öllum fyrirspurnum í leikmanninn verður því vísað á bug að sögn Péturs.

„Tryggvi er með samning við FH og hann verður hér áfram. Hann er mikilvægur leikmaður í meistaraliði sem ætlar sér að vera áfram á toppnum. Það kemur því ekki til greina að sleppa honum,“ sagði Pétur.

henry@frettabladid.is

BARÁTTA FH-ingurinn Jón Heiðar Gunnarsson í baráttu við varnarmenn HK í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jafntefli í Digranesi:

Vilhelm tryggði HK-ingum stig

HANDBOLTI Vilhelm Gauti Bergsveinsson átti góða endurkomu á handboltavöllinn í gær þegar hann tryggði HK flott stig gegn FH. Lokatölur urðu 28-28 þar sem Vilhelm jafnaði er tvær mínútur lifðu leiks með hörkumarki. Leikurinn var annars æsispennandi og lengstum jafn. Bæði lið hefðu getað stolið sigrinum en jafntefli var líklega sanngjörn niðurstaða.

„Ég er virkilega ánægður með að byrja tímabilið með því að ná stigi gegn sterku liði FH,“ sagði Gunnar Magnússon, þjálfari HK sem teflir fram mikið breyttu liði frá síðustu leiktíð. „Við vorum lengi í gang en við komum til baka og mér hefði fundist það ansi skítt ef við hefðum ekki fengið stig úr þessum leik.“

FH-ingar voru niðurlútir eftir leik og jarðarfararstemning í klefanum. „Við stefnum hátt og menn eru eðlilega svekktir með að missa stig sem við vorum nánast komnir með,“ sagði Ólafur Guðmundsson FH-ingur. - hbg

Panasonic

TR RECOMMENDED

★★★★★ techradar.com

Panasonic

Panasonic TXP46GA11
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 Dynamic skerpu, 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround hljóðkerfi, 2 x Scart, 3 HDMI, Comp., SVHS, CVBS og PC tengi, CI rauf ofl.

TILBOÐ ▶ 349.990
FULLT VERÐ kr. 449.990

Panasonic

Panasonic KXTG1311
Þráðlaus DECT SÍMI með baklýstum LCD skjá, 50 númera skrá með nöfnum, númerabirtir fyrir síðustu 50, endurval í síðustu 10, klukku og dags., 17 klst í notkun og 150 í bið.

TILBOÐ ▶ 5.990
FULLT VERÐ kr. 6.990

TOSHIBA

Toshiba SD291
DVD SPILARI með USB, DTS, Scart, Digital Coaxial, Composite og RCA tengi. DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG, Dolby Digital. PAL og NTSC.

TILBOÐ ▶ 12.990
FULLT VERÐ kr. 14.990

JVC

JVC UXG100
10w RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með með MP3/WMA geislaspilara, RDS útvarp með 32 minnum, heyrnartólstengi klukku og tímastilli.

VERÐ ▶ 27.990
FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS

FACE DETECTION | 12MP

Olympus FE26SV
Stafræn MYNDAVÉL með 12 milljón punkta uppl., Face Detection, Autofocus, Contrast Detection, DSP hristivörn, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, hreyfimyndatökua með hljóði, USB, 19MB minni, rauf fyrir xD kort ofl.

VERÐ ▶ 22.990
FRÁBÆRT VERÐ

TOSHIBA

Toshiba 32AV603PG
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p punkta upplausn, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, Digital Noise Reduction, 10w RMS Nicam Stereó Bass Boost, 2x HDMI, 2x Scart, Component, Composite & Audio, PC (VGA) ofl.

TILBOÐ ▶ 109.990
FULLT VERÐ kr. 139.990

Nikon

10.2 DX

Nikon D3000 KIT1855DX
Digital SLR MYNDAVÉL með 10.2 milljón punkta upplausn, DX-snið myndflögu með Nikon EXPEED, ISO 100 -1600, 3" LCD skjá, mjög skörpum 11 svæða sjálfvirkum fókus, Active D-Lighting, afstaða skjámyndar snýst sjálfkrafa með vél, In-Camera NEF (RAW) vinnsla, Stop-motion, Nikon 3D lita fylkisljósmæling II. Þyngd 485g.

VERÐ ▶ 129.990
FRÁBÆRT VERÐ

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

dagskr

> Stephen Dorff

„Þú getur ekki vitað að þér líði vel nema þér hafi einhvern tímann liðið illa."

Dorff fer með hlutverk gleymda bítilsins Stuarts Sutcliffe í kvikmyndinni Backbeat sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON VELTIR FYRIR SÉR ÍSLENSKRI ÚTGÁFU AF ENTOURAGE

Baltasar í fótspor Marks Wahlberg?

Hollywood-stjarnan Mark Wahlberg hefur tekið að sér aðalhlutverkið í endurgerð Baltasars Kormáks á spennumyndinni Reykjavík Rotterdam, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Wahlberg mun leika sömu persónu og Baltasar lék og verður forvitnilegt að sjá hver útkoman verður.

Wahlberg hefur reyndar verið helst til brokkgengur undanfarin ár. Hann sló rækilega í gegn í Boogie Nights en stærsta feilspor hans til þessa er vafalítið hin skelfilega The Happening sem kom út á síðasta ári. Vonandi mun frammistaða hans í Reykjavík Rotterdam eiga þátt í því að koma honum aftur á toppinn.

Auk þess að vera önnum kafinn í kvikmyndaleik kemur Wahlberg að framleiðslu þáttanna Entourage sem eru lauslega byggðir á uppgangsárum hans í Hollywood. Þættirnir eru sérlega vel heppnaðir og því ætti Baltasar að sjá sér leik á borði og framleiða íslenska útgáfu af Entourage sem heiti einfaldlega Fylgdarliðið. Þar væri af nógu að taka. Baltasar gæti greint frá ferli sínum sem kvikmyndastjarna á Íslandi í myndum á borð við Veggfóðri og Djöflaeyjunni, sagt frá Kaffibarsárum sínum og næturlífinu í Reykjavík og loks draumastarfi sínu sem kvikmyndaleikstjóri í Hollywood. Skothelt dæmi sem getur ekki klikkað.

FÖSTUDAGUR

▶ **18.00 Modern Toss** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **20.15 Stóra planið** SJÓNVARPIÐ



▶ **18.00 President's Cup 2009, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.45 Skemmtigarðurinn** SKJÁREINN

▶ **21.10 Epic Movie** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

15.35 Leiðarljós (e)
17.00 Táknmálsfréttir
17.10 Bjargvætturinn (10:26)
17.35 Bangsímon og vinir hans
18.00 Hanna Montana (50:56)
18.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
▶**20.15 Stóra planið** (2:5) Íslensk gamanþáttaröð með harmrænu ívafi. Líf handrukkarans og ljóðskáldsins Davíðs breytist þegar hann kynnist Haraldi Haraldssyni sem er, að því er virðist, einmana grunnskólakennari. Haraldur telur Davíð trú um að hann sé í raun glæpakóngur í felum.
20.50 Skautadrottningin (Go Figure) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2005. Unga skautadrottningu langar mikið að komast í læri hjá rússneskum listdanskennara og fær námsstyrk út á að spila með íshokkíliði skólans þar sem sú rússneska er þjálfari.
22.20 Barnaby ræður gátuna - Midsomer-hljómkviðan (Midsomer Murders: Midsomer Rhapsody) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
23.55 Treyjan (The Jacket) Bandarísk bíómynd frá 2005. Hermaður úr Flóabardaga er grunaður um að hafa myrt löggu og er vistaður á hæli. Hann fær vitrun um að eftir fjóra daga muni hann deyja en hann veit ekki hvernig. (e)
01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny
10.00 Planet of the Apes
12.00 Flicka
14.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny
16.00 Planet of the Apes
18.00 Flicka
20.00 Backbeat Mynd sem lýsir fyrstu árum Bítlanna er þeir störfuðum sem pöbbaband í Hamborg.
22.00 Rocky Balboa
00.00 The Last King of Scotland
02.00 All the King's Men
04.05 Rocky Balboa
06.00 Fracture

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Litla risaeðlan og Kalli litli Kanína og vinir.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Jamie At Home (2:13)
10.45 You Are What You Eat (5:18)
11.10 America's Got Talent (2:20)
12.35 Nágrannar
13.00 La Fea Más Bella (43:300)
13.45 La Fea Más Bella (44:300)
14.30 La Fea Más Bella (45:300)
15.30 ,Til Death (5:15)
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Camp Lazlo, Stuðboltastelpurnar og Kalli litli Kanína og vinir.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (1:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Veður
19.11 Ísland í dag
19.20 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
20.00 Logi í beinni Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjón Loga Bergmanns.
20.45 Stelpurnar (14:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.
▶**21.10 Epic Movie** Grínmynd frá þeim sömu og gerðu Scary Movie þar sem gert er stólpagrín að stórmyndum og ekki hvað síst stórslysamyndum í orðsins fyllstu merkingu.
22.40 Out of Sight Jack Foley brýst úr fangelsi í Flórída og tekur lögreglukonu sem gísl. Hún sleppur úr gíslingunni og er ákveðin í að koma Jack á bak við lás og slá eða eru það annars konar tilfinningar sem laða hana að Jack?
00.40 One Hour Photo
02.15 Idlewild
04.20 Auddi og Sveppi
05.00 Stelpurnar (14:20)
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

12.05 Inside the PGA Tour 2009 Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
12.30 President's Cup 2009 Útsending frá Forsetabikarnum í golfi en flestir af bestu kylfingum heims leika þar listir sínar.
17.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
▶**18.00 President's Cup 2009** Bein útsending frá öðrum keppnisdegi Forsetabikarsins í golfi þar sem má sjá golf á heimsmælikvarða en þangað eru mættir til leiks flestir af bestu kylfingum heims í dag.
00.00 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

17.00 Bolton - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
18.40 Wolves - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.20 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
20.50 Premier League World 2009/10 Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
21.20 PL Classic Matches Leikur Blackburn og Leicester frá árinu 1998 var stórkostleg skemmtun þar sem boðið var upp á markaveislu.
21.50 Goals of the Season 1999 Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
22.45 PL Classic Matches Liverpool - Arsenal, 1997. Leikur Liverpool og Arsenal var fín skemmtun þar sem Paul Ince skoraði tvö mörk fyrir Liverpool.
23.15 West Ham - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (4:14) (e)
08.00 Dynasty (68:88) (e)
08.50 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (4:14) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
17.35 Dynasty (69:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.
18.20 What I Like About You (e)
18.45 Yes Dear (4:15) (e)
19.10 SkjárEinn í 10 ár (3:4) Skemmtiþáttur í umsjón Dóru Takefusa þar sem stiklað er á stóru í 10 ára sögu SkjásEins. (e)
20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir (4:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar. Laddi er kynnir þáttanna.
▶**20.45 Skemmtigarðurinn** (4:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik þar sem Þær þurfa að leysa ýmsar þrautir. Sú fjölskylda sem sigrar kemst áfram í keppninni. Kynnir þáttanna er Eyþór Guðjónsson.
21.40 The Contender Muay Thai (8:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu. Áður hafa efnilegir hnefaleikakappar fengið tækifæri en nú eru það keppendur í asísku bardagalistinni Muay Thai, sem er ein allra vinsælasta útgáfan af sparkboxi í heiminum.
22.30 Law & Order: Special Victims Unit (4:19) (e)
23.20 PA's (5:6) (e)
00.20 World Cup of Pool 2008 (19:31)
01.10 The Jay Leno Show (e)
03.35 The Jay Leno Show (e)
04.25 Pepsi MAX tónlist

INN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson ásamt Guðlaugur Þór Þórðarsyni ræða um það sem er efst á baugi í stjórnmálunum.
21.00 Eldum íslenskt Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi. Endursýndur þáttur.
21.30 Græðlingur Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrku.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Logi í beinni

Lauflétt og skemmtilegt Fangavaktarþema verður hjá spjallþáttakonungnum Loga Bergmanni í kvöld. Gestir þáttarins eru þau Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður Litla-Hrauns, og Björn Thors, sem slegið hefur í gegn í hlutverki Kenneths í Fangavaktinni. Einnig kemur Bubbi fram með hljómsveit sinni EGÓ og Baggalútur og Sverrir Stormsker verða með tónlistaratriði. Fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Auddi og Sveppi

Stöð 2 kl. 19.20

Auddi og Sveppi mæta hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr með þáttinn þar sem allt er leyfilegt. Þátturinn hóf göngu sína í janúar 2009 og hefur undantekningalaust skipað sér í hóp vinsælustu sjónvarpsþátta. Í kvöld sjáum við þegar strákarnir skelltu sér á sjóinn í sólarhring og kynntust lífi sjómanna.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.05 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Á réttri hillu
14.03 Straumar
15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
15.25 Draumaprinsinn
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Pönk á Íslandi
20.00 Leynifélagið
20.30 Söngvarar blárrar sveiflu
21.10 Hringsól
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.00 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

16.00 Doctors (18:26)
16.30 Doctors (19:26)
17.00 The Sopranos (33:39)
▶ **18.00 Modern Toss** (1:6) Gráglettnislegir breskir þættir í teiknimyndastíl sem byggðir eru á karakterum úr samnefndum teiknimyndasögum eftir Mick Bunnage og Jon Link. Hér er á ferðinni beiskur og kaldhæðinn húmor.
18.30 Doctors (18:26)
19.00 Doctors (19:26)
19.30 The Sopranos (33:39)
20.30 Modern Toss (1:6)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.45 Entourage (5:12) Fjórða sería þáttaraðar um Vincent og félaga og baráttu þeirra í kvikmyndaborginni.
22.15 NCIS (9:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
23.00 Eleventh Hour (12:18)
Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru jafnvel talin vera af yfirnáttúrulegum toga.
23.45 Auddi og Sveppi
00.20 Logi í beinni
01.05 Entourage (5:12)
01.30 Identity (1:12)
02.15 Blade (1:13)
03.00 Fréttir Stöðvar 2
04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 The Black Adder **12.30** Lead Balloon **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** The Black Adder **15.15** Lead Balloon **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Absolutely Fabulous **17.15** Doctor Who **18.00** Lead Balloon **18.30** Coupling **19.00** Little Britain **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** Lead Balloon **21.20** Coupling **21.50** Little Britain **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** Doctor Who **23.35** The Jonathan Ross Show

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.50** Timmy-tid **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - afgørelsen **19.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **20.30** The Insider **23.00** Hvem trækker først?

NRK 1

12.30 Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Doktor Åsa **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mo og Kråka **16.05** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporlost forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.20** Oasis - Don't Look Back In Anger **23.15** Armstrong og Miller **23.45** Country jukeboks m/chat

SVT 1

12.15 Här är ditt liv **13.45** Hemliga svenska rum **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Steget efter **21.40** Kulturnyheterna **21.55** Playa del Sol **22.25** A History of Violence

MORGUNMATURINN

„Ég fæ mér alltaf hafragraut á morgnana. Nei, ég hef ekki alltaf fengið mér hafragraut heldur byrjaði ég bara á þessu síðasta vetur. Kannski er hafragrauturinn leynivopnið? Hann gefur allavega meiri orku yfir allan daginn.“

Atli Guðnason, leikmaður ársins í Pepsi-deild karla.

Búið að ráða leikstjóra fyrir Jar City

Bandaríski leikstjórinn Tod Williams hefur verið ráðinn til að leikstýra bandarísku útgáfunni af Mýrinni eða Jar City eins og hún heitir á enskri tungu. Þetta staðfestir Baltasar Kormákur í samtali við Fréttablaðið. Framleiðslufyrirtækið Overture framleiðir myndina ásamt Baltasar og dreifir henni en hún mun gerast að mestu leyti í Louisiana auk þess sem einhver atriði verða tekin upp í Chicago.

Baltasar líst vel á leikstjórann þótt hann hafi kannski ekki gert margar myndir. „Hann leikstýrði kvikmyndinni The Door in the Floor með Jeff Bridges og Kim Basinger sem var byggð á bók eftir John Irving. Hún var virkilega flott,“ segir Baltasar og er glaður að fyrirtækið skuli hafa farið þá leið að velja leikstjóra sem gerir vandaðar myndir. Engir leikarar hafa verið ráðnir í hlutverk Erlendar og Evu Lindar en Baltasar segir fyrirtækið vera með lista af flottum týpum í hlutverkin. Af trúnaðarástæðum geti hann hins vegar ekki gefið þau nöfn upp.

Leikstjórinn hefur lesið handritið að myndinni og líst vel á það. Vissulega sé margt breytt en einhverju hafi verið haldið til haga. „Sumar senurnar eru alveg eins og í Mýrinni, og einhverjar setningar eru beint upp úr myndinni þannig að þeir halda töluverðri tryggð við upprunalegu útgáfuna.“ Baltasar er jafnframt ánægður fyrir hönd Arnaldar Indriðasonar en tvö verka hans eru nú í réttum farvegi í Hollywood, Mýrin og svo auðvitað Reykjavík-Rotterdam. „Við erum með tvær myndir sem eru komnar þetta langt í endurgerðarferlinu og báðar tengjast honum, þannig að það hlýtur að segja eitthvað.“ Baltasar bætir því við að hann hafi fundið fyrir töluvert meiri áhuga á Reykjavík-Rotterdam eftir að fréttir bárust þess efnis að Mark Wahlberg hygðist leika í bandarísku útgáfunni. „Það voru þýskir aðilar sem föluðust eftir myndinni og svo er örugglega verið að hlaða henni mikið niður á Torrent.“ - fgg

ÁNÆGÐUR MEÐ LEIKSTJÓRANN Tod Williams mun leikstýra Jar City sem Baltasar Kormákur framleiðir en það er endurgerð á kvikmyndinni Mýrinni sem byggð er bók Arnaldar Indriðasonar.



LÁRÉTT
2. gleðimerki, **6.** hvort, **8.** kraftur, **9.** litningar, **11.** voði, **12.** hestur, **14.** skapa, **16.** tónlistarmaður, **17.** dýrahljóð, **18.** stansa, **20.** ryk, **21.** djamm.

LÓÐRÉTT
1. bein, **3.** guð, **4.** stormur, **5.** berja, **7.** ávöxtur, **10.** lærdómur, **13.** tala, **15.** auma, **16.** náinn, **19.** bor.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. prof, 6. ef, 8. afl, 9. gen, 11. ský, 12. grani, 14. smíða, 15. lík, 17. rall, 18. sæs, 20. im, 21. tuð.
LÓÐRÉTT: 1. legg, 3. ra, 4. óveður, 5. ól, 7. ferskjur, 10. nám, 13. una, 15. aumt, 16. kær, 19. ól.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Gunnleifur Gunnleifsson.
2. Catalina Mikue Ncogo.
3. Sigvaldi J. Kárason.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

RAGNAR JÓNASSON: FETAR Í FÓTSPOR AGÖTHU CHRISTIE

Ungur lögfræðingur gefur út sína fyrstu glæpasögu

„Ég vona að það sé pláss fyrir okkur bæði á markaðnum,“ segir lögfræðingurinn Ragnar Jónasson sem hefur gefið út sína fyrstu glæpasögu, Fölsk nóta. Bókin verður í harðri samkeppni fyrir jólin við glæpasögu Agöthu Christie sem Ragnar sá einmitt sjálfur um að þýða.

Hann var aðeins sautján ára þegar hann þýddi sína fyrstu Agöthu Christie-bók og síðan hafa þrettán fylgt í kjölfarið. Það er samt ekki fyrr en núna sem hinn 33 ára Ragnar fetar í fótspor átrúnaðargoðsins. Spurður hvort hann skjóti Agöthu ekki ref fyrir rass með nýju bókinni er fátt um svör. „Það verða aðrir að dæma um það. Hún er drottningin og það er erfitt að bera sig saman við hana. Hún er mikill snillingur.“

Þrátt fyrir að lifa og hrærast í heimi lögfræðinnar þar sem mörg spennandi mál rekur á fjörur hans segist Ragnar hafa lítinn áhuga á að skrifa spennusögur í anda bandaríska metsöluhöfundarins og lögfræðingsins Johns Grisham. „Maður reynir að skrifa um allt annað en vinnuna til að fá meiri tilbreytingu. Maður lítur helst á þessa bresku og íslensku glæpasagnahöfunda sem fyrirmyndir.“

Fölsk nóta fjallar um Ara Þór Arason sem fær himinháan greiðslukortareikning frá enskum banka sem virðist hafa átt að berast föður hans og alnafna sem hvarf með dularfullum hætti. Ragnar fékk hugmyndina að bókinni þegar hann var staddur í flugvél fyrir þremur árum. „Ég gaf mér ekki mikinn tíma í þetta fyrr en um jólin 2007. Þá hvatti konan mín mig til að halda áfram og drífa í þessu,“ segir Ragnar.



NÝR GLÆPASAGNAHÖFUNDUR Ragnar Jónasson hefur gefið út sína fyrstu skáldsögu en hann hefur verið ötull þýðandi glæpasagna Agöthu Christie. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hann segir að áhuginn á glæpasögum Agöthu Christie hafi kviknað þegar hann var tólf ára. „Ég fór að þýða smásögur eftir hana á unglingsárunum og nokkrar birtust í Vikunni. Svo fékk ég þá flugu í höfuðið hvort ég gæti ekki þýtt eina bók eða svo. Ég spurði hvort það vantaði þýðanda og þau hringdu í mig nokkrum mánuðum síðar og gáfu mér tækifæri.“

Ragnar segir mikinn mun á því að þýða og skrifa sína eigin sögu. „Þegar maður er að þýða er þægilegt að vera með handritið fyrir framan sig en í hinu er maður með autt blað og það getur reynt svolítið á.“ Þrátt fyrir að vilja ekki líkja sér við Agöthu er eitt líkt með vinnubrögðum þeirra tveggja: „Ég reyni að hafa óvæntan endi. Við eigum það sameiginlegt. Ég reyni að leiða lesendur á villigötur þangað til í seinasta kaflanum. Þá kemur hið sanna í ljós.“ freyr@frettabladid.is

FÓLK Í FRÉTTUM

Haffi Haff sneri heim frá Argentínu í gær eftir að hafa tekið þátt í sjónvarpsþættinum Wipe Out. Haffi nýtti ferðina í meira en að stökkva um í blautri brautinni og sást þræða verslunargötur höfuðborgarinnar Búenos Aíres ásamt HARA-systurinni Hildi Magnúsdóttur. Eftir fjársjóðsferðir sínar komu þau klyfjuð af pokum, sem voru að mestu leyti úr verslunum með notað og nýtt.

Hljómsveitin Mammút með **Katrínu Mogensen** í broddi fylkingar gerði góða á ferð til Selfoss á dögunum. Hljómsveitin kom fram á kvöldvöku í Fjölbrautaskóla Suðurlands og var svo óvænt fengin til að keppa við kennara skólans í Popppunkti. Mammút-liðar gerðu sér lítið fyrir og sigruðu kennarana, sem hafa hingað til ekki verið þekktir fyrir vankunnáttu.

Innsendu lögin í Eurovision í ár eru 150 talsins, eða mun færri en í fyrra. Þetta kemur fólki hjá RÚV nokkuð á óvart því fyrirfram var búist við að gott gengi Óskars Páls og **Jóhönnu Guðrúnar** myndi æsa íslenska lagahöfunda til þátttöku. Ef talan er borin saman við fimm milljóna þjóðina Danmörku sem fékk 562 innsend lög, er þetta þó mjög góð þátttaka. Dómnefnd velur nú bestu lögin úr hrúgunni og kemur í undankeppnina sem hefst 9. janúar. Stóra kvöldið verður svo 6. febrúar. - afb, drg

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆSILEGASTA
FISKBORÐIÐ Í BÆNUM
Humarsúpa, fiskréttir, reyktur og grafin lax
humar, rishörpuskel, túnfiskur og rækjur.
Yfirmenn eldhúsa og mötuneyta ATH!
kynnið ykkur mötuneytisþjónustu HAFBERGS,
ÞAÐ MARG BORGAR SIG. Kynntu þér málið í
sima 820-3413 Geir og 588-8686 Svala
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

„Essassú?“ var hundamál

Orðskrípið „essassú?“ hefur sleglið í gegn í auglýsingum Vodafone undanfarnar vikur. Þar talar Pétur Jóhann fyrir krúttlegan frosk sem spyr margvíslegra spurninga og endar iðulega á „essassú?“

Uppruni orðskrípisins var óljós þar til fram kom á fréttavefnum Pressan.is að Pétur Jóhann og Sigrún Halldórsdóttir, sambýliskona hans, hefðu notað það í samskiptum sín á milli. Sigrún útskýrir hlæjandi að „essassú?“ sé ekki notað þegar þau tali hvort við annað. „Við eigum hund og tölum oft svona við hann,“ segir hún.

„Essassú?“ hefur náð gríðarlegri útbreiðslu á skömmum tíma og virðist ætla að slá við „Já, fínt. Já, sæll“ sem Pétur gerði einnig frægt í Næturvaktinni á sínum tíma. Tískufyrirbæri missa oft sjarmann þegar vinsældirnar ná hápunkti og Sigrún kannast við að heimilishundurinn fái ekki að heyra orðskrípið jafn oft og áður.

ESSASSÚ? Pétur Jóhann og Sigrún sambýliskona hans vissu ekki að tískufyrirbæri væri í fæðingu þegar þau sögðu fyrst „essassú?“ við hundinn sinn.

„Við erum ekki mikið að segja „essassú“ í dag,“ segir hún. „Við þurfum að finna eitthvað nýtt og láta það slá í gegn.“ - afb

Skelltu þér í leikhús

Áskriftarkortasala í fullum gangi

Áskriftarkort Borgarleikhússins:

4 sýningar að eigin vali á aðeins **8.900 kr.**

Vertu með öruggt sæti í allan vetur.

Sama verð og í fyrra!

Ungmenna-kort aðeins 4.450 kr.

Miðasala:
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3

Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Bananar og tár

Flestir muna víst hvar þeir voru þegar Geir Haarde flutti Guðsblessunarávarpið í fyrra. Ég sat í hægindastól fyrir framan sjónvarpið heima hjá mér, komin fjörutíu vikur á leið, og fór eðlilega að háskæla yfir því hvers konar Ísland það væri sem myndi taka á móti barninu mínu.

AÐALÁHYGGJUEFNIÐ var auðvitað framtíð dætra minna, bæði fæddrar og ófæddrar. Yrði einhver heilsugæsla? Menntun? Yrði hægt að kaupa á þær almennilega kuldaskó og gefa þeim hollan mat að borða? Þetta og fjölmargt annað leitaði á hugann. En mestar áhyggjur hafði ég samt af því að ekki yrðu til bananar.

EINS og þeir vita sem eiga ung börn eru bananar algjör undirstöðufæðutegund. Þegar þetta gerðist borðaði tveggja ára dóttir mín minnst tvo banana á dag og ég vissi sem er að frá sex mánaða aldri eru bananar afar góð og æskileg fæða. Þeir eru hins vegar innfluttir um langan veg og þar sem ég sat í stólnum með kúluna út í loftið og tárin lekandi niður kinnarnar sá ég fyrir mér að viðskiptaþvinganir, einangrun og fátækt myndu koma í veg fyrir allan innflutning á þessari ofurfæðu allra barna.

Á SVO til sama tíma sat maður á skrifstofunni sinni og starði niður í gólfið. Í fjórar klukkustundir gerði hann ekkert annað en að halda aftur af tárunum eftir að hafa verið sakleysislega önnum kafinn í mörg ár við að skipuleggja og fara í laxveiðiferðir, halda rándýrar risaveislur fyrir frægt og ríkt fólk og syngja sæll en illa um Dalílu í kátum hópi milljarðamæringa heimsins um borð í risasnekkju á Miðjarðarhafinu.

VIÐ sátum bæði og grétum, ég og bankastjóri Kaupthing Singer & Friedlander í London, þegar fjármálakerfið okkar hrundi. Ég grét framtíð barnanna minna eftir að við fjölskyldan vorum svipt æru og auði af Samson án þess að hafa nokkurn tíma einu sinni hummað lagið um Dalílu. Hann grét snilli sína, auð og vald. Hann syrgði fallið heimsveldi, ég ávöxt.

ÁRI síðar er enn hægt að fá banana á Íslandi. Ég er á fullu í uppeldinu og bankastjórinn er búinn að skrifa bók.

3 dagar eftir

lagerútsala!

stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.

ekki missa af þessu!!
Bak við Holtagarða!!

lagerútsalan hefst í dag
30-70% afsláttur
fim - fös frá kl. 11 - 18
lau - sun frá kl. 11 - 16

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Betra BAK

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 9. október 2009, 282. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.00	13.15	18.28
Akureyri	7.48	13.00	18.09

Heimild: Almanak Háskólans